FRÉTTABLAÐIÐ

3. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 4. JANÚAR 2020

Með guði á Grimmafjalli

Ég veit að það er mín fyrsta skylda að koma lifandi heim.

John Snorri Sigurjónsson ætlar sér að klífa K2,hættulegasta og mannskæðasta fjall heims, í vetur. Hann ræðir um förina fram undan, lífið, dauðann, trúna og fjölskylduna. ➔ 22



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Í Textílmiðstöð Íslands

Heimur Vatnsdælu mótast í myndum. ➔ 26



Árið fram undan

Ár rottunnar gengur í garð. ➔ 24



Hugvekja

Hálendið er hjarta Íslands, segir Tómas Guðbjartsson læknir. ➔ 20

HÚSGAGNA HÖLLIN


Reykjavík
Akureyri
Ísafjörður
S: 558 1100
www.husgagnahollin.is

RISA ÚTSALA

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

Allt að 60% afsláttur

Veður



Gengur í suðaustan 18-25 með snjókomu og síðar slyddu eða rigningu. Snýst í suðvestan 10-18 seinnipartinn með skúrum eða slydduéljum sunnan- og vestanlands. Hlýnandi veður, hiti 2 til 7 stig undir kvöld. SJÁ SÍÐU 42

Afmælisbarnið innblástur til mótmæla



Hópur ungs fólks á ýmsum aldri efndi til loftslagsmótmæla á Austurvelli í Reykjavík í gær, líkt og vikulega um nokkurra mánaða skeið. Hópurinn mótmælir aðgerðaleysi stjórnvalda og stórfyrirtækja vegna yfirvofandi loftslagsvár. Einnig var sunginn afmælissöngur fyrir sænska aðgerðasinnann Gretu Thunberg, sem varð 17 ára í gær. Að sögn hefur Greta verið hópnum innblástur í mótmælaaðgerðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Segja loðnuveiði ekki líklega

SJÁVARÚTVEGUR Enn hefur loðnuleit ekki hafist. Í tilkynningu frá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi segir að stjórnvöld hafi ekki yfir fullnægjandi skipakosti að ráða og að þau hyggist ekki nýta sér aðra kosti sem standi þó til boða. Vísað er til þess að semja megi við aðila til að annast hluta leitarinnar. Því þyki að óbreyttu engar líkur á loðnuveiðum í vetur.

Þá segir í tilkynningunni svo komið að stjórnvöld hafi aðeins til umráða eitt hafrannsóknaskip, Árna Friðriksson. Sé mið tekið af þeim kröfum sem gildandi aflaregla geri til loðnuleitar, dugi það skip ekki til þess að ná heildstæðri mælingu, þannig að líkur séu á að loðnukvóti verði gefinn út. Nauðsynlegt sé að hafa fleiri skip við mælingu á loðnu. **– þþ**

Yfir hundrað hross fórust á Norðurlandi

SAMFÉLAG Ríflega hundrað hross fórust á Norðurlandi vestra í óveðrinu sem gekk yfir landið í desember. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Matvælastofnun. Ætla megi að um 20 þúsund hross hafi verið á útigangi á landsvæðinu sem þýðir að afföllin voru um hálft prósent.

Alls fórust hross á 46 bæjum en 29 þeirra eru í Austur-Húnavatnssýslu, níu í Vestur-Húnavatnssýslu og átta í Skagafirði. Oftast var um eitt til fjögur hross að ræða á hverjum bæ.

„Dreifingin endurspeglar að afföllin verða ekki rakin til óviðunandi aðbúnaðar eða undirbúnings á einstaka bæjum en ljóst má vera að veðrið kom mishart niður á svæðum innan landshlutans," segir í tilkynningu Matvælastofnunar. **– sar**

Hvetja fólk til að fresta ferðalögum

VEÐUR Spáð er vonsku veðri um allt land í dag, laugardag. Appelsínugul viðvörun er í gildi á Suðurlandi, Faxaflóa og Miðhálendi en gul viðvörun á öðrum stöðum.

Búist er við suðaustan stormi með úrkomu á öllu landinu og að vinndhviðurnar fari upp í 18-25 metra á sekúndu á Suðurlandi sem og öðrum stöðum þar sem appelsínugul viðvörun gildir. Búast má við lélegu skyggni og slæmum akstursskilyrðum. Búast má við mjög hvössum og varhugaverðum vindhviðum við fjöll einkum undir Eyjafjöllum. Þá er fólk hvatt til þess að sýna varkárni og fresta ferðalögum á meðan viðvaranir eru í gildi.

Síðdegis mun síðan hlána og mælir Veðurstofa með því fólk athugi með niðurföll í nærumhverfi sínu svo vatni eigi greiða undankomu leið. -bþ

Kröfulýsing - Farvel ehf.

Ferðaskrifstofuleyfi Farvel ehf., kt. 470815-0510, Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík, hefur verið fellt úr gildi þar sem fyrirtækið uppfyllir ekki skilyrði laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018.

Starfsemi ferðaskrifstofunnar var tryggingaskyld vegna sölu pakkaferðar og samtengdrar ferðatilhögunar samkvæmt VII. kafla laga nr. 95/2018 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun.

Samkvæmt 25. gr. er tryggingunni ætlað að endurgreiða fé sem viðskiptavinur hefur greitt vegna pakkaferðar eða samtengdrar ferðatilhögunar.

Með vísan til 27. gr. er hér með skorað á þá viðskiptavini fyrirtækisins, sem telja sig eiga kröfu á hendur því, sbr. ofangreint, að leggja fram skriflegar kröfulýsingar í tryggingarféð. Kröfulýsingarfrestur er til 8. mars 2020.

Kröfulýsingu skal senda inn í rafrænt í gegnum þjónustugátt á vefsíðu Ferðamálastofu, en þar er að finna form til að skrá kröfulýsingu. Með kröfulýsingu skulu fylgja fullnægjandi gögn til sönnunar um kröfuna, svo sem kvittanir fyrir greiðslu eða millifærslu.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 535 5500, á netspjalli stofnunarinnar eða á netfanginu mail@ferdamalastofa.is.

F. h. Ferðamálastofu,
Nanna Björnsdóttir, lögfræðingur

Andris nýbúinn að fá sér bíl og elskar Ísland

Lára Dan Daníelsdóttir, vinnuveitandi Andris Kalvans, segir hann duglegan og elskulegan. Honum finnist Ísland æði og sé nýbúinn að kaupa sér bíl. Synir Andris í Lettlandi hafi ekki frétt af hvarfi hans fyrr en að morgni 2. janúar.

LÖGREGLUMÁL „Andris er elskulegur og duglegur og hans er mikið saknað," segir Lára Dan Daníelsdóttir, eigandi vélsmiðjunnar Kofra í Hafnarfirði og vinnuveitandi Lettans Andris Kalvans, sem leitað er á Snæfellsnesi.

Andris hefur verið leitað með hléum frá 30. desember eftir að bíll hans fannst mannlaus á Heydalsvegi á Snæfellsnesi. Fjallgöngubúnaður var í bílnum að því er fram kom í gær á frettabladid.is. Í gær voru um 150 manns á leitarsvæðinu og stóð til að leita fram í myrkur.

Lára segir Andris hafa starfað hjá Kofra í bráðum tvö ár. „Andris kom frá Danmörku í gegn um vinnumiðlunina Elju en við losuðum hann undan samningi hjá þeim og réðum hann svo til okkar," segir hún. Hann starfi sem stálsmiður og suðumaður hjá Kofra sem sé fyrst og fremst í ýmiss konar nýsmíði.

„Hann var göngugarpur mikill og honum fannst Ísland alveg æði og hann alveg elskaði vindinn. Því meira rok því betra," segir Lára um áhuga Andris á útiveru.

Lára segir Andris áður hafa farið á Snæfellsnes. „Honum fannst Snæfellsnesið mjög fallegt og fannst gaman að fara þarna." Andris hafi haft öryggi í fyrirrúmi og bara farið í dagsbirtu. „Andris tók aldrei óþarfa sénsa. Ef það var göngustígur þá fór hann ekki út fyrir hann bara af því að það væri meira spennandi."

Að sögn Láru fór Andris í göngutúra flestallar helgar.

„Hann átti ekki bíl en er nýbúinn að kaupa bíl, Suzuki Vitara jeppling, sem hann fékk í lok nóvember. Hann var afar ánægður yfir að fá bílinn, þá var hann frjáls ferða sinna."

Andris býr einn hér á Íslandi. Að sögn Láru hefur hann verið virkur í félagslífi. „Hann er í áhugamannaleikfélagi ásamt öðru fólki frá Lettlandi," nefnir hún sem dæmi.

„Ég ítreka að þetta er ekki maður í sjálfsmorðshugleiðingum. Þetta er afskaplega vel liðinn drengur og góður strákur. En hann átti erfitt þegar hann var ungur. Pabbi hans var tekinn af lífi og mamma hans send til Síberíu í kalda stríðinu."

Lára kveðst vera í sambandi við annan af tveimur sonum Andris í ættlandi hans. Þeir eru báðir um þrítugt og búsettir í Ríga, höfuðborg Lettlands.

„Ég lét ræðisskrifstofu Íslands í Lettlandi vita strax en fréttirnar bárust ekki fyrr en daginn eftir nýársdag," segir Lára sem kveður þessa töf á upplýsingagjöfinni ytra hafa orðið vegna áramótanna. Þannig hafi synirnir ekki frétt af hvarfi föður síns fyrr en klukkan fimm að morgni 2. janúar og vitanlega orðið fyrir áfalli.

„Ég á von á því," svarar Lára spurð hvort synirnir hyggist koma til Íslands. **gar@frettabladid.is**



„Ég vil finna hann og koma honum heim til fjölskyldu sinnar. Þó hann hafi verið einn hér þá á hann tvo drengi heima," segir í Facabook-ákalli Láru.

Pabbi hans var tekinn af lífi og mamma hans send til Síberíu.



Lára Dan Daníelsdóttir, eigandi vélsmiðjunnar Kofra

íslenska

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

STÓRSÝNING

í dag kl. 12–16 hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi.

Við byrjum árið með því að sýna glæsilegan Toyota C-HR sem leiðir stjörnuflota Toyota til nýrra tíma. Einnig kynnum við Toyota tryggingar, magnaða viðbót við þjónustu okkar og kveikjum óslökkvandi ferðahug með úrvali aukahlutapakka með Land Cruiser og Hilux.
Sjá nánar á toyota.is



LAND CRUISER PAKKAR

L1 33" breyting með Goodyear dekkjum og dráttarbeisli.
TILBOÐSVERÐ 390.000 kr. Fullt verð 717.000 kr.

L2 Dráttarbeisli, Goodyear dekk, gluggavindhlífar og krómstútur á púst.
TILBOÐSVERÐ 255.000 kr. Fullt verð frá 419.000 kr.

L3 Protect lakkvörn, hlíf á afturstuðara og húddhlíf.
TILBOÐSVERÐ 99.000 kr. Fullt verð 178.000 kr.

HILUX PAKKAR

H1 33" breyting með Goodyear dekkjum og dráttarbeisli.
TILBOÐSVERÐ 420.000 kr. Fullt verð 783.000 kr.

H2 Dráttarbeisli, Goodyear dekk, gluggavindhlífar og krómstútur á púst.
TILBOÐSVERÐ 290.000 kr. Fullt verð frá 497.000 kr.

H3 Protect lakkvörn, brettakantar og húddhlíf.
TILBOÐSVERÐ 120.000 kr. Fullt verð 201.000 kr.

TOYOTA TRYGGINGAR
VÁTRYGGT AF TM

Með Toyota tryggingum færð þú afnot af bílaleigubíl allan viðgerðartímann ef þú lendir í tjóni. Séð er til þess að þú fáir aðeins viðurkennda varahluti frá Toyota og að viðgerð lokinni skilum við þér bílnum tandurhreinum að utan.* **Sjá nánar á toyotatryggingar.is**

3+4 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · SPORLAUS

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

HYBRID

*Á einungis við ef viðgerð fer fram í gegnum viðurkenndan þjónustuaðila Toyota á Íslandi og ef um kaskótjón er að ræða.
Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

TÖLUR VIKUNNAR 29.12.2019 TIL 04.01.2019

134
fyrirtæki voru komin með jafnlaunavottun um áramót.

381
heimili eyðilagðist í skógareldum í Nýja Suður-Wales í vikunni.

21
sinni meira svifryk mældist um áramótin í fyrra en í ár.

10
voru vistaðir á lögreglustöðinni á höfuðborgarsvæðinu um áramótin.

14
voru sæmdir riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu í vikunni.

Þrjú í fréttum

Forsetinn, Hæstiréttur og fjallganga

Guðni Th. Jóhannesson
forseti Íslands



sagði í nýársávarpi sínu í Ríkissjónvarpinu að hann myndi bjóða sig fram til endurkjörs í næstu forsetakosningum sem fara fram í ár.

Ingveldur Einarsdóttir
dómari við Landsrétt



fékk í vikunni afhent skipunarbréf í embætti hæstaréttardómara. Skipunarbréfið var afhent eftir að forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, féllst á tillögu Áslaugar Örnu Sigurbjörnsdóttur dómsmálaráðherra um skipan Ingveldar í embættið.

John Snorri Sigurjónsson
fjallgöngumaður



ætlar að klífa fjallið K2, sem er næsthæst í heimi og einstaklega mannskætt og ætlar John Snorri að verða fyrstur manna til að klífa það að vetri til.

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning Það kostar ekkert.

Lögreglan hefur áhyggjur af því að fátækrahverfi verði til

Embætti ríkislögreglustjóra hefur áhyggjur af því að fátækrahverfi myndist á Íslandi samkvæmt nýrri skýrslu. Vísað er til aðlögunar innflytjenda á hinum Norðurlöndunum sem hafi víða ekki verið í samræmi við vonir stjórnvalda. Hlutfall innflytjenda er hæst á Kjalarnesi, Vesturbænum og á Suðurnesjum.

LÖGGÆSLA Embætti ríkislögreglustjóra hefur áhyggjur af því að fátækrahverfi verði til á Íslandi samkvæmt nýrri skýrslu um umhverfi löggæslu á Íslandi næstu fimm árin. Er í skýrslunni vísað til braggahverfanna svokölluðu á eftirstríðsárunum, Pólana við Laufásveg sem reistir voru eftir fyrri heimsstyrjöld og Höfðaborgina við Höfða. Þessi hverfi, sem reist voru vegna húsnæðiseklu, hafi staðið lengi sem sé til marks um hversu erfitt geti reynst að vinda ofan af þeim vanda sem ónóg félagsleg blöndun skapi.

Vísað er til aðlögunar innflytjenda á hinum Norðurlöndunum sem hafi víða ekki verið í samræmi við væntingar stjórnvalda. Stórir hlutar hverfa séu byggðir innflytjendum frá ákveðnum svæðum heimsins. „Í þeim tilvikum myndast einsleit nærsamfélög að mestu byggð jaðarsettum þjóðfélagshópum," segir í skýrslunni. Þessir hópar eigi á hættu að einangrast, meðal annars vegna félagslegrar stöðu og tungumáls, og löggæslan á hverjum stað hafi ekki nægileg sambönd eða aðgang að þeim. Lögreglan hefur áhyggjur af myndun gengja og glæpahópa sem skapi álag fyrir löggæsluna.

Lögreglan óttast að þegar sé hlutfall innflytjenda orðið hátt í ýmsum sveitarfélögum og hverfum borgarinnar. Samkvæmt tölum frá Hagstofunni er hlutfallið í Reykjavík hæst á Kjalarnesi (75 prósent), þá í Efra-Breiðholti (35) og í Bökkunum (29). Þar á eftir koma rótgrónari hverfi í vesturhluta borgarinnar eins og Austurbærinn (28), gamli Vesturbærinn (27), Norðurmýrin (23) og Háaleitið (23). Hlutfall innflytjenda er hátt á Suðurnesjum, svo sem í Reykjanesbæ (28), Suðurnesjabæ (25), Vogum (24) og Grindavík (21). Einnig í sveitarfélögum annars staðar á landsbyggðinni, til dæmis Rangárþingi eystra (24), Hornafirði (22), Ölfusi (21), Ísafirði (19) og Fjarðabyggð (17).



Lögreglan á erfiðara með að ná til íbúa í erfiðri félagslegri stöðu sem tala ekki íslensku. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

» Á síðasta áratug hefur fjöldi lögreglumanna á hverja þúsund einstaklinga lækkað úr 0,9 niður í 0,2.

Gert er ráð fyrir að Íslendingum fjölgi um tæplega 80 þúsund á næstu hálfu öld, að mestu leyti vegna fólksflutninga. Fjöldi lögreglumanna stendur hins vegar í stað og menntuðum lögreglumönnum hefur fækkað undanfarin ár. Núverandi þörf séu 860 lögreglumenn að lágmarki en alls eru 645 starfandi í dag. Við þetta bætist ferðamannasprengjan sem eykur enn á álag lögreglunnar. Á síðasta áratug hefur fjöldi lögreglumanna á hverja þúsund einstaklinga staðsetta á landinu hverju sinni lækkað úr 0,9 niður í 0,2.

Í skýrslunni eru einnig settar upp nokkrar sviðsmyndir fyrir árið 2035, hvernig aðstæður gætu orðið miðað við styrk lögreglunnar og afstöðu almennings. Í flestum sviðsmyndunum eru „viðkvæmu svæðin", það er hverfi og sveitarfélög þar sem hlutfall innflytjenda er hátt, vandamál. Hverfaskipting verði áberandi, gengjamyndun hefjist og löggæsla verði erfið. Í einni sviðsmyndinni, þar sem áhersla á löggæslu er þung og afstaða almennings jákvæð, er gert ráð fyrir að 100 lögreglumenn af erlendu bergi brotnir hafi tekið til starfa, flestir pólskir, og starfi að mestu leyti í hverfum þar sem innflytjendur eru fjölmennastir. **kristinnhaukur@frettabladid.is**



ÚTSALAN ER BYRJUÐ!

SPARIÐ ALLT AÐ 70%

G TILBOÐ - **ÚTSALA** - ÓTRÚLEG TILBOÐ - **ÚTSALA** - ÓTRÚLEG TILBOÐ - **ÚTSALA** - ÓTRÚLEG TILBOÐ - **ÚTSALA** -



Allar sængur og koddar

25-50%

afsláttur



Allir plastkassar

20-30%

afsláttur

G TILBOÐ - **ÚTSALA** - ÓTRÚLEG TILBOÐ - **ÚTSALA** - ÓTRÚLEG TILBOÐ - **ÚTSALA** - ÓTRÚLEG TILBOÐ - **ÚTSALA** -

90x200 cm ~~**69.950**~~ nú **34.950**
120x200 cm ~~**89.950**~~ nú **44.950**
140x200 cm ~~**99.950**~~ nú **59.950**

Allt að

50%

afsláttur





Allar vegghillur

20-30%

afsláttur



NÚ VERÐ FRÁ:

34.950

Dream Catcher

DREAM CATCHER DÝNA
Góð miðlungsstíf dýna með 280 pokagormum pr. m². Botn og fætur fylgja með. Áföst yfirdýna.
Vnr. 8880002090

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

GILDIR ÚT 07.01.20

Þróunarsjóður námsgagna

Umsóknarfrestur til **4. febrúar**

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Þróunarsjóði námsgagna. Námsefnið þarf að henta til kennslu á þremur fyrstu skólastigunum. Námsefni fyrir háskólastig og fullorðinsfræðslu er ekki styrkt.

Forgangsatriði sjóðsins fyrir árið 2020 eru þrjú:

1. Námsgögn er styðja við aðlögun og íslenskunám innflytjenda.
2. Námsgögn sem miða að markvissri eflingu orðaforða og hugtakaskilnings í ýmsum námsgreinum. Sérstaklega er horft til íslensku, náttúru- og stærðfræði. Námsgögnin þurfa að höfða til áhugahvatar hópa sem standa höllum fæti.
3. Námsefni sem styður við félagsfærni nemenda með áherslu á þátttöku í samfélagi, sjálfsmynd og líðan.

Umsóknarfrestur er til 4. febrúar 2020, kl. 16:00.

Stefna sjóðsins er að námsefnið sem styrkt er verði gefið út með rafrænum hætti og gert aðgengilegt á netinu, þegar við á. **Hægt verður að sækja um almennan þróunarstyrk fyrir allt að 2,0 milljónir króna, en einnig hægt að sækja um þróunar- og útgáfustyrk fyrir allt að 4,0 milljónir króna**. Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að veita að hámarki tveimur umsóknum þennan hámarksstyrk, að skilyrðum settum.

Upplýsingar um sjóðinn og umsóknargögn er að finna á www.rannis.is.
Umsóknum skal skilað á rafrænu formi.

Nánari upplýsingar veitir
Skúli Leifsson, sími 515 5843,
skuli.leifsson@rannis.is

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



SAFNIÐ

Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is



Enn er ósamið hjá stærstum hluta opinbera markaðarins. Samningar losnuðu í lok mars. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Beðið eftir niðurstöðu vaktavinnuhópsins

Kjaraviðræður á opinbera vinnumarkaðnum fara aftur af stað í næstu viku eftir jólahlé. Samningar hafa nú verið lausir í rúma níu mánuði og mikillar óþolinmæði er farið að gæta hjá mörgum félagsmönnum stéttarfélaganna.

KJARAMÁL Fundað verður í málum sem hefur verið vísað til ríkissáttasemjara en það eru meðal annars mál BSRB við ríki, sveitarfélög og borgina.

Þá eiga fimmtán aðildarfélög BHM enn ósamið auk fjölmennra stétta á borð við hjúkrunarfræðinga og kennara. Um níu þúsund félagsmenn innan Starfsgreinasambandsins (SGS) starfa hjá hinu opinbera og eru með lausa samninga. Þar hefur máli Eflingar og Reykjavíkurborgar annars vegar og máli SGS og Sambands sveitarfélaga verið vísað til sáttasemjara.

Hjá mörgum þessara hópa skipta niðurstöður vinnuhóps sem fjallar um málefni vaktavinnufólks miklu máli um framhaldið.

„Þessi seinagangur í viðræðunum er með öllu óþolandi og óviðunandi. Við höfum verið mjög óánægð með hvað vinnan í þessum vaktavinnuhópi hefur gengið hægt. Okkur finnst að hún eigi að ganga fyrir hjá öllum sem í honum eru enda hanga kjaraviðræður þessara stóru hópa á því að það náist einhver niðurstaða í þau mál," segir Flosi Eiríksson, framkvæmdastjóri SGS.

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, tekur undir mikilvægi þess að fá niðurstöður í þá vinnu.

> **Það hvílir margt á þessari vinnu vaktavinnuhópsins en það er ekki mikill tími til stefnu til að fá eitthvað út úr því. Ég sit enn þá með krosslagða fingur eitthvað fram í janúar.**
>
> Guðbjörg Pálsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

„Við höfum horft til þess að ef fólk virkilega tekur sér þann tíma sem þarf og forgangsraðar í þetta verkefni þá ætti þetta ekki að taka langan tíma. Það er meginkrafan núna að okkar viðsemjendur verji tímanum sem þarf til núna og taki raunverulega þetta verkefni bara fyrir," segir Sonja.

Þá segir Sonja taktinn í viðræðunum hafa verið allt of hægan og of langt liðið milli funda.

„Þolinmæðin er auðvitað alveg á þrotum og við finnum það að okkar félagsmenn vilja sjá niðurstöðu sem fyrst. Þannig að í næstu viku munum við taka samtalið lengra inn í baklandið um hver næstu skref eiga að vera. Fá þá afdráttarlaust svar um það hvort við förum ekki að undirbúa aðgerðir fljótlega því þetta gengur ekki svona."

Flosi segir að aðildarfélög SGS um allt land fari að skoða aðgerðir ef ekki sjáist komast skriður á viðræðurnar á næstu tiltölulega fáu dögum og vikum.

Málefni vaktavinnuhópsins skipta hjúkrunarfræðinga líka miklu máli enda eru þeir stærsta vaktavinnustétt landsins. Guðbjörg Pálsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, segir að um tveir þriðju félagsmanna séu í vaktavinnu.

„Það hvílir margt á þessari vinnu vaktavinnuhópsins en það er ekki mikill tími til stefnu til að fá eitthvað út úr því. Ég sit enn þá með krosslagða fingur eitthvað fram í janúar," segir Guðbjörg.

Hún segir sitt fólk orðið mjög óþreyjufullt en að staðan sé metin eftir hvern samningafund og fund í vaktavinnuhópnum. „Á meðan samtalið er í gangi er auðvitað eitthvað í spilunum en þetta er orðinn ansi langur tími."

sighvatur@frettabladid.is

Rannveig sækir um ríkissáttasemjara

STJÓRNSÝSLA Félagsmálaráðuneytið hefur birt á vef sínum nöfn þeirra einstaklinga sem sóttu um embætti ríkissáttasemjara. Starfið var auglýst þann 5. desember síðastliðinn og var umsóknarfrestur til og með 20. desember.

Alls sóttu sex einstaklingar um starfið. Meðal annars fyrrverandi framkvæmdastjóri ASÍ og núverandi aðstoðarseðlabankastjóri.

Þeir sem sóttu um voru Aðalsteinn Leifsson framkvæmdastjóri, Gylfi Arnbjörnsson hagfræðingur, Herdís Hallmarsdóttir lögmaður, Lara de Stefano þjónn, Ólafur Þorsteinn Kjartansson ráðgjafi og Rannveig S. Sigurðardóttir, hagfræðingur og aðstoðarseðlabankastjóri.



Rannveig S. Sigurðardóttir.

Athygli vekur að hugur Rannveigar leiti úr Seðlabankanum en hún á um þrjú ár eftir af skipunartíma sínum þar.

Umsóknirnar verða nú metnar af sérstakri ráðgefandi hæfnisnefnd sem félags- og barnamálaráðherra mun skipa. Drífa Snædal, forseti ASÍ, og Eyjólfur Árni Rafnsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, hafa verið tilnefnd til setu í nefndinni. Auk þess hefur ráðherra skipað Gissur Pétursson ráðuneytisstjóra sem formann nefndarinnar. Bjarnheiður Gautadóttir, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, mun starfa með nefndinni.

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, mun skipa í embættið til fimm ára þegar hann hefur fengið tillögur nefndarinnar í hendur. – **þþ**

Lager hreinsun!

SÝNING Í DAG

FRÁ 12–16

Við rýmum fyrir nýrri árgerð og bjóðum úrval bíla á tilboði í janúar. Líttu við og skelltu þér í reynsluakstur eða finndu draumabílinn í vefsýningarsal okkar á bl.is



NISSAN LEAF
Tilboð: 4.490.000 kr.
~~4.890.000 kr.~~
100% RAFBÍLL



SUBARU FORESTER
Tilboð: 5.490.000 kr.
~~5.990.000 kr.~~
4X4 FJÓRHJÓLA DRIFINN



BMW X5 Dísil
Tilboð: 12.590.000 kr.
~~14.320.000 kr.~~
4X4 FJÓRHJÓLA DRIFINN



NISSAN QASHQAI
Tilboð: 4.990.000 kr.
~~5.340.000 kr.~~
4X4 FJÓRHJÓLA DRIFINN



RENAULT KOLEOS
Tilboð: 6.190.000 kr.
~~6.790.000 kr.~~
4X4 FJÓRHJÓLA DRIFINN



MINI COOPER
Tilboð: 3.590.000 kr.
~~4.245.000 kr.~~



SUBARU XV
Tilboð: 4.990.000 kr.
~~5.490.000 kr.~~
4X4 FJÓRHJÓLA DRIFINN



NISSAN MICRA
Tilboð: 2.540.000 kr.
~~2.840.000 kr.~~

ENNEMM / SÍA / NM97481

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Ein króna verður að átta krónum

Niðurstöður nýrrar rannsóknar Magnúsar Ólasonar læknis sýna fram á mikinn hagfræðilegan ávinning þverfaglegrar verkjameðferðar á Reykjalundi. Fyrir hverja krónu sem sett er í meðferðina fáist átta krónur út í samfélagið. Langur biðlisti er í meðferðina.

HEILBRIGÐISMÁL Ný rannsókn á heilsuhagfræðilegum áhrifum af þverfaglegri verkjameðferð á Reykjalundi sýnir fram á að fyrir hverja krónu sem sett er í meðferðina fáist átta krónur til baka. Rannsóknin stóð yfir frá árinu 2003 til ársins 2011 og voru niðurstöður hennar birtar í nýjasta tölublaði Læknablaðsins.

„Þessi aðferðafræði hefur verið notuð varðandi endurhæfingu verkjasjúklinga á Reykjalundi síðustu áratugi," segir Magnús Ólason, fyrrverandi framkvæmdastjóri lækninga á Reykjalundi og forsvarsmaður rannsóknarinnar. Gagnaöflun stóð yfir í um fjögur og hálft ár og voru þátttakendur endurmetnir í þrjú ár þar á eftir.

„Meðferðin snýr að því að losa fólk við sterk verkjalyf og styrkja það til að hafa jákvæð viðhorf gagnvart verkjunum því yfirleitt er það ekki raunsætt að ætla að losa fólk við verki sem hafa varað lengi. Því er mikilvægt að kenna fólki að lifa sem bestu lífi með verkjunum, þar með talið að koma sem flestum út á vinnumarkað," bætir hann við.

Magnús segir niðurstöður rannsóknarinnar sýna fram á virkni endurhæfingarmeðferðarinnar sem veitt er á Reykjalundi og að mikilvægt sé að styrkja meðferð af þessu tagi því hún skili sér margfalt út í samfélagið. „Við upphaf rannsóknarinnar var vinnugeta hópsins um 30 prósent en í þriggja ára eftirlitinu var hún komin upp í 64 prósent," segir hann.




Um tvö hundruð manns eru meðhöndlaðir í þverfaglegri verkjameðferð á Reykjalundi árlega. Samkvæmt Magnúsi Ólasyni lækni eru að jafnaði tvö til þrjú hundruð manns á biðlista eftir meðferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Heilsuhagfræðilegi ávinningurinn er annars vegar sá að koma fólki út á vinnumarkaðinn og hins vegar að draga úr notkun á heilbrigðisþjónustu sem er ekki að skila sér í meðferð sjúklinganna," segir Magnús. „Það gerum við með því að draga úr lyfjaneyslu, fá fólk til þess að hreyfa sig og svo notumst við við hugræna atferlismeðferð," bætir hann við.

„Héðinn Jónsson sjúkraþjálfari og annar höfundur greinarinnar gerði heilsuhagfræðilegu útreikningana og niðurstöðurnar eru ekki ólíkar því sem er að gerast í löndunum í kringum okkur. Svipuð rannsókn var gerð í Svíþjóð fyrir tæpum 20 árum og þar kom í ljós að fyrir hverja krónu sem sett var í sambærilega meðferð fengust níu krónur út í samfélagið," segir Magnús og bætir við að í kjölfarið hafi sænska ríkið breytt reglum um bið eftir endurhæfingarmeðferð þar í landi. „Þá varð það þannig að enginn sem metinn hafði verið til endurhæfingar átti að þurfa að bíða eftir meðferð lengur en í mánuð."

Svona meðferð ætti að styrkja frekar.

Magnús Ólason, fyrrverandi framkvæmdastjóri lækninga á Reykjalundi



Aðspurður að því hvaða áhrif niðurstöðurnar geti haft á meðferðina sem veitt er á Reykjalundi segir Magnús að óskandi væri að stytta biðlista hér á landi. „Biðlistinn hér er sveigjanlegur á hverjum tíma en yfirleitt eru jafn margir að bíða eftir meðferð á Reykjalundi og eru meðhöndlaðir á hverju ári," segir Magnús.

Hann segir að innan við 200 manns séu meðhöndlaðir árlega en að yfirleitt séu 200-300 manns á bið eftir meðferð. „Þess vegna komast auðvitað ekki allir þeir sem óskað hefur verið eftir meðferð fyrir að og svona meðferð ætti að styrkja frekar." **birnadrofn@frettabladid.is**

Embætti **dómara við Landsrétt** laust til umsóknar

Dómsmálaráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti dómara við Landsrétt. Stefnt er að því að skipa í embættið hið fyrsta eftir að dómnefnd um hæfni umsækjenda um dómaraembætti hefur lokið störfum. Um launakjör fer samkvæmt lögum um dómstóla nr. 50/2016, sbr. lög nr. 79/2019.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 21. gr. laga nr. 50/2016. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 620/2010, um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um 1) núverandi starf 2) menntun og framhaldsmenntun, 3) reynslu af dómstörfum, 4) reynslu af lögmannsstörfum, 5) reynslu af stjórnsýslustörfum, 6) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 7) reynslu af stjórnun, 8) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 9) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 10) upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum, 11) upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem geta veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda og 12) aðrar upplýsingar sem varpað geta ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf landsréttardómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) afrit af prófskírteinum, 2) afrit dóma í munnlegum fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 3) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 4) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 5) útgefin fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum umsækjenda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 6) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem landsréttardómari.

Umsóknir skulu berast dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en **20. janúar 2020.** Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsóknir og fylgigögn berist dómsmálaráðuneytinu með rafrænum hætti á netfangið starf@dmr.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Dómsmálaráðuneytinu,
3. janúar 2020.

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið



Gjaldþrot WOW air í fyrra var mikið reiðaraslag fyrir íslenskt þjóðarbú.

Þrotabú WOW air dregur Icelandair fyrir dómstóla

DÓMSMÁL Þrotabú hins fallna flugfélags WOW air hefur stefnt Icelandair fyrir samkeppnislagabrot. Forsvarsmenn þrotabúsins saka Icelandair um að hafa beitt skaðlegri undirverðlagningu sem hafi valdið WOW air miklu tjóni. Icelandair vísar ásökununum á bug. Ríkisútvarpið greindi fyrst frá.

Stefnan var þingfest í október en fyrirtaka í málinu verður um miðjan janúar. Stefnan byggir á frumniðurstöðu Samkeppniseftirlitsins á verðlagningu Icelandair sem birt var flugfélaginu árið 2015.

Segir í stefnunni að Icelandair hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína með skaðlegri undirverðlagningu og verðlækkunum sem náð hafi til ferða félagsins á milli Keflavíkur og Amsterdam, Kaupmannahafnar, Lundúna og Parísar í báðar áttir í öllum tilvikum á milli þess 1. janúar 2012 og 31. desember 2016.

Sjö ár eru frá því að WOW air kvartaði undan háttsemi Icelandair til Samkeppniseftirlitsins. Rannsóknin spannaði í kjölfarið sautján mánaða tímabil. Icelandair hefur þegar skilað inn greinargerð í málinu þar sem kröfum þrotabúsins er hafnað.

Forsvarsmenn þrotabúsins saka Icelandair um að hafa beitt skaðlegri undirverðlagningu sem hafi valdið WOW air miklu tjóni.

Þá kemur fram í stefnunni að forsvarsmenn þrotabúsins hafi orðið þess áskynja við undirbúning málsóknarinnar að Icelandair hafi hugsanlega framið sambærileg og jafnvel alvarlegri samkeppnisbrot á öðrum flugleiðum, líkt og til New York, Boston, Montreal og Arlanda. Segjast þeir hafa hug á því að framkvæma frekari rannsóknir á meintum brotum félagsins.

– oæg

POTTURINN STEFNIR Í

50

MILLJÓNIR

Lottó

LEIKURINN OKKAR

HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS

Styrkir

til náms í hafrétti

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókna- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa Háskóli Íslands, utanríkisráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Hafréttarstofnun auglýsir hér með til umsóknar styrki til þátttöku í sumarnámskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti 28. júní - 17. júlí 2020.

Umsóknir sendist Tómasi H. Heiðar, forstöðumanni stofnunarinnar, með tölvupósti, tomas.heidar2016@gmail.com, fyrir 20. janúar 2020.

Nánari upplýsingar: www.hafrettarstofnun.hi.is.

Svört skýrsla um hryllilegt ofbeldi innan balletskóla Vínaróperunnar

AUSTURRÍKI Forstöðukonu ballettskólans við Vínaróperuna, Simona Noja-Nebyla, hefur verið sagt upp eftir svarta skýrslu um starfsemina. Fram kemur að líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi átti sér stað í skólanum.

Samkvæmt yfirlýsingu ballettskólans verður starfsemin öll og starfsmannahald tekið til ítarlegrar skoðunar. Noja-Nebyla er enn þá yfirmaður á pappírunum þangað til nýr verður ráðinn í september, þangað til mun staðgengill sinna hennar störfum.

Dagblaðið Falter komst fyrst á snoðir um að ekki væri allt með felldu í skólanum síðastliðið vor. Greint var frá mikilli andlegri og líkamlegri hnignun nemenda, sem og ofbeldi af hálfu starfsfólks. Sagt var að „19. aldar aðferðum“ væri beitt við kennsluna. Nemendur voru barðir, klóraðir til blóðs, rifið í hár þeirra og þeir niðurlægðir af kennurum. Sérstaklega átti þetta við nemendur sem kennurum fannst að mættu missa nokkur kíló. Kom fram að sumir þeirra hefðu þróað með sér lystarstol.

Í frekari rannsókn á starfseminni kom ýmislegt fleira í ljós, svo sem að nemendur hefðu verið hvattir til að reykja sígarettur til þess að grennast. Þá hefði framkoma í garð nemenda verið slæm og skilningsleysi, til dæmis á fötlunum, algert. Einnig hafi skólinn, sem er í ríkiseigu, brugðist í aðhlynningarhlutverki sínu og ekki sinnt nemendum sem slösuðust eða þörfnuðust annarrar aðstoðar. **– khg**



Hryllingur átti sér stað í ballettskóla Vínaróperunnar. NORDICPHOTOS/GETTY

Nemendur voru barðir, klóraðir til blóðs, rifið í hár þeirra og þeir niðurlægðir af kennurum.

Rúmföt og rafmagnssnúra fundust í klefa Epsteins

BANDARÍKIN Talsvert af rúmfötum, rafmagnssnúra, lyfseðilsskyld lyf og handskrifað bréf var meðal þess sem fannst í fangaklefa auðjöfursins Jeffreys Epstein eftir andlát hans. Fréttaskýringaþátturinn 60 Minutes mun fjalla um málið um helgina.

Epstein svipti sig lífi í lok júlí á síðasta ári en hann hafði verið handtekinn í byrjun sama mánaðar vegna gruns um mansal, misnotkun á táningsstúlkum og vörslu á barnaklámi.

Andlát Epsteins vakti mikla athygli um heim allan og fóru samsæriskenningar um dauða hans fljótlega á kreik. Sú algengasta er á þá leið að valdamiklir aðilar hafi verið flæktir inn í myrkraverk Epsteins og því haft mikinn hag af því að hann yrði ekki leiddur fyrir rétt.

Það var ekki síst vegna þeirrar staðreyndar að auðjöfurinn átti að vera á sérstakri sjálfvígsvakt en hann hafði áður reynt að skaða sig á bak við lás og slá. Uppljóstranir 60 Minutes munu án efa kynda undir bál samsæriskenninga enda fáheyrt að fangi undir ströngu eftirliti geti haft slíka hluti í klefa sínum.

Tveir fangaverðir sem áttu að fylgjast með Epstein hafa síðan verið kærðir fyrir að falsa gögn og tilraun til þess að breiða yfir sannleikann. Mennirnir, Tova Noel og Michael Thomas, hafa neitað sök en talið er að þeir hafi verið að versla á netinu og leggja sig í stað þess að hafa auga með auðjöfrinum. Í ákæru á hendur þeim kemur fram að þeir hafi ekki sinnt reglubundnu eftirliti en falsað skrár til þess að halda öðru fram. Upptökur úr öryggismyndavélum hafi sýnt fram á annað. **– þþ**



Auðjöfurinn Jeffrey Epstein.

Uppljóstranir 60 minutes munu án efa kynda undir báli samsæriskenninga.

Brotist inn hjá Danadrottningu

DANMÖRK Innbrot var framið í eina af höllum Margrétar Danadrottningar, Marselisborgarhöll, í Árósum í fyrrinótt.

Að sögn danska ríkisútvarpsins, Danmarks Radio, hélt Danadrottning jól með fjölskyldunni í Marselisborgarhöll en var farin aftur til Kaupmannahafnar áður en einn eða fleiri innbrotsþjófar settu öryggiskerfið í höllinni í gang.

Fram kemur að viðvörunarkerfið hafi farið í gang korter yfir eitt um nóttina. Ekki er sagt hvort einhvers sé saknað úr höllinni en upplýst að lögreglan hafi þá um nóttina rannsakað bæði bygginguna og lóðina hátt og lágt og að sporhundar hafi reynt að rekja slóðir af vettvangi. **– gar**



Danadrottning í opinberri heimsókn á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Auglýst eftir umsóknum í Nýsköpunarsjóð námsmanna

Umsóknarfrestur er til 5. febrúar 2020 kl.16.00

Markmið sjóðsins er að gefa háskólum, rannsóknarstofnunum og fyrirtækjum tækifæri til að ráða háskólanema í grunn- og meistaranámi í sumarvinnu við rannsóknar- og þróunarverkefni.

- Styrkir verða veittir til rannsóknar- og þróunarverkefna sem líkleg þykja til að stuðla að nýsköpun og auknum tengslum háskóla, stofnana og fyrirtækja
- Umsóknir um styrki eru metnar með hliðsjón af möguleikum til hagnýtingar í atvinnulífi og nýnæmi fyrir þekkingu í viðkomandi fræðigrein
- Verkefnin skulu leyst af hendi með sjálfstæðri og faglegri vinnu námsmanns undir leiðsögn ábyrgðarmanna
- Styrkir eru ekki veittir til lokaverkefna námsmanna
- Úthlutun mun liggja fyrir í byrjun mars 2020

Hverjir geta sótt um?

- Háskólanemar í grunn- og meistaranámi við íslenska háskóla
- Sérfræðingar innan fyrirtækja, stofnana og háskóla sem óska eftir að ráða háskólanema í sumarvinnu við rannsóknir

Sótt er um í gegnum rafrænt umsóknarkerfi Rannís.
Nánari upplýsingar má nálgast á www.rannis.is og nsn@rannis.is

NSN NÝSKÖPUNARSJÓÐUR NÁMSMANNA

rannís www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Rauði þráðurinn

Audi e-tron 50 quattro er drifinn aflgjafa íslenskrar náttúru. 100% rafdrifinn sportjeppi með 328 km drægni sem kemur þér í rafmagnað samband við landið allt. Með 600 lítra farangursrými að aftan að viðbættum 60 lítrum að framan tekurðu með þér það sem þig langar.
Fjórhjóladrifinn rífur hann sig í hundraðið á sjö sekúndum og nýtur fulltingis allra nýjustu tækni og aðstoðarkerfa sem halda þér á jörðinni.

Rauði þráðurinn er 50 ára samleikur HEKLU + AUDI sem færir þér e-tron 50 á fádæma afmælisverði.

– Skoðaðu úrvalið og tryggðu þér eintak á afmælisverðinu í sýningarsalnum á netinu:

hekla.is/audisalur

e-tron 50



50 ára samleikur

+ Afmælispakki Basic	+ Afmælispakki Advanced	+ Afmælispakki Advanced S-line
7.390.000 kr.	7.990.000 kr.	8.890.000 kr.

HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is

Útsýni yfir Esjuna og Sundin, 100 metrum fyrir ofan hleðslustöðvar HEKLU á Laugaveginum

*Búnaður á mynd getur verið frábrugðinn bílum á tilboðsverði.



Hér má sjá Soleimani með hringinn á vinstri hönd. NORDICPHOTS/GETTY

Báru kennsl á Soleimani út frá hringnum hans

Atvikið þegar hershöfðinginn Qasem Soleimani var myrtur í drónaárás Bandaríkjahers við flugvöll í Írak í gær náðist á upptöku öryggismyndavéla.

Á myndbandinu sést mikil sprenging sem verður Soleimani og ráðgjafa hans að bana. Samkvæmt frétt The Daily Mail eru líkin afar illa farin eftir sprenginguna og var einungis hægt að bera kennsl á Soleimani út frá hring sem hann var vanur að bera á fingri vinstri handar.

Einungis var hægt að bera kennsl á Soleimani út frá hring sem hann var vanur að bera á vinstri hönd.

Hringurinn sem fannst á svæðinu þar sem sprengjan sprakk og er talinn vera hringur Soleimani er stór gullhringur með veglegum steini, áþekkur þeim sem hann hefur sést bera við ýmis tilefni.

Mikill fjöldi fólks safnaðist saman þegar kista, með því sem taldar eru jarðneskar leifar Solimani, var borin út úr líkhúsi í Bagdad í gær. **– bdj**



Sprengingin sem varð við við flugvöllinn í Bagdad var afar kraftmikil.

Fyrri forsetar vildu ekki vega herforingjann

Bæði George W. Bush og Barack Obama, sem voru forsetar á undan Donald Trump, höfðu neitað að ráðast gegn íranska hershöfðingjanum Qasem Soleimani, af ótta við að það myndi leiða til stríðs.

Mögulegt er að ákvörðun Trumps sé mistök sem muni leiða til þess að ítök Bandaríkjamanna í Írak muni minnka.

Vegna ótta fyrrverandi forseta Bandaríkjanna við að árás á Soleimani myndi leiða til átaka við Íran, hafði hann þar til í morgun farið um undir óformlegri friðhelgi. Í frétt á vef New York Times er meðal annars sagt frá því að bandarískum flugvélum á vegum hersins hafi verið lagt á sömu flugvöllum og flugvél Suleimani. Bandarískar og ísraelskar leyniþjónustur höfðu hins vegar lagt mikla áherslu á að fylgjast með ferðum íranska hershöfðingjans og að vita hvar hann héldi sig. **– gis**

Bandaríkjastjórn mótmælt í Íran



Hópur fólks kom saman í miðborg Kasmír í gær og mótmælti Bandaríkjastjórn vegna morðsins á einum valdamesta manni Írans, Qasem Soleimani sem myrtur var í Írak aðfaranótt föstudags. Mótmælendur báru margir skilti sem á voru rituð orðin „Niður með Bandaríkin“. NORDICPHOTS/GETTY

Íranskur herforingi myrtur

Mikil ólga er fyrir botni Miðjarðarhafs eftir að íranski herforinginn, Qasem Soleimani, var felldur í drónaárás bandaríska hersins við flugvöll í Bagdad í Írak í fyrrinótt. Íranar mótmæla Bandaríkjastjórn.

Bandaríkjamönnum og bandamönnum þeirra er nú mótmælt á götum Teheran en bandarískir miðlar segja tugi þúsunda manna mótmæla Bandaríkjastjórn í höfuðborg Írans.

Pentagon sem lýsti árásinni á hendur Bandaríkjunum í fyrrinótt hefur haldið því fram að Soleimani hafi líf mörg hundruð bandarískra borgara á samviskunni og utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Mike Pompeo, segir árásina á Soleimani hafa bjargað fjölda mannslífa.

Leiðtogar ríkjanna tveggja skiptust á að senda yfirlýsingar í gær. Þannig varaði Ayatollah Ali Khamenei við hörðum viðbrögðum í yfirlýsingu á vefsíðu sinni og Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, brást við með tísti þess efnis að Íran hefði aldrei unnið stríð en aldrei tapað í samningaviðræðum.

Drónaárásin sem gerð var á flugvelli í Írak hefur einnig valdið miklum titringi í Írak og hafa bandarísk yfirvöld lokað sendiráði sínu þar í landi og öllum sendiskrifstofum. Bandarískir ríkisborgarar hafa einnig verið hvattir til að yfirgefa landið en geta ekki, af fyrrgreindum ástæðum, notið aðstoðar sendiráðsins.

Atburðirnir hafa vakið misjöfn viðbrögð meðal þjóðarleiðtoga. Ráðamenn víða í Evrópu hafa varað við öllum aðgerðum sem auka spennu á svæðinu og hafa lýst áhyggjum af stöðunni. Evrópuleiðtogar hafa lagt töluvert á sig á undanförnum misserum til að halda stöðugleika í viðkvæmum samskiptum Vesturlanda við Íran. Eftir að Donald Trump setti viðskiptaþvinganir á Íran í fyrra leituðust leiðtogar í Evrópu við að koma ríkinu til aðstoðar í milliríkjaviðskiptum sínum.

Utanríkisráðherra Bretlands sagði við þarlenda fjölmiðla í gær að þótt unnt væri að viðurkenna hættuna sem stafaði af Soleimani hefðu Bretar enga hagsmuni af frekari átökum á svæðinu. Utanríkisráðherra Rússlands lýsti áhyggjum af alvarlegum afleiðingum sem árásin gæti haft. Hann sagði ekki hægt að þræta fyrir hlutverk Soleimani í baráttunni gegn ISIS. Þetta verk Bandaríkjamanna væri vanhugsað og ekki til þess fallið að auka stöðugleika á svæðinu. Aðrir leiðtogar í Evrópu hafa tekið í svipaðan streng og varað borgara sína í Íran við því að vera á ferli. Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels, hrósaði Trump hins vegar í hástert fyrir aðgerðina sem hann kallaði sjálfsvörn.

Helsti sérfræðingur Sameinuðu þjóðanna um aftökur án dóms og laga lýsti því á Twitter í gær að árásin væri að öllum líkindum ólögleg og færi í bága við alþjóðleg mannréttindaákvæði. „Þegar ekki er um virkt gíslatökuástand að ræða er notkun dróna eða annarra tækja við skipulögð dráp nánast aldrei lögleg,“ sagði Agnes Sallamard, sérstakur erindreki Sameinuðu þjóðanna, á Twitter í gær.



Bandaríkjamenn hafa tekið ábyrgð á árásinni sem varð Qasem Soleimani að bana og segja herforingjann hafa líf mörg hundruð Bandaríkjamanna á samviskunni, dauði hans hafi bjargað fjölda mannslífa. NORDICPHOTOS/GETTY

Drónaárásin sem gerð var á flugvelli í Bagdad hefur einnig valdið miklum titringi í Írak og hafa Bandaríkjamenn lokað sendiráði sínu þar í landi.

adalheidura@frettabladid.is

HONDA

Forsýnum í dag

Honda e



Verð frá kr. 3.950.000

5 ÁRA ÁBYRGÐ
HONDA Á ÍSLANDI

Við bjóðum þér á forsýningu Honda e sem er hátæknivæddur 100% rafbíll.
Hann býr yfir einstökum aksturseiginleikum og er skapaður fyrir borgarakstur.
Hönnunin er framúrskarandi að utan sem innan, bíllinn er rúmgóður en um leið
nettur og fallegur. Rafmagnið fullkomnar svo akstursánægjuna – enda losunin engin.

Komdu í heimsókn í dag milli kl. 12 og 16 þar sem þú getur kynnt þér Honda e og forpantað þennan einstaka bíl. Einnig sýnum við ofursportbílinn Honda NSX sem er tvinnbíll í algjörum sérflokki. Við tökum vel á móti þér á Fosshálsi 1.



ASKJA

ASKJA · Krókhálsi 11 - 13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Honda á Íslandi.

Fylgdu okkur á Fagebook.
facebook.com/hondaisland



PASSO
25%
AFSLÁTTUR

PASSO
Fallegt borðstofuborð frá Danform með sterkri, endingargóðri keramikborðplötu og svörtum viðarfótum. Borðið er stækkanlegt úr 200 í 300 cm með tveimur 50 cm stækkunum sem fylgja. Þegar borðið er ekki í notkun geymast stækkanirnar inni í borðinu. Dönsk hönnun. Stærð: 100 x 200/300 x 75 cm

149.993 kr. ~~199.990 kr.~~

DIALMA BROWN
Hægindastóll úr ljósgráu eða dökku leðri. Grind/fætur úr stáli.



60% AFSLÁTTUR

67.996 kr. ~~169.990 kr.~~

EMBRACE
Hægindastóll. Svart og grátt PU-leður eða álgrátt og svart slétt-fauel.



25% AFSLÁTTUR

29.993 kr. ~~39.990 kr.~~

MEXICO
2,5 og 3ja sæta. Dökkblátt, bleikt og grátt sléttflauel.



2,5 s: 169 x 89 x 87 cm
63.743 kr. ~~84.990 kr.~~

3ja s: 201 x 89 x 87 cm
74.993 kr. ~~99.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR



RIA
Tungusófi í retro-útliti. Hægri eða vinstri tunga. Bleikt (Dusty Rose) sléttflauel eða dökkgrátt áklæði. Svartir viðarfætur.
Stærð: 222 x 148 x 78 cm

63.996 kr. ~~159.990 kr.~~

60% AFSLÁTTUR

20% AFSLÁTTUR



KAMMA
3ja sæta sófi með háu baki. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 201 x 91 x 105 cm

111.992 kr. ~~139.990 kr.~~



40% AFSLÁTTUR

furninova

MASSIMO
Fallegur 3ja sæta sófi frá Furninova. Nettir armar, slitsterkt Divine antrazit áklæði. Stærð: 195 × 92 × 81 cm

143.994 kr. ~~239.980 kr.~~

MANZANO
Fallegir og vandaðir 2ja og 3ja sæta sófar. Svart, vandað ítalskt leður á slit flötum. Mjúk sæti og bak með fallegum saumi. Svartir, breiðir viðarfætur.



25% AFSLÁTTUR

2ja sæta: 165 x 91 x 91 cm
142.493 kr. ~~189.990 kr.~~

3ja sæta: 209 x 91 x 91 cm
164.993 kr. ~~219.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR



MANZANO
Fallegur, svartur hornsófi. Sterkt og vandað ítalskt leður (botn, bak- og armhlið með bonded leðri/leðurblöndu). Svartir, breiðir viðarfætur. Hægri eða vinstri tunga. Stærð: 249 x 201 x 91 cm

299.993 kr. ~~399.990 kr.~~

Reykjavík Bíldshöfði 20
10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri Dalsbraut 1
10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 9. febrúar eða á meðan birgðir endast.

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

RISA ÚTSALA

Allt að 60% afsláttur



SCOTT
Hornsófi úr sterku koníaksbrúnu eða dökkgráu bonded leðri (leðurblöndu). Innra byrði púðanna er úr kaldpressuðum (mjög endingargóðum) svampi, trefjafyllingu og loks mjúku yfirlagi. Fæturnir eru sterkir úr svörtu járni. Fæst með hægra eða vinstra horni (ekki færanlegt). Stærð: 293 x 217 x 85 cm.

15% AFSLÁTTUR

229.491 kr. ~~269.990 kr.~~

DEMINA
Borðstofustóll. Grátt, slitsterkt áklæði eða svart PU-leður.



60% AFSLÁTTUR

2.396 kr. ~~5.990 kr.~~

DIA
Borðstofustóll. Grátt, slitsterkt áklæði.



50% AFSLÁTTUR

3.495 kr. ~~6.990 kr.~~

HUNTINGTON
Borðstofustóll. Ljósgrátt áklæði og svartir stálfætur.



40% AFSLÁTTUR

9.594 kr. ~~15.990 kr.~~

NELSON
Borðstofustóll. Ljósgrátt áklæði og krómfætur.



60% AFSLÁTTUR

9.596 kr. ~~23.990 kr.~~



25% AFSLÁTTUR

LEVI
Grátt eða svart slitsterkt áklæði.
Stærð: 102 × 86 × 107 cm

89.993 kr. ~~119.990 kr.~~

DIALMA BROWN
(DB 4177) Sófaborð.
Endurunninn viður.
Stærð: 120x120x35 cm



60% AFSLÁTTUR

59.996 kr. ~~149.990 kr.~~

MARION
Vönduð kókos-gólfteppi frá sænska fyrirtækinu Soul. Nature, tvær stærðir.

St: 200 x 300 cm
59.996 kr. ~~149.990 kr.~~

St: 300 x 400 cm
79.996 kr. ~~199.990 kr.~~



60% AFSLÁTTUR



60% AFSLÁTTUR

BELFORT
Hægindastóll. Ljós viður og dökkt höráklæði.

23.996 kr. ~~59.990 kr.~~

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

HÚSGAGNA HÖLLIN

Sá einn, sem áfram sækir



Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is

Það var þungt yfir sumum þeim er gerðu upp árið, eða síðustu árin, í fjölmiðlum. Áherslan er um of á það sem hrjáir. Þetta séu tímar erfiðleika, spilltra átakastjórnmála og sívaxandi hamfarahlýnunar sem ýtir undir vonleysi og framtíðarkvíða.

En auðvitað er þetta ekki raunsönn lýsing á ástandi heimsins. Veruleikinn er annar og mun jákvæðari.

Hér skal ekki gert lítið úr mikilvægi þess að við spornum við aukningu gróðurhúsalofttegunda. Og breyta þarf lífsstíl sem gengur sífellt harðar á auðlindir náttúrunnar.

Hér er ekki dregið úr alvarleika þess hve margir eiga um sárt að binda. Né heldur úr þunga stríðsátaka, mannréttindabrota, misskiptingar og spillingar heimsins.

Og það á að taka alvarlega framsókn þeirra þjóðarleiðtoga sem tala í nafni lýðhyggju gegn fjölmenningu og alþjóðasamskiptum.

En þrátt fyrir daglegar fréttir af eymd, átökum, þrengingum, mengun og hamförum er staðreyndin sú að líf mannsins á jörðinni hefur farið batnandi og mannkyn hefur náð undraverðum árangri til meiri lífsgæða.

Það er óhætt að segja sama hvert litið er. Mælikvarðar á lífsgæði þjóða, sem alþjóðastofnanir og samtök leggja fram, benda til jákvæðrar þróunar síðustu árin. Þar eru sigrar mannkyns margir.

Þannig hefur þrátt fyrir meiri misskiptingu dregið mjög úr alvarlegri fátækt í heiminum. Síðan 2010 hefur sárafátækt minnkað um helming og farið úr 18,2 prósentum niður í 8,6 prósent.

Á síðustu 10 árum hefur dregið úr ungbarnadauða um þriðjung og heilsufar hefur almennt batnað, þökk sé meiri þekkingu og nýmælum í vísindum og tækni.

Og þrátt fyrir að lýðhylli og stjórnlyndi virðist eiga meira upp á pallborðið hjá of mörgum leiðtogum heims hefur ferðafrelsi og athafnafrelsi aukist.

Jafnrétti kynjanna og mannréttindi hinsegin fólks hafa einnig þokast í rétta átt í mörgum löndum heims. Og svona mætti lengi telja.

En það má ekki taka þessu sem sjálfsögðu. Þessar framfarir eru knúnar áfram af stöðugri þörf til að bæta eigið líf og annarra. Betri lífskjör síðustu ára eru tilkomin vegna frjálsra viðskipta og þeirra tækniframfara sem opin hagkerfi og fjölþjóðleg samvinna leiða af sér.

Við megum ekki láta letjast af þeim sem sjá ógnir í aðkomnum, flóttamönnum eða samstarfi þjóða. Sem fyrr liggja alvarlegustu ógnir mannkyns í þröngsýni, ótta, vanþekkingu og skorti á samvinnu þjóða heims.

Nafni minn sagði: „Sá einn, sem áfram sækir, á andans þyrnibraut, og stæltur störf sín rækir, hann storkar hverri þraut.“ Á nýju ári eigum við ekki að láta myrka vetrardaga byrgja okkur sýn. Það þarf hugrekki fyrir betri heim.

Á nýju ári eigum við ekki að láta myrka vetrardaga byrgja okkur sýn. Það þarf hugrekki fyrir betri heim.



Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Stutt í endalokin

Árið 1412 sást skrýtið skip við Dyrhólaey. Þegar menn reru út í það kom í ljós að þarna voru Englendingar á ferð. En hvað fékk Englendinga til að sigla alla leið til Íslands?

Mestalla söguna var Ísland afskekkt eyja lengst norður í Atlantshafi sem fáir vissu af. Náttúran, íslenski hesturinn og Björk komu landinu á kortið um tíma. Nú eru það norðurljósin, lopapeysur og lundadót sem laða að strauma erlendra ferðamanna. Það var hins vegar upp úr aldamótunum 1400 sem Ísland komst í fyrsta skiptið í tísku.

Það sem trekkti Englendinga að Íslandsströndum var fiskur. Vaxandi þéttbýli í Evrópu og útbreiðsla kristni olli því að skyndilega vildu allir kaupa fisk og snæða, einkum á föstunni.

Íslendingar tóku Englendingum fagnandi. Viðskiptin við þá voru hagstæð því þau voru millilíðalaus – hvorki Danakonungur né kaupmenn tóku skerf af hagnaðinum. En það var ekki eina fagnaðarefnið. Líf, fjör og nýjungar fylgdu erlendum skipakomum. Sagnfræðingar hafa lýst ensku skipunum sem fljótandi verslunum. Til sölu var ullarefni, klæði, blý, korn, timbur, alls konar matvæli, tjara, nálar og tvinni.

En partíið entist ekki lengi. Kóngur vildi fá sinn skerf af viðskiptunum. Hann rak gestina burt með hervaldi. Mestöll verslun á Íslandi komst í hendur danskra kaupmanna. Vöruúrval dróst saman, viðskiptakjör versnuðu og menningaráhrifin sem fylgdu erlendum gestum hurfu.

Íslensk bylting

Það er aldrei gaman þegar partíi lýkur. Sú krafa er nú gerð til Íslendinga að þeir tipli á tánum kringum hið nýja fjöregg þjóðarinnar, ferðaþjónustuna. Tilætlunarsemin náði nýjum hæðum í aðdraganda áramóta þegar Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, varaði við takmörkun á notkun flugelda um áramót af því hún gæti haft neikvæð áhrif á ferðaþjónustuna.

Í miðbæ Parísar er torg sem hét einu sinni Torg Loðvíks XV. Á miðju torginu stóð einmitt stytta af Loðvík XV, konungi Frakka. En styttan fékk ekki að standa lengi.

Undir lok átjándu aldar duttu kóngar illilega úr tísku. Almenningur krafðist aukinna réttinda. Frakkar voru fremstir í för. Árið 1789 hófst franska byltingin. Styttan af Loðvík XV var rifin niður. Í hennar stað var reist fallöxi á torginu sem fékk nýtt nafn: Byltingartorgið. Ríkjandi konungur var hálshöggvinn, skrifuð var stjórnarskrá og hugmyndir um lýðræði tóku að breiðast út.

Þótt við Íslendingar hefðum lítið pælt í byltingum á þessum árum áttum við óvart okkar þátt í frönsku byltingunni. Sex árum fyrir byltinguna hófust Skaftáreldar sem ollu móðuharðindunum hér á landi. Eitruð gjóska frá gosinu dreifðist þó ekki aðeins um Ísland heldur um allt norðurhvel jarðar og olli í mörgum löndum kulda og uppskerubresti. Sumir sagnfræðingar telja að það hafi ekki aðeins verið hugmyndir um lýðræði sem hrintu byltingunni í Frakklandi af stað heldur hafi ástæður hennar verið efnahagslegar: Fólk krafðist betri lífskjara í kjölfar uppskerubrests sem rekja mátti til Skaftárelda.

Skammtímahagsmunir fárra

Á sama tíma og Íslendingar sprengdu flugelda um áramót geisuðu miklir gróðureldar í Ástralíu. Reykjarmökkurinn teygði sig alla leið til Nýja-Sjálands, vegalengd sem er svipuð og fjarlægðin milli Lakagíga og Parísar.

Hvorki eldar né flugeldar brenna í tómarúmi. Eldgos á Íslandi getur breytt stjórnarfari á öllum Vesturlöndum. Það liggur ekki í augum uppi hvernig best er að takast á við þann loftslagsvanda sem maðurinn hefur skapað og stefnir lífi á jörðinni í hættu. Á einu leikur þó enginn vafi: Ef hlustað er á óskammfeilna lobbíista sem eyða miklu púðri í að passa upp á fjárhagslega skammtímahagsmuni fárra á kostnað lífshorfa mannkynsins fyrir myndarlegan launatékka í lok hvers mánaðar er stutt í endalokin.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*



Fyrsti rafdrifni jepplingurinn. Drægi 449 km*.

Nýr 100% rafdrifinn Hyundai KONA er fyrsti rafdrifni jepplingurinn á markaðnum. *Hann hefur eitt mesta drægi bíla í þessum stærðarflokki eða 449 km samkvæmt nýjum WLTP mælingum. Meðal búnaðar í nýjum Hyundai KONA er skynvæddur hraðastillir, sjálfvirk neyðarhemlun, sjónlínuskjár sem varpar upplýsingum um hraða og leiðsögn í framrúðu, Krell hljóðkerfi og margt fleira.

Opið í dag frá 12–16

Hyundai KONA 100% rafbíll, 2WD.
Verið velkomin í reynsluakstur.

HYUNDAI

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

8 ÁRA RAFHLÖÐU ÁBYRGÐARTRYGGING

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Að auki fylgir öllum Hyundai rafbílum 8 ára eða 200.000 km ábyrgð á aðal rafhlöðu bílsins.

ENNEMM / SÍA / NM97561


Góðir en vanmetnir

Knattspyrnugoðsögnin og sparkspekingurinn Gary Lineker sagði að Jordan Henderson, fyrirliði Liverpool, væri einn vanmetnasti knattspyrnumaðurinn á Englandi. Fréttablaðið tók saman aðra leikmenn sem eru ekkert endilega að stela fyrirsögnunum, fá ekki alltaf hrósið og má kalla vanmetna.



Mateo Kovacic
Chelsea

Króatinn Mateo Kovacic er hvergi á topplistum tölfræðinnar sem er tekin saman. En hann spilar flesta leiki Chelsea og sendingar hans og vinnusemi hefur ekki farið fram hjá Frank Lampard og félögum í þjálfarateyminu sem stýra liðinu – hvað þá stuðningsmönnum Chelsea það sem af er tímabilinu.



Scott McTominay
Manchester United

Mikilvægi hans á miðjusvæði Manchester United hefur sýnt sig eftir að hann meiddist gegn Newcastle. Trúlega finnst mörgum að lið eins og United gæti verið með betri miðjumann en McTominay er sárt saknað og verður næstu mánuðina á meðan endurhæfing stendur yfir sem segir allt um gæði hans.



Ilkay Gündogan
Man. City

Þjóðverjinn er aftarlega á merinni þegar kemur að hrósi til Manchester City. Þar stela aðrir senunni en Gündogan er trommuleikari liðsins og lætur það halda takti. Pep Guardiola sagði hann í nóvember einn besta leikmann Evrópu og lagði kapp á að halda honum – og Guardiola segir yfirleitt ekki vitleysu.



Wilfred Ndidi
Leicester

Erfitt að kalla hann vanmetinn því flestir eru sammála því að Ndidi sé frábær í fótbolta. En hann er lítið í krúsidúllum og skærum, meira í því að ná boltanum af andstæðingum og tækla þá. Þar situr hann í efsta sæti tölfræðinnar. Tók við keflinu af N'Golo Kante og verður arftaki hans á miðjunni hjá Leicester.




Danny Ings
Southampton

Það er kannski erfitt að segja að hann sé vanmetinn því hann er svo ofboðslega góður en Ings fékk sinn séns hjá stórliði og mistókst að nýta það tækifæri – þó að það hafi verið vegna meiðsla. Gífurlega vinsæll meðal allra knattspyrnuunnenda enda þekkt gæðablóð. Kominn með 13 mörk.



Mat Ryan
Brighton

Ástralinn í marki Brighton hefur haldið marki sínu hreinu fimm sinnum á tímabilinu, varið þriðju flest skotin það sem af er eða 75 og skilað 122 löngum boltum á samherja sína. Brighton væri klárlega neðar en í 14. sæti ef ekki væri fyrir Ryan í rammanum.



Kurt Zouma
Chelsea

Aðeins 25 ára en er samt búinn að spila um 200 leiki í efstu deild á ferlinum þrátt fyrir að hafa misst af nánast heilu tímabili. Flestir eru sammála um að hann sé slakur á boltanum en varnarhæfileikarnir eru svo sannarlega til staðar. Þar er hann á heimavelli með liði Chelsea.



Raul Jimenez
Wolves

Mexíkóinn er kominn með átta mörk, búinn að leggja upp sex og búa til 11 marktækifæri fyrir félaga sína. Mörkin hafa komið í öllum regnbogans litum. Samt er hann neðarlega hjá flestum þegar kemur að því að nefna frábæra framherja í deildinni þótt tölfræðin segi annað.

10. Janúar 2020 | Í Neskirkju föstudaginn | Við Hagatorg 107 Reykjavik
KL.19:00

HEFÐBUNDIN SERBNESK TÓNLIST

TÓNLEIKAR OG VEISLA

Á TÓNLEIKUM

Kór St Joakim og Ana
Stjórnendur: Daniela Ivanovic
Einsongvarar: Marijana Radosavljevic
Einlekarar: Srdjan Rajakovac -harmónika

Í VEISLUNNI

Hljómsveit: Bistro tónlist
Allsskonar bistro tónlist frá Balkanskaganum á Serbnesku.
Einsongvarar: Dejan Rajakovac



Aðgangseyrir er kr. 2500



Heaton er annar tveggja leikmanna Aston Villa sem meiddust um jólin.

FIFPRO hefur áhyggjur

FÓTBOLTI Meiðsli leikmanna á Englandi tóku kipp í jólatörninni en samkvæmt upplýsingum sem The Telegraph aflaði sér urðu 53 leikmenn fyrir meiðslum yfir jólatörnina en alls meiddust 96 leikmenn í ensku úrvalsdeildinni í desember og á nýársdag. Hafa alþjóðlegu leikmannasamtökin FIFPRO sagt að knattspyrnusambönd, sérstaklega á Englandi, verði að finna aðrar lausnir en að spila leiki svona þétt.

Flest lið á Englandi hafa verið að spila fjóra leiki á 12 dögum sem mörgum finnst allt of mikið og fengu Manchester City og Úlfarnir minnstu hvíldina á milli leikja, eða 46 klukkustundir. Jürgen Klopp, knattspyrnustjóri Liverpool, sagði það glæpsamlegt sem leikmenn City þyrftu að gera og tók undir áhyggjur Pep Guardiola. **– bb**

Meiðsli liðanna

Arsenal	3
Calum Chambers, Sokratis Papastathopoulos, Gabriel Martinelli	
Aston Villa	3
Wesley Moraes, Tom Heaton, Matt Targett	
Bournemouth	5
Joshua King, Jack Stacey, Jefferson Lerma, Ryan Fraser, Simon Francis	
Brighton	1
Dan Burn	
Burnley	0
Fékkst ekki gefið upp	
Chelsea	4
Fikayo Tomori, Christian Pulisic, Reece James, Cesar Azpilicueta	
Crystal Palace	3
Martin Kelly, Patrick van Aarnholt, Christian Benteke	
Everton	2
Bernard, Alex Iwobi	
Leicester City	2
Ricardo Pereira, Harvey Barnes	
Liverpool	3
Xherdan Shaqiri, Jordan Henderson, Alex Oxlade-Chamberlain	
Manchester City	1
Nicolas Otamendi	
Manchester Utd	2
Scott McTominay, Paul Pogba	
Newcastle Utd	8
Javi Manquillo, Jetro Willems, Jonjo Shelvey, Fabian Schar, DeAndre Yedlin, Paul Dummett	
Norwich City	4
Teemu Pukki, Ralf Fahrmann, Kenny McLean, Max Aarons	
Sheffield Utd	1
John Lundstram	
Southampton	4
Sofiane Boufal, Stuart Armstrong,Shane Long, Pierre-Emile Hojbjerg	
Tottenham	3
Tanguy Ndombele, Harry Kane, Danny Rose	
Watford	2
Will Hughes, Craig Cathcart	
West Ham United	2
Michail Antonio, Andriy Yarmolenko	
Wolverhampton	0
Fékkst ekki gefið upp	
Alls:	53



Arnór verður í eldlínunni með Íslandi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Generalprufa í Mannheim

HANDBOLTI Íslenska karlalandsliðið í handbolta leikur sinn eina æfingaleik fyrir Evrópumótið í handbolta í dag þegar það mætir Þýskalandi ytra. Vika er í að íslenska liðið hefji leik á Evrópumótinu gegn ríkjandi heimsmeisturum Dana og er þetta því síðasta tækifæri Guðmundar Guðmundssonar til að fara yfir ákveðna hluti í aðdraganda móts. Leikurinn fer fram í SAP-höllinni sem hýsir Rhein-Neckar Löwen þar sem Alexander Petersson leikur. Ef Alexander kemur við sögu á heimavelli sínum verður það í fyrsta sinn í þrjú og hálft ár sem hann leikur með liðinu eftir að hann ákvað fyrir áramót að gefa aftur kost á sér í karlalandsliðið.

Liðin mættust síðast á HM fyrir ári þar sem hálf lemstrað lið Íslands stóð lengi vel í þýska liðinu í fimm marka sigri Þjóðverja. Þá mættust liðin þrisvar í æfingaleik fyrir tveimur árum þar sem Ísland vann einn stórsigur með sautján mörkum en Þjóðverjar unnu hina tvo leikina. **– kpt**



Álagningar- og breytingarseðlar fasteignagjalda í Reykjavík 2020 verða aðeins birtir á vefsíðunni island.is og á Rafrænni Reykjavik á árinu 2020.

Álagningar- og breytingarseðlarnir verða ekki sendir í pósti í samræmi við breytingu sem gerð var á lögum nr. 4/1995 sem tók gildi 1. janúar 2019, en þá er sveitarstjórn heimilt að senda tilkynningu um álagningu fasteignaskatts rafrænt.

Á vef Reykjavíkurborgar undir „mínar síður“ geta fasteignaeigendur:


- skoðað álagningarseðil fasteignagjalda (eftir 27. janúar 2020) og alla breytingarseðla þar á eftir
- skráð sig í boðgreiðslu fasteignagjalda
- gefið upp reikningsnúmer ef til endurgreiðslu kemur
- óskað eftir að fá senda greiðsluseðla fyrir fasteignagjöldum þar sem þeir verða, líkt og áður, ekki sendir út til greiðenda, 18-77 ára
- sent inn erindi vegna fasteignagjalda

Fasteignagjöld ársins 2020, yfir 25.000 kr., greiðast með níu jöfnum greiðslum á gjalddögum 1. febrúar, 2. mars, 4. apríl, 3. maí, 1. júní, 5. júlí, 2. ágúst, 1. september og 3. október. Gjalddagi fasteignagjalda undir 25.000 kr. er 1. febrúar.


Fasteignagjöld í Reykjavík verða innheimt í netbönkum. Fasteignaeigendum er jafnframt bent á beingreiðslur hjá öllum bankastofnunum og boðgreiðslur af greiðslukortum.

Nánari upplýsingar og aðstoð má fá með því að senda fyrirspurn á netfangið upplysingar@reykjavik.is eða í síma 411 1111.

Reykjavíkurborg
www.reykjavik.is



Hálendisþjóðgarður - kynningarfundir



Umhverfis- og auðlindaráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, fer í hringferð um landið og kynnir áform um stofnun Hálendisþjóðgarðs sem nú eru til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda.

Þriðjudagurinn 7. janúar

13:30 **Borgarnes,** Hótel Hamar
17:30 **Húnavatnshreppur,** Húnavallaskóli

Miðvikudagurinn 8. janúar

11:00 **Reykjadalur,** Félagsheimilið Breiðumýri
18:00 **Egilsstaðir,** Hótel Hérað

Fimmtudagurinn 9. janúar

13:00 **Öræfi,** Hótel Skaftafell í Freysnesi
18:00 **Hvolsvöllur,** Midgard

Mánudagurinn 13. janúar

17:00 **Reykjavík,** Veröld – hús Vigdísar, fyrirlestrasalur.
Fundinum verður streymt á netinu.

Fundirnir eru öllum opnir – verið velkomin

Stjórnarráð Íslands
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN
4. JANÚAR 2020 LAUGARDAGUR



Myndin sýnir efri hluta Tungnaár úr lofti. Þetta svæði er dæmi um einstaka náttúruperlu á hálendi Íslands sem fáir hafa farið um eða uppgötvað, en ber að varðveita.

Hlúum að hjarta landsins

Hálendið er hjarta Íslands, segir **Tómas Guðbjartsson** hjartaskurðlæknir.



Tómas Guðbjartsson

Sem hjartaskurðlæknir á Landspítala get ég borið vitni um stórbættan árangur í baráttunni við kransæðasjúkdóm á síðasta aldarfjórðungi. Tekist hefur að lækka dánartíðni vegna kransæðastíflu um 80 prósent og ef svo fer fram sem horfir mun hún brátt víkja sem algengasta dánarsök Íslendinga. Það má að hluta þakka framförum í meðferð en þyngra vegur þó lækkun blóðþrýstings og kólesteróls með breyttu mataræði og fækkun þeirra sem enn reykja. Við Íslendingar getum verið mjög stoltir af þessum árangri.


Í mínum huga er hálendið hjarta Íslands. Það geymir einhver stærstu ósnortnu víðerni Evrópu en er um leið ein dýrmætasta auðlind okkar. Því miður höfum við ekki alltaf umgengist hálendið af þeirri virðingu sem það á skilið og sífellt hefur verið þrengt að því eins og um ótæmandi auðlind sé að ræða. Hjartaþröng er það kallað þegar blæðing þrengir að mannshjarta og skerðir dæluvirkni þess lífshættulega. Sumum gæti þótt samlíkingin við ástand hálendisins langsótt – en svo er ekki. Ef við hægjum ekki á virkjanaframkvæmdum á hálendinu er ljóst að ómetanlegum víðernum verður fórnað og sú fórn er óafturkræf. Sama á við um lagningu upphækkaðra vega og byggingu hótela. Er réttlætanlegt að stífla jökulárnar, kransæðar hálendisins, með virkjunum og uppistöðulónum til að framleiða raforku til mengandi stóriðju eða grafa eftir alþjóðlegum rafmyntum? Svarið er að mínu mati augljóslega nei, enda fer stóriðja, sem þegar notar 85 prósent af allri orku á Íslandi, illa saman við þá öflugu ferðaþjónustu sem er orðin helsta tekjulind okkar. Ál er ekki málið, hvað þá kísilver eða gröftur eftir glópagulli (e. bitcoin). Taka verður tillit til breyttra efnahagsforsenda við mat á forsendum orkufreks iðnaðar, auk þess sem orkugjafar eins og vindorka og virkjun sjávarfalla eiga eftir að ryðja sér til rúms í auknum mæli. Þarna verða þjóðarhagsmunir að ráða ferðinni en ekki sérhagsmunir orkufyrirtækja og erlendra viðskiptavina þeirra. Ekki er síður mikilvægt að við bregðumst ekki skyldum okkar og varðveitum náttúru landsins fyrir komandi kynslóðir.

EF VIÐ HÆGJUM EKKI Á VIRKJANAFRAMKVÆMDUM Á HÁLENDINU ER LJÓST AÐ ÓMETANLEGUM VÍÐERNUM VERÐUR FÓRNAÐ OG SÚ FÓRN ER ÓAFTURKRÆF.

Það er ánægjulegt að á vorþingi verður lagt fram frumvarp um stofnun hálendisþjóðgarðs hér á landi. Slíkur þjóðgarður yrði sá stærsti í Evrópu. Í mínum huga er þetta hagsmunamál sem helst má líkja má við stækkun landhelginnar á sínum tíma. Undirbúningsvinna hefur staðið í mörg ár og að þeirri vinnu hafa komið fulltrúar allra stjórnmálaflokka. Ljóst er að málamiðlanir þarf meðal hagsmunaaðila svo að hægt sé að koma svona stórri framkvæmd í höfn. Mikilvægt er að mótmæli einstakra sveitarfélaga og einkaaðila verði ekki til þess að stöðva málið. Sömuleiðis verða harðlínumenn í náttúruvernd væntanlega að slá af ítrustu kröfum sínum ekki síður en orkufyrirtækin. Mikilvægt er að hafa hugfast að reynsla okkar Íslendinga af þjóðgörðum og friðlýsingum er afar góð. Nægir þar að nefna Friðlöndin á Hornströndum og að Fjallabaki en einnig Snæfellsjökulsþjóðgarð og Vatnajökulsþjóðgarð sem nýlega komst á heimsminjaskrá UNESCO. Hálendisþjóðgarður yrði demanturinn í þessari kórónu. Um leið myndum við hlúa að hjarta landsins sem yrði þróttmeira en áður – og ég spái því að það tæki þá kipp sem myndi vekja eftirtekt um allan heim.



Úr lofti líkjast jökulár hálendisins víða kransæðum í mannshjarta. Frá efri hluta Tungnaár.
MYNDIR/ÓLAFUR MÁR BJÖRNSSON



Jarlhettur í nágrenni Hagavatns bjóða upp á ævintýralegt landslag.

PIER

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTS
ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTS
ALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSAL
ALA ÚTSAL SALA ÚTSAL
ÚTSALA SALA ÚTS
ÚTSALA LA ÚTS
ALA Ú TSAL
ALA Ú TSAL
A ÚTS LA Ú
A ÚTS LA Ú
SALA ÚTSA
TSALA ÚTSA
TSALA LA ÚTS
TSALA ÚT SALA ÚTS
LA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA
LA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA
ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTS
ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTS

ALLT AÐ

70%

AFSLÁTTUR

A WORLD OF INSPIRATION
PIER
BRINGING IT HOME

KORPUTORG
VIRKIR DAGAR 11- 18:30
LAU OG SUN 12-18

S: 5227870

SELFOSS
VIRKIR DAGAR 11- 18:30
LAU 10-18 SUN 12-18

S: 5227890

www.pier.is



„Ég sé mig fyrir mér á toppi fjallsins og ég sé mig líka fyrir mér koma heilan heim,“ segir John Snorri sem situr hér með eiginkonu sinni Línu Móeyju Bjarnadóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ég vildi fara giftur Línu á fjallið

John Snorri Sigurjónsson ætlar sér að klífa K2, mannskæðasta fjall heims, í vetur. Hann ræðir um förina fram undan, lífið, dauðann, fjölskylduna og ástina. Hann og Lína Móey giftu sig í desember á síðasta ári.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Jólin voru ánægjuleg hjá John Snorra Sigurjónssyni og eiginkonu hans Línu Móeyju Bjarnadóttur. Þau eiga samtals sex börn og nutu þess að eiga tíma saman áður en John Snorri heldur í för sína til að klífa K2 í Karakorum-fjallgarðinum í Pakistan sem stundum er nefnt Grimmafjall. Fjallið er 8.611 metra hátt og er talið eitt það mannskæðasta í heimi.

„Við erum stór fjölskylda, elsta stúlkan mín hún Halla Karen varð tvítug þann 2. janúar, elsta dóttir Línu heitir Silvía Stella og er átján ára. Yngsta barnið okkar Línu er hann Sigurjón Blær, tveggja ára. Baltasar Elí er þriggja og hálfs, Kjartan Orri er tíu ára og Ragnhildur Vala 12 ára. Jólin eru ánægjulegur tími og við fáum til okkar fullt af fólki og ástvinum í heimsókn. Það er alltaf líf og fjör í húsinu.“

Árið 2017 varð John Snorri fyrsti Íslendingurinn til að komast upp á topp fjallsins K2. Nú leggur hann af stað í hættuför á fjallið, engum hefur tekist að klífa það að vetrarlagi. Ef honum tekst ætlunarverk sitt verður það heimsmet.

Ævintýrið hafið

John Snorri lagði af stað í gær. Hann er leiðangursstjóri ferðarinnar og segir í því felast mikla ábyrgð. Það geti verið snúið að koma öllu heim og saman. Ekkert megi gleymast.

Hann byrjar förina á því að fljúga til Íslamabad. „Ég fer ásamt mjög reyndum fjallgöngumönnum, þeim Mingma og Gao Li. Mingma fór með mér á K2 fyrir tveimur árum og deilir líka ábyrgð með mér á skipulagi ferðarinnar. Við ætlum allir að hittast í Pakistan. Þar bíður okkar skriffinnska, við þurfum að sýna fram á að við höfum leyfi til að klífa fjallið. Herinn sér um þetta allt saman og þetta tekur tvo til þrjá daga. Þaðan förum við svo á jeppum í magnað ferðalag áleiðis að K2,“ segir John Snorri og lýsir ferðaáætlunum þeirra félaga.

„Ferðin í grunnbúðirnar er mikið ævintýri. Við förum til fjallaþorpsins Askole sem er í 3.300 metra hæð. Við keyrum fjallavegi sem eru eins og skornir í fjallið og fyrir neðan rennur beljandi fljót. Stundum koma aurskriður og jafnvel grjóthrun sem loka veginum. Við verðum með Pakistönum í för sem aðstoða okkur ef eitthvað slíkt hendir. Það er magnað að sjá hversu færir þeir eru í að takast á við erfiðar aðstæður. Mola grjótið niður eða búa til úr því brýr.

Úr fjallaþorpinu liggja engir vegir og þaðan þurfum við að ganga á skriðjökulinn Baltoro. Ég verð með þrjá Sjerpa og einn Pakistana sem hjálpa okkur við að bera farangurinn upp að grunnbúðunum,“ segir John Snorri og segir gönguna yfir skriðjökulinn líklega munu taka um sex til átta daga.

„Fólki sem þekkir ekki til kemur á óvart hvað þetta er langt ferðalag. Það tekur um þrjá mánuði. Vetrartímabilið er 1. janúar til 22. mars og á því tímabili þurfum við að toppa. Enginn hefur náð því og reyndar ekki heldur um vor. Það verður heimsmet ef okkur tekst að klífa K2. Ég held að ég sé búinn að safna saman þeim hóp sem getur klifið fjallið um vetur.“

> ÉG HEF GENGIÐ FRAM Á ROSALEGA MIKIÐ AF LÍKAMSPÖRTUM OG ÞAÐ ER ALLTAF ERFITT. ÉG BLESSA ALLTAF OG SET LITLA GRJÓTHRÚGU SEM MINNISVARÐA. MÉR LÍÐUR BETUR EF ÉG GERI ÞAÐ, ÞAÐ ER ERFITT AÐ GANGA FRAM Á EINHVERN SEM HEFUR LÁTIÐ LÍFIÐ Á SÖMU FÖR OG ÞÚ.



„Ég vil að börnin mín öðlist sjálf hugrekki til að þora að lifa sínu lífi.“

Kvöldmaturinn strauk

John Snorri segist telja að grunnbúðirnar verði neðar en oft áður. „Það þarf útsjónarsemi í að reikna út hvar er best að staðsetja þær. Árið 2015 voru þær svolítið ofarlega, það kom snjóflóð sem feykti eldhústjaldinu burt og það fannst mörgum kílómetrum frá. Við teljum líklegt að búðirnar verði staðsettar neðar en áður.

Þá tekur við vinna við að koma öllum búnaði upp. Við tökum með um sex kílómetra af línu, búnaður verður að vera í lagi til að hægt sé að ferðast af öryggi. Hæðaraðlögunin skiptir miklu máli. Við ferðumst því upp og niður á milli búða, vonandi komum við línunum áleiðis í búðir fjögur fyrir 20. febrúar, því fyrir mánaðamótin febrúar/mars viljum við hafa allt klárt. Þá bíðum við eftir ákjósanlegum veðurskilyrðum til að komast upp fjallið. Við höfum 20 daga til þess og vonandi opnast gluggi á því tímabili. Í heildina getur svona leiðangur farið upp í 90 daga og oft þarf að bíða af sér vond veður og bíða réttra skilyrða til að ná á toppinn.“

John Snorri segir veðurskilyrði hafa batnað á K2 undanfarin ár. „Þegar ég fór upp höfðu 300 manns klifið fjallið. Nú hafa um það bil 460 manns klifið fjallið. Það er töluverð fjölgun, en það sem gerir fjallið sérlega erfitt er hvað það er einangrað. Ef þig vantar eitthvað þá er erfitt að ná í það. Allur matur kemur á fæti. Kýrnar, geiturnar og hænurnar. Svo er þetta bara eins og sláturhús í búðunum. Bændur koma með dýrin sín upp í grunnbúðirnar til að selja þau. Síðast þegar ég fór var keypt kýr sem svo strauk og slapp. Þegar við vöknuðum þá var hún bara horfin! Við fundum hana ekki fyrr en tveimur dögum seinna.“

Skammt milli lífs og dauða

Hvað er það sem fær þig til að leggja svona mikið á þig til að standa á tindi hættulegasta fjalls í heimi?

„Þegar ég er í fjöllunum þá finnst mér ég skynja sterkt náttúruna og fjöllin, ég á bágt með að lýsa þeirri vellíðan sem ég finn fyrir. Hingað til hef ég tekið góðar ákvarðanir á fjöllum og allar ferðir á stór fjöll hafa gengið vel upp. Ég hef aldrei þurft frá að hverfa. Einu sinni var ég gagnrýndur fyrir að halda ótrauður áfram á toppinn. Við byrjuðum 60 en enduðum ellefu á toppnum. Ég fékk símtöl frá fólki sem spurði mig hvað ég hefði eiginlega verið að hugsa. Það er stundum erfitt að útskýra fyrir fólki að

ÉG HUGSA OFT UM DAUÐANN OG HVAÐ TEKUR VIÐ. ÞAÐ FYLGIR FJALLAMENNSKUNNI. ALLIR SEM FARA Á FJÖLL VITA TÖLFRÆÐINA, VITA HVAÐ ÞEIR ERU AÐ FARA ÚT Í.



„Við Lína tókum ákvörðun um að gifta okkur. Athöfnin var 14. desember og það var skemmtilegt partí. Ég vildi fara giftur Línu á fjallið.“ MYND/GÍGJADÖGG

ákvarðanir sem virðast fífldjarfar eru stundum þær skynsömustu miðað við aðstæður.

En svo er maður að eiga við móður náttúru og henni verður ekki stýrt. Maður þarf að fylgjast vel með og lesa í merki. Í fimm skipti hef ég náð að hlaupa frá snjóflóði með því að lesa rétt í aðstæður og fylgjast með.“

En hefur þú lent í lífshættu?

„Ég hef lent í aðstæðum þar sem tveir metrar skildu á milli lífs og dauða. Ég lenti í snjóflóði og var fastur í línu upp við klettabelti. Það var reynsla sem ég bý að og ég komst að því að ég get tekist á við slíkar aðstæður af ró og yfirvegun. Ég finn ekki til örvæntingar í hættulegum aðstæðum því ég óttast ekki dauðann.“

Hvernig hugsar þú um dauðann?

„Ég hugsa oft um dauðann og hvað tekur við. Það fylgir fjallamennskunni. Allir sem fara á fjöll vita tölfræðina, vita hvað þeir eru að fara út í. Fólk er það sjálft á fjöllum, það er ekki með neina brynju. Þegar fólk reynir svona mikið á sig þá er ekki annað hægt en að vera sannur. Sumir segja að fjallgöngur sýni innri mann og sýni það besta og versta í fólki.

Elstu börnin svolítið hrædd

Þegar ég er spurður að því hvort ég óttist dauðann þá svara ég oft að hann trufli mig ekki. Það er mikilvægt því þú þarft að halda 100 prósent einbeitingu í fjallinu. Ég get lýst þessu betur með dæmi sem einhverjir geta samsamað sig. Ef þú ert lofthræddur og gengur á klettasyllu þá hættir þér ef til vill til að hugsa mikið um hvað það er langt niður, þú sérð fyrir þér fallið. Hræðslan verður til þess að þú missir einbeitingu, dauðinn er að trufla þig.“

Eru börnin þín hrædd um að missa þig? Og hvað segir þú við fjölskylduna?

„Já, elstu börnin eru svolítið hrædd, þau taka þessu á misjafnan hátt. En ég tala um þetta við þau og ferðalagið fram undan, ég vil að börnin mín öðlist sjálf hugrekki til að þora að lifa sínu lífi. Að þau séu hugrökk og láti ekki ótta trufla sig. Ég hef oft sagt við þau: Þið getið orðið allt sem þið viljið. Þetta er bara spurning um hugarfar. Og hvað þú ert tilbúinn að leggja í það til að það verði að veruleika. Konan mín þekkir þennan veruleika vel því hún hefur verið svolítið með mér á fjöllum. Það er gott því maður óttast oft það sem maður þekkir ekki. Ég finn samt, þótt hún standi 100 prósent á bak við mig, að hún er stressaðri en áður. Hún verður líka ein næstu þrjá mánuði með börnin og það er ekki auðvelt. Það er mikið lagt á hana.“

Guð með mér á fjallinu

Þú hefur misst vini, sem hafa dáið í fjöllunum. Hvernig höndlar þú svoleiðis?

„Það hefur enginn dáið í mínum hóp. En ég þekkti göngumenn sem hafa dáið í fjöllunum. Það er dálítið sjokk að fá slíkar fréttir, sér í lagi ef maður er á göngu þegar maður fær fréttirnar. Fyrir mér er það áminning um að vera einbeittur.



John Snorri er þrautreyndur fjallgöngumaður og kleif K2 fyrir tveimur árum.

Dauðinn er nálægur á fjöllum. Ég hef gengið fram á rosalega mikið af líkamspörtum og það er alltaf erfitt. Ég blessa alltaf og set litla grjóthrúgu sem minnisvarða. Mér líður betur ef ég geri það, það er erfitt að ganga fram á einhvern sem hefur látið lífið á sömu för og þú.“

Ertu trúaður?

„Ég er kristinnar trúar og ég bið oft til guðs. Ég veit að hann er með mér á fjallinu og mér líður oft vel í vissunni um að Guð er förunautur minn. Í fjallgöngum er maður oft berskjaldaður og þreyttur og þá kemur trúin sterkt inn. Maður er að berjast við mótlæti og líkaminn kallar á þig allan tímann að hætta og gefast upp. Þetta er spurning um að halda hugsuninni sterkri og það er svolítið skrýtið en mér finnst ég betri og finn fyrir meiri krafti í að berjast gegn mótlæti því hærra sem ég klíf.“

Leiðangur Johns Snorra er nú hafinn. Kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir 22 til 24 milljónum og hann er enn að safna fyrir kostnaði. Hann kallaði eftir aðstoð við fjármögnun í desember þegar hann kleif Esjuna fjórtán sinnum. „Aðalfjárfestirinn okkar datt út í október, það var virkilega óþægilegt og við þurftum að hugsa um aðrar leiðir. Ég og Gao Li erum enn að safna fyrir kostnaði við ferðalagið, við þurfum að gera upp laun og annan kostnað í lok ferðar. Við erum bjartsýnir.“

Erfiðar ákvarðanir fyrir Línu

John Snorri segir undirbúning undir ferðalagið fyrst og fremst hafa falist í andlegum undirbúningi. „Ég hef auðvitað reynt að komast í gott form en þetta er að mestu huglægt. Þegar ég kleif fjallið síðast þá var ég búinn að sjá mig standa á toppnum. Það skiptir máli að vera andlega búinn til að taka á mótlæti með jákvæðu hugarfari. Þannig er léttara að yfirstíga hindranir. Þar kemur reynslan inn, að taka eitt skref er að vera einu skrefi nær, þó að það séu 1.000 skref eftir.“

Það er mikið í húfi fyrir þig að snúa aftur heill á húfi?

„Jú, og ég veit að það er mín fyrsta skylda að koma lifandi heim. Það getur auðvitað allt gerst og Lína hefur brýnt fyrir mér að ég verði að koma heim og þurfi að vera tilbúinn að taka erfiðar ákvarðanir ef ég lendi í erfiðum aðstæðum. Ég þurfi að muna að þeir sem ferðast með mér séu á eigin ábyrgð. Þetta er erfitt og mörgum sinnum hefur það komið fyrir á fjöllum að menn reyna að bjarga mönnum sem er ekki hægt að bjarga. Það er eðli mannsins, þú myndir bjarga versta óvini þínum. Þetta ætla ég að virða því það bíður mín fjársjóður heima.

Við Lína tókum ákvörðun um að gifta okkur. Athöfnin var 14. desember og það var skemmtilegt partí. Ég vildi fara giftur Línu á fjallið. Konan mín stendur með mér og það skiptir rosalega miklu máli því ef hún gerði það ekki þá væri þetta svo miklu erfiðara.“

Hafa margir spurt þig hvort þú hafir gift þig vegna þess að þetta er hættuför? Vegna þess hve margir hafa látið lífið á K2?

„Nei, enginn. Bara þú held ég. En ég veit að þetta kemur upp í huga fólks þó að það orði það ekki við mig. Ég sé mig fyrir mér á toppi fjallsins og ég sé mig líka fyrir mér koma heilan heim.“

LÍNA HEFUR BRÝNT FYRIR MÉR AÐ ÉG VERÐI AÐ KOMA HEIM OG ÞURFI AÐ VERA TILBÚINN AÐ TAKA ERFIÐAR ÁKVARÐANIR EF ÉG LENDI Í ERFIÐUM AÐSTÆÐUM. ÉG ÞURFI AÐ MUNA AÐ ÞEIR SEM FERÐAST MEÐ MÉR SÉU Á EIGIN ÁBYRGÐ.

11. janúar
Forseta- og þingkosningar í Taívan. Núverandi forseti, Tsai Ing-wen, með sína hörðu afstöðu gagnvart Kína, er í framboði annað kjörtímabilið í röð.

25. janúar
Ár rottunnar hefst í Kína. Kínverska nýárið, sem kallað er vorhátíð, er mikilvægasta fjölskylduhátíð Kínverja. Tímatalið skiptist í tólf ára dýrahring og langbest þykir að vera fæddur á ári rottunnar. Árið stendur til 11. febrúar 2021.

31. janúar
Eftir kosningasigur Boris Johnson og eftir að hafa seinkað Brexit tvisvar mun Bretland formlega ganga úr Evrópusambandinu eftir 47 ára veru.

9. febrúar

Óskarsverðlaunin, veitt kvikmyndagerðarmönnum og öðrum sem starfa við kvikmyndir, fara fram í Los Angeles í Bandaríkjunum.

21. febrúar
Þingkosningar haldnar í Íran undir vökulu auga tólf manna byltingarráðs klerkastjórnarinnar sem þarf að samþykkja alla frambjóðendur.

2. mars
Þingkosningar haldnar í Ísrael í þriðja skipti á einu ári eftir að stjórnmálaflokkunum hefur mistekist að mynda samsteypustjórn.

Mars
Ríkisstjórn Nepals stendur fyrir talningu á indverskum nashyrningum *(Rhinoceros unicornis)* í landinu. Árið 2015 voru þessi einhyrndu dýr talin vera 654 í Nepal.



2. apríl
„Enginn tími til að deyja“, nýjasta James Bond myndin, frumsýnd með leikaranum Daniel Craig sem 007.

22. apríl

Dagur jarðar, sem helgaður er fræðslu um umhverfismál, verður haldinn hátíðlegur víða um heim.

26. apríl
Kosningar haldnar um stjórnarskrá Síle.

Maí
Forsetakosningar verða í Póllandi. (dagsetning óákveðin). Núverandi forseti, Andrzej Duda, er kjörgengur.

20. maí
Heimsdagur býflugna sem ætlað er að varpa ljósi á nauðsyn verndar býflugnastofnsins sem þriðjungur matvælaframleiðslu heimsins byggir á. Hnignun má rekja til notkunar skordýraeiturs og loftslagsbreytinga.

Maí
Þingkosningar í Eþíópíu (dagsetning óákveðin).

12. maí
400 ár frá fæðingu hjúkrunarkonunnar, rithöfundarins og tölfræðingsins *Florence Nightingale* (1820–1910) sem lagði meginreglurnar í nútíma hjúkrun og hreinlætisráðstöfunum sjúkrahúsa. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur tilnefnt 2020 sem ár hjúkrunarfræðingsins.





Kosningar í Bandaríkjunum 3. nóvember verða væntanlega fyrirferðarmesta fréttaefni ársins.

Tsai Ing-wen forseti Taívans.

Eftirmálar Brexit halda Boris Johnson uppteknum á árinu.

Spennandi ár fram undan

Árið 2020 verður viðburðaríkt ár. Ár rottunnar gengur í garð á kínversku nýári. Gengið verður til mikilvægra kosninga víða um veröld og haldnir verða stórir íþróttaviðburðir.


Geimferðir verða fyrirferðarmiklar í fréttum ársins.


Heimsdagur býflugna verður haldinn í maí.


12.-15. maí
Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2020 haldin í Rotterdam í Hollandi. Hún var síðast haldin þar í landi árið 1975.

10. júní
Donald Trump Bandaríkjaforseti hýsir leiðtogafund sjö helstu iðnríkja heims, G7, í Camp David, hvíldarsetri bandarískra forsetaembættisins í Maryland. Efnahagur heimsins er brýnasta áhyggjuefnið.

12. júní
Evrópukeppnin í knattspyrnu 2020 (UEFA Euro 2020) fer fram í 12 borgum í 12 Evrópuríkjum frá 12. júní til 12. júlí. Minnst verður 60 ára afmælis keppninnar.

12. júní
Suður-Ameríkubikarinn í fótbolta (Copa America 2020) fer fram í Argentínu og Kólumbíu 12. júní til 12. júlí.

17. júlí
Áætlað er að geimflaug NASA til *Mars* verði skotið á loft þar sem á að rannsaka lífvænleika. Áætluð lending er 18. febrúar 2021 og dvölin á Mars verður 687 jarðardagar.



24. júlí
Sumarólympíuleikar 2020 hefjast í Tókýó í Japan. Þetta eru 32. leikarnir og standa þeir frá 24. júlí til 9. ágúst. Meira en 11 þúsund íþróttamenn frá 206 löndum verða í 324 keppnisgreinum 33 alþjóðasérsambanda.

26. júní
Aðildarríki *Sameinuðu þjóðanna* munu fagna 75 ára afmæli stofnskrár samtakanna. Þess verður einnig minnst 21. september með sérstökum fundi Allsherjarþingsins með þemað „Framtíðin sem við viljum – SÞ sem við þurfum: Sameiginleg skuldbinding okkar gagnvart marghliða samvinnu áréttuð.“

26. júlí
ExoMars, könnunarfari til plánetunnar *Mars*, skotið á loft frá Baikonur í Kasakstan. Verkefninu, sem er á vegum Geimferðastofnunar Evrópu og Rússnesku geimrannsóknarstofnunarinnar, er ætlað að kanna efnafræði og líf á rauðu plánetunni. Áætluð lending er 19. mars 2021.

25. ágúst
Ólympíumót fatlaðra hefst í Tókýó í Japan og stendur til 6. september.

6. september
Íbúar Nýju-Kaledóníu, eyjaklasa í Suðvestur-Kyrrahafi, 1.500 kílómetrum norðaustan við Nýja-Sjáland, munu kjósa um sjálfstæði frá Frökkum.

19. september
Bandarísk-búlgarski nútímalistamaðurinn Christo, sem þekktur er fyrir að vefja inn ýmsum hlutum, þar á meðal skýjakljúfum, mun vefja *Sigurboganum* í París inn í 25.000 fermetra silfurblátt efni og nota til þess 7.000 metra af rauðu reipi. Uppsetningin stendur í 16 daga.



18. október
Heimsmeistarakeppnin í krikket (2020 ICC T20 World Cup) verður haldin í átta borgum í Ástralíu. Krikket er næstvinsælasta íþrótt heims með um 2,5 milljarða áhangenda.

20. október

Heimssýningin (2020 World Expo) opnuð í Dúbaí, Sameinuðu arabísku furstadæmunum, undir kjörorðunum „Tenging hugar, sköpun framtíðar“. 180 ríki sýna á 438 hektara sýningarsvæði.

September
Íbúar Hong Kong kjósa til 70 sæta löggjafarþings, sem er í dag að mestu skipað stuðningsmönnum Kínastjórnar (dagsetning óákveðin).

26. september
„Global Goal Live“, 10 klukkustunda tónleikar, verða haldnir í fimm heimsálfum, til að minna á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um að binda enda á fátækt árið 2030.

31. október
Brandenborgarflugvöllur í Berlín í Þýskalandi loks (vonandi) opnaður eftir níu ára framkvæmdatafir.

3. nóvember
Forsetakosningar og þingkosningar haldnar í Bandaríkjunum.

4. nóvember
Bandaríkin fara formlega úr Parísarsamkomulaginu, samþykkt innan Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem fæst við útblástur gróðurhúsalofttegunda. Donald Trump Bandaríkjaforseti dró þátttökuna til baka í júní 2017.

9. nóvember
Loftslagsfundur Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC) verður haldinn í Glasgow í Skotlandi og stendur til 20. nóvember.


Nóvember
Þingkosningar haldnar í *Egyptalandi* (dagsetning óákveðin).



11. nóvember
Þess minnst að 400 ár eru síðan enska seglskipið Mayflower kastaði akkerum þann dag árið 1620 við Þorskhöfða á Nýja-Englandi. Enskir púrítanar stofnuðu það ár nýlendu í Nýja heiminum.

21. nóvember
Tveggja daga leiðtogafundur G20-ríkjanna (19 stærstu iðnríkja heims og Evrópusambandsins) hefst í Sádi-Arabíu.

Desember
Farartækið Hayabusa-2, á vegum japönsku geimferðastofnunarinnar (JAXA), sem hefur rannsakað og safnað dýrmætum sýnum úr smástirninu *Ryugu* í 8,8 milljón kílómetra fjarlægð frá Jörðu, mun lenda í Suður-Ástralíu eftir tæplega sex ára ferðalag.



10. desember
Alþjóðlegur dagur mannréttinda haldinn hátíðlegur víða um heim en Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var samþykkt 10. desember 1948.

Desember
Tónleikar og hátíðahöld verða haldin víða um heim í tilefni 250 ára afmælis *Ludwigs van Beethoven*.



david@frettabladid.is

FÓLK
Helgin
LAUGARDAGUR 4. JANÚAR 2020



Dyr á milli lifandi og framliðinna opnast í Fríkirkjunni í Reykjavík á morgun þegar tveir af mögnuðustu miðlum þjóðarinnar, Þórhallur Guðmundsson og Sirrý Berndsen, leiða þar skyggnilýsingu. ➔6



Garðar hefur náð stórkostlegum árangri í söngnum á erlendri grundu, nú síðustu ár í söngleik eftir Andrew Lloyd Webber, Love Never Dies, þar sem hann fór með aðalhlutverkið. Verkið er framhald Óperudraugsins, Phantom of the Opera, sem Garðar hefur líka sungið hlutverk í. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGRTYGGUR ARI

Gott að vera aftur í faðmi fjölskyldunnar

Óperusöngvarinn Garðar Thór Cortes er kominn heim eftir að hafa dvalið langdvölum erlendis síðustu ár. Hann segir gott að vera kominn í faðm fjölskyldunnar. Garðar mun heilla áhorfendur á Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem hann hlakkar mikið til enda mikil stemming. ➔2



Framhald af forsíðu

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Garðar Thór kemur fram á hinum árlegu Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands en síðast var það 2015. Hann segist hlakka mikið til tónleikanna enda sé viss hátíðleiki yfir þeim. Garðar hefur ekki verið áberandi á Íslandi undanfarin ár enda mikið verið erlendis. Hann hefur sungið aðalhlutverkið í Love Never Dies sem er framhald af Óperudraugnum, Phantom of the Opera, eftir Andrew Lloyd Webber. Það var reyndar Andrew sjálfur sem bauð honum hlutverkið eftir að hann sá hann syngja í Royal Albert Hall í London. „Ég vissi ekki að Webber, Tim Rice og Cameron Mackintosh væru í salnum þegar ég flutti eitt lag úr þessum söngleik, Love Never Dies, ásamt öðrum lögum á tónleikum sem haldnir voru í tilefni 50 ára starfsafmælis Elaine Paige árið 2014," segir Garðar en þess má geta að Elaine söng aðalhlutverk í fyrsta söngleik Webbers, Evitu, árið 1978.

Líkt og Spielberg bankaði upp á og byði hlutverk

„Eftir tónleikana komu þeir baksviðs til að heilsa upp á söngkonuna og spurðu um leið hvaða söngvari þetta væri sem hefði sungið með henni. Webber bauð mér að syngja í Óperudraugnum í Hamborg árið eftir og í París. Í framhaldinu bauð hann mér að túra um Bandaríkin með uppsetningu á Love Never Dies. Þetta ævintýri tók alls þrjú ár og maður gerði lítið annað þann tíma en syngja nánast hvert einasta kvöld. Við sungum í stórum leikhúsum í öllum helstu fylkjum Bandaríkjanna og dvöldumst mislengi á hverjum stað. Í stærstu borgum, eins og til dæmis Los Angeles, Las Vegas, Boston og Chigaco, dvöldum við í tvær til þrjár vikur í senn en á öðrum stöðum var styttra stopp. Áhorfendur voru frá 2-5.000 á hverri sýningu," greinir Garðar frá.

„Þetta var skemmtilegur tími og mikið ævintýri en nú er þetta blessunarlega búið. Ég er fjölskyldumaður og það á ekkert sérstaklega vel við mig að vera svona lengi í burtu. Reyndar hef ég alltaf tekið að mér hlutverk í útlöndum en þá hef ég skroppið í stuttan tíma. Það finnst mér reyndar mjög gaman. Maður missir af svo mörgu þegar maður er lengi í burtu. Ég verð þó að viðurkenna að það er upphefð þegar Andrew Lloyd Webber velur mann í hlutverk og var stórt tækifæri fyrir mig. Ég gæti líkt því við að Steven Spielberg myndi bjóða mér að leika í kvikmynd hjá sér."




Frá sýningu Óperudraugsins í London. Garðar til vinstri ásamt þeim John Owen Jones, Sierra Boggess, Celinde Schoenmaker, Ben Forster og Scott Davis.

Hjartað slær í óperunni

Þegar Garðar er spurður hvort þessi vegferð skapi honum ekki ákveðið nafn í þessum heimi með fleiri flottum tilboðum, svarar hann: „Jú, auðvitað. Hins vegar er þetta söngleikjageirinn og ég hef alltaf verið heppinn með að geta sungið mismunandi tónlistarform. Í grunninn er ég þó óperusöngvari enda menntaður sem slíkur og hjarta mitt slær í þá átt. Söngleikir hafa þó fylgt mér frá því ég var í námi. Ég söng fyrst í söngleik í Þjóðleikhúsinu, West Side Story, þegar ég var tvítugur og seinna í West End í London, þá hlutverk Raoul í Phantom of the Opera. Þessi ferð mín í söngleikjaheiminum hefur opnað margar dyr og hefur verið ánægjulegt að kynnast mörgum sem starfa við hann. Mér líður hvergi betur en á sviðinu, bæði að syngja og leika. Lengi vel vissi ég ekki hvort ég ætti að velja mér sönginn eða leiklist."

Garðar segir að óperur séu fluttar kannski fjórum sinnum eða upp í tólf skipti og það getur liðið tími á milli þeirra. Söngleikir eru hins vegar sýndir mörgum sinnum í viku. „Það gefur manni færi á að vera meira á sviðinu," segir hann. „Það eru forréttindi að vera á sviði, geta leikið og sungið, verið með drama eða gleði og gefið af sér. Satt að segja er það virkilega gaman. Ég hef verið lánsamur og er þakklátur fyrir það," segir söngvarinn.

Fram undan eru Vínartónleikar og síðan verður Garðar með tónleika um páskana, bæði í borginni og á Akureyri þar sem hann flytur níundu sinfóníu Beethovens. „Í þessu starfi veit maður aldrei hvað kemur upp næst. Ég á líka í samræðum við þýsk óperuhús um þessar mundir. Umboðsmaður minn sér alfarið um alla samninga fyrir mína hönd en það er nauðsynlegt að hafa einn slíkan í þessu starfi."



Meghan Picerno og Gardar Thor Cortes í New York þegar þau voru á tónleikatúr með Andrew Lloyd Webber söngleikinn, Love Never Dies. Þau ferðuðust um öll Bandaríkin og sýningarnar voru nánast daglega. NORDICPHOTOS/GETTY

Prívatmaður að upplagi

Garðar segist vera prívatmaður. Hann sinnir starfi sínu en kýs frekar að halda á hótel eftir sýningu í stað þess að fagna með fólki. „Ég legg alla mína krafta í það sem ég er að gera hverju sinni og kúpla mig út að loknu starfi. Ferðalagið um Bandaríkin var strembið, eini frídagurinn var mánudagur en þá ferðuðumst við á milli staða. Stundum þurfti að fljúga á milli tímabelta og loftslags. Var alltaf á nýju hóteli, svaf í nýju rúmi og til lengdar er það þreytandi og tekur á mann. Reyndar fékk ég íbúð þegar við dvöldum í tvær til þrjár vikur á sama stað. Það getur verið leiðigjarnt að búa á hótelum, jafnvel þótt þau séu mjög góð," segir Garðar.

Fjölskylda Garðars hefur vanist því að hann sé mikið að heiman. Kona hans, Elva Dögg Melsteð, heimsækir mann sinn þegar því verður komið við. Garðar á níu ára son sem er feginn núna að fá pabba heim en Elva á þrjú börn úr fyrra sambandi. „Börnin sögðu þegar ég kom heim: „Þú ferð ekki aftur svona lengi í burtu." Ég er hjartanlega sammála þeim," segir Garðar en þau Elva eru nýlega búin að festa kaup á húsi í Vesturbænum sem þau eru himinsæl með. Garðar var að vonum ánægður með að dvelja með fjölskyldunni um nýliðin jól en þannig hefur það ekki alltaf verið. „Það eru þess konar stundir sem ég held mikið upp á auk hversdagslífsins á Íslandi."

Aðhyllist veganfæði

Þegar Garðar er spurður um rútínu söngvara sem alltaf er á ferðalagi, hvernig mataræði sé háttað og hvort tími sé til hreyfingar eða útivistar, segist hann hugsa vel um sig. „Ég er mikill hafragrautsmaður og byrja daginn alltaf á honum ef mögulegt er. Það er ágætis framboð af hafragraut á hótelum eða nærliggjandi kaffihúsum. Auðvitað getur mataræðið verið flókið þegar maður er alltaf á ferðinni en ég reyni að velja hollan mat," upplýsir Garðar sem er vegan og borðar hvorki kjöt né fisk. „Ég er samt enginn öfgamaður og ef mér er boðið í matarveislu þar sem er kjöt eða fiskur þá fæ ég mér auðvitað. Ég er umhverfissinni og tel að veganmataræði geri bæði okkur og umhverfinu gott. Sem betur fer hef ég verið heppinn með heilsuna og röddina. Hreyfing mín hefur helst verið á sviðinu enda er þetta hlutverk krefjandi sem ég hef verið í. Að auki reyni ég að ganga mikið þegar ég er erlendis. Það er reyndar mjög freistandi að hoppa upp í bíl hér heima og keyra á milli staða."

Alinn upp í tónlist

Garðar er alinn upp á listaheimili þar sem tónlistin ómaði. Faðir hans, Garðar Cortes óperusöngvari, og móðir hans, Krystyna Cortes konsertpíanóleikari, eiga þrjú börn sem fetað hafa sömu braut. Nanna er söngkona við Óperuna í Ósló og yngsti bróðirinn, Aron, er að ljúka söngnámi í Salzburg og að hefja sinn feril. Elsta dóttir Garðars eldri, Sigrún, valdi hins vegar að verða kennari.

Nú hlakkar Garðar til Vínartónleikanna sem hefjast á fimmtudaginn. Það er Jóna G. Kolbrúnardóttir sem syngur ásamt honum en þau hafa ekki sungið saman áður. „Valsinn býður upp á fjörug og skemmtileg lög, tónleikarnir eru alltaf vel sóttir og stemmingin afar góð," segir hann. „Sinfónían er skipuð frábæru tónlistarfólki sem er eins og ein stór fjölskylda og það er bæði heiður og forréttindi að fá að starfa með henni."





Birgir Þórðarson, leiðsögumaður, teblöndunarmeistari og afi með meiru, veit hvað það skiptir miklu máli að hafa meltinguna í lagi og huga að heilbrigði þarmaflórunnar fyrir heilsuna alla. Hann fann fljótt hvað **Probi Mage** gerði honum gott og tekur 1 hylki á dag.

abel heilsuvörur www.abelheilsuvorur.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

Tíðni mígrenikasta minnkaði verulega

Þarmaflóran gegnir gríðarlega mikilvægu hlutverki í heilsufari okkar, hvort sem um er að ræða líkamlega eða andlega heilsu. Gagnlegir stofnar góðgerla geta dregið úr líkum á ýmsum kvillum.



Bio Kult Migréa er ný vara í Bio-Kult góðgerlalínunni sem margir kannast við.

Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á að þarmaflóran gegni lykilhlutverki í samspili garna og heila (gut-brain-axis) og getur ójafnvægi í þarmaflórunni m.a. tengst ýmsum taugasjúkdómum. Tenging milli tauga- og meltingarfærasjúkdóma getur hugsanlega verið afleiðing aukins gegndreypis í þörmunum þar sem óæskileg efni úr þeim ná að komast út í blóðrásina og valda ýmiss konar bólgum. Gagnlegir stofnar af örverum í þörmunum gegna lykilhlutverki í að styðja við heilbrigði meltingarfæranna ásamt því að viðhalda og bæta virkni þarmanna og breyta þannig ónæmissvörun ásamt því að draga úr bólgum.

Ójafnvægi á þarmaflóru

Þegar ójafnvægi kemst á þarmaflóruna (örveruflóruna) í meltingarveginum, koma fram óþægindi sem geta verið af ýmsum toga. Þetta er t.d.:

- Uppþemba
- Brjóstsviði
- Harðlífi/niðurgangur
- Sveppasýkingar
- Húðvandamál
- Höfuðverkur/mígreni
- Iðraólga (IBS)

Mataræði, lyf og streita

Það er ýmislegt sem getur valdið ójafnvægi á þarmaflórunni þannig að við finnum fyrir óþægindum. Slæmt mataræði hefur mikil áhrif og eins og alltaf eru unnin matvæli og sykur þar fremst í flokki. Lyf eins og sýklalyf, sýrubindandi lyf og gigtarlyf eru slæm fyrir þarmaflóruna og svo getur streita einnig haft alvarlegar afleiðingar.

Bio-Kult Migréa

Bio-Kult Migréa er blanda af 14 góðgerlastofnum sem inniheldur einnig magnesíum og B6-vítamín en það tvennt stuðlar að eðlilegri starfsemi taugakerfisins og dregur úr þreytu og lúa. Magnesíum stuðlar einnig að eðlilegri sálfræðilegri starfsemi á meðan B6 stuðlar að eðlilegri starfsemi ónæmiskerfisins og að því að halda reglu á hormónastarfseminni.

> **Bio-Kult Migréa er vísindalega þróuð og fjölvirk blanda sem inniheldur 14 stofna af góðgerlum ásamt magnesíum og B6-vítamíni til að ná bæði til meltingarfæra og heilastarfsemi.**

Bio-Kult Migréa er ný vara í Bio-Kult góðgerlalínunni sem margir kannast við. Hver vara er sérstök og hönnuð til að vinna á eða draga úr ákveðnum einkennum. Migréa, eins og nafnið bendir til, er þróað með það í huga að ná bæði til meltingarfæra og heilastarfsemi. Eins og fram kemur hér að framan eru tengsl milli þarmaflóru og annarrar líkamsstarfsemi vel þekkt og er talið að léleg þarmaflóra geti m.a. haft áhrif á höfuðverki og tíðni þeirra.

Bio Kult Migréa inniheldur:


- 14 góðgerlastofna (2 milljarðar gerla í hverju hylki)
- B6-vítamín
- Magnesíum

Hylki og innihald er vegan og hentar einnig fyrir ófrískar konur.

Heilbrigður lífsstíll

Eins og ávallt þarf að huga vel að lífsstílnum og tileinka sér heilbrigt líferni. Sofa nóg, hreyfa sig daglega, drekka vatn og borða hreinan og óunninn mat. Forðast óreglu, sykur og áfengi í óhófi og muna að þakka fyrir hvern dag og vera glaður. Við getum öll náð ótrúlegum árangri ef viljinn er fyrir hendi.

ERTU MEÐ **STERK BEIN**?
BEINVERND ER MIKILVÆG ALLA ÆVI



OSTEO ADVANCE er fullkomin blanda fyrir beinin
- **Kalk og magnesíum** í réttum hlutföllum
- **D vítamín** tryggir upptöku kalksins
- **K2 vítamín** sér um að kalkið skili sér í beinin

vegan



Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana

Spennandi áfangastaðir 2020

Bókunarsíðan Airbnb tók saman lista yfir staði sem líklega verða vinsælir árið 2020 miðað við aukningu á bókunum. Þar eru ýmsir áhugaverðir staðir fyrir fólk sem vill feta nýjar slóðir á árinu.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Sá staður þar sem bókunum fjölgaði mest á Airbnb þegar listinn var tekinn saman er borgin Milwaukee í Wisconsin-fylki í Bandaríkjunum. Airbnb telur skýringuna á því vera að þjóðarráðstefna Demókrataflokksins verður haldin þar í ár. En fyrir hinn almenna ferðamann er margt spennandi að sjá og gera í Milwaukee. Áin Milwaukee rennur gegnum borgina og gaman er að ganga eftir göngustígnum meðfram ánni og upplifa mannlífið þar. Fjöldi veitingastaða og kráa eru við göngustíginn og listaverk eru til sýnis hér og þar á leiðinni. Þar má einnig finna litrík skilti með upplýsingum um sögu borgarinnar.

Historic Third Ward hverfið er einn vinsælasti ferðamannastaðurinn í Milwaukee. Áður fyrr var hverfið drungalegt og fullt af vörugeymslum, en í dag er það tísku- og hipsterahverfi þar sem allt iðar af lífi. Þar er mikið úrval af veitingastöðum, leikhúsum, listasöfnum og handverksbúðum. Það er ekkert beint flug til Milwaukee frá Íslandi en hægt er að fljúga til Chicago, leigja bílaleigubíl og keyra meðfram Michigan-vatni norður til borgarinnar. Það er um þriggja tíma akstur, leiðin er mjög falleg og tilvalið að gefa sér góðan tíma í ferðina og stoppa á leiðinni.

Kastalar og stórbrotin náttúra

Rúmenía er náttúruperla sem er í 5. sæti á lista Airbnb yfir aukningu á bókunum fyrir árið 2020. Rúmenía er þekkt fyrir volduga skóga og gömul fjallaþorp. Auk þess er Rúmenía heimili Brankastala, sem er betur þekktur sem Drakúlakastalinn. Í Rúmeníu er mikið af gömlum byggingum frá ýmsum tímum sem gaman er að skoða. Auk Brankastala er þar Peleskastali sem af mörgum er talinn einn fallegasti kastali í Evrópu. Náttúra Rúmeníu er stórbrotin og tilvalið að njóta hennar með því að fara í göngu í Karpatafjöllum. Þar eru göngustígar bæði fyrir vant og óvant göngufólk og útsýnið yfir tilkomumikil jökulvötn og fossa er stórfenglegt.

Annar áfangastaður í Evrópu sem komst á lista Airbnb er borgin Maastricht í Hollandi. Þangað er einfalt að komast með beinu flugi til Amsterdam eða Brussel þaðan sem hægt er að taka lest yfir til Maastricht. Fyrir fólk sem vill skreppa í stutta ferð er Maastricht

» Vanúatú er líklega sá mest framandi af þeim stöðum sem hér eru taldir upp. Þar er mikil náttúrufegurð og fjölbreytt dýralíf

því tilvalinn áfangastaður. Í Maastricht er mikið af sögulegum byggingum og litlum þröngum götum sem gaman er að þræða. Árlega er haldin stór listamessa í borginni sem laðar að sér fjölda listafólks, sölufólks og gagnrýnenda.

Annar ferðamannastaður sem líklega er sá mest framandi fyrir Íslendinga af þessum stöðum sem hér eru taldir upp er Vanúatú, eyjaklasi norðaustan við Ástralíu. Vanúatú samanstendur af um það bil 80 eyjum sem flestar urðu til í eldgosum. Á Vanúatú er mikil náttúrufegurð og hægt er að skoða hella, eldfjöll og dýralíf eða einfaldlega njóta þess að slaka á við guðdómlega fallegar strendur eyjanna. Að ferðast til Vanúatú frá Íslandi er kannski ekki einfalt eða fljótlegt. En fyrir fólk sem hefur mjög góðan tíma og góðan ferðasjóð er það vel þess virði að heimsækja þessar fallegu suðrænu eyjar.



Rúmenía er heimili Brankastala sem er betur þekktur sem Drakúlakastalinn.



Flugeldar í Milwaukee lýsa upp Michiganvatn. MYNDIR/NORDICPHOTOS/AFP



Í Maastricht er mikið af fallegum byggingum og þröngum götum.



Vanúatú er eyjaklasi í Kyrrahafinu sem er þekktur fyrir náttúrufegurð.

FD- FÉLAG DÁLEIÐARA KYNNIR:

ALÞJÓÐLEGI DÁLEIÐSLUDAGURINN

4. janúar 2020 • Sigtúni 42, Reykjavík • kl. 14-16

Í tilefni Alþjóðlega dáleiðsludagsins 4. janúar verður Félag dáleiðara með opið hús. FD býður öllum sem vilja kynna sér dáleiðslu og þá möguleika sem dáleiðsla býður uppá að mæta í Sigtún 42, Reykjavík milli kl. 14-16.

Þar gefst gestum kostur á að hitta dáleiðara, fræðast um dáleiðslu og hvernig hægt er að nota hana til að ná fram markmiðum sínum að bættri líðan. Kynning verður á dáleiðslunámi og boðið upp á hópdáleiðslu fyrir þá sem vilja upplifa hvað dáleiðsla er.

Með dáleiðslu má breyta hegðun og venjum sem fólk vill breyta, til dæmis:

- Hætta að reykja,
- Borða minna,
- Líða betur, (almennt eða kringum ættingja, vinnufélaga, o.s.frv.)
- Losna við fælnir (köngulóarfælni lofthræðslu/flughræðslu/o.s.frv.),
- Losað um áhyggjur og kvíða,
- Losna við verki,
- Auka einbeitingu, t.d. við íþróttaiðkun.



Dáleiðsla er eðlilegt hugarástand sem við upplifum öll á hverjum degi.

Dagskrá:

- Kynning á Félagi dáleiðara
- Hvað er dáleiðsla?
- Kynningar á dáleiðslunámi
- Félagsmenn kynna sig og sínar meðferðir
- Hópdáleiðsla

Eftirfarandi aðilar bjóða upp á dáleiðslumeðferðir, nánari upplýsingar um þá og hvernig hægt er að panta tíma má finna á heimasíðu Félags dáleiðara: **www.fdt.is**

Álfheiður Eva Óladóttir
Björg Einarsdóttir
Esther Helga Guðmundsdóttir
Heiðar Ragnarsson
Hjördís Þóra Jónsdóttir
Hólmfríður Jóhannesdóttir
Ingibjörg Bernhöft
Ingibjörg Bernhöft (yngri)
Jón Víðis Jakobsson
Kay Cook
Kolbrún Þórðardóttir
Margrét Jóhannesdóttir
Sólveig Klara Káradóttir
Valgerður Snæland Jónsdóttir
Þráinn Víkingur Ragnarsson


Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 550 5626

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job



Sumarstörf í einu af undrum veraldar

Við leitum að metnaðarfullum starfsmönnum með ríka þjónustulund í fjölbreytt og spennandi störf í sumar. Við leggjum áherslu á góða samskipta- og samstarfshæfni og bjóðum upp á þægilegan vinnutíma og góðan aðbúnað.

Meðal starfa í boði:

- Móttaka og gestgjafar
- Þjónustu- og gæslustörf
- Ræstingar og þvottahús
- Sölustörf í verslunum
- Skrifstofustörf
- Ýmis störf á hótel- og veitingasviði

- Einstakt umhverfi
- Skemmtilegt félagslíf
- Góð fríðindi
- Rútuferðir til og frá vinnu
- Frábær starfsandi
- Góður matur
- Þjálfun og fræðsla
- 2-2-3 vaktavinna eða dagvinna

Umsóknarfrestur er til og með **29. febrúar 2020.**

Æskilegt er að umsækjendur hafi náð 18 ára aldri.

Bláa Lónið er eitt af 25 undrum veraldar að mati National Geographic og hefur í um áratug verið í hópi bestu heilsulinda heims og hlotið fjölmargar alþjóðlegar viðurkenningar.

BLUE LAGOON
ICELAND





STÖRF HJÁ ORF LÍFTÆKNI

á rannsókna– og nýsköpunarsviði

ORF Líftækni er íslenskt þekkingarfyrirtæki sem framleiðir vörur sem byggja á lífvísindum, m.a. BIOEFFECT húðvörur sem seldar eru á Íslandi og erlendis og hafa fengið ýmsar viðurkenningar fyrir virkni sína og hreinleika. Hjá ORF Líftækni starfar breið flóra fólks, með fjölbreyttan bakgrunn, reynslu og þekkingu. ORF Líftækni leitast við að vera eftirsóknarverður vinnustaður fyrir konur jafnt sem karla. Nánari upplýsingar um félagið og vörumerkin BIOEFFECT og ISOKINE má finna á heimasíðu félagsins, **orf.is.**

SÉRFRÆÐINGUR Í PRÓTEINTÆKNI

ORF Líftækni hf. auglýsir nýtt starf sérfræðings í próteintækni, sem vinnur fyrst og fremst á sviði próteinlífefnafræði og hreinsunar. Leitað er að hæfileikaríkum einstaklingi sem mun vinna að áframhaldandi þróun afkastamikilla aðferða í útdrætti og hreinsun próteina úr erfðatækniplöntum félagsins, sem og að öðrum viðfangsefnum á sviði próteinlífefnafræði. Umsækjandinn þarf að vera áhugasamur varðandi starfið og verkefnin sem því fylgja og geta unnið í góðu samstarfi við aðra sérfræðinga og stjórnendur félagsins.

MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR:

- Ph.D. á sviði próteinlífefnafræði / M.Sc. á sviði próteinlífefnafræði ef reynsla er nægileg
- Reynsla á sviði próteinhreinsunar og þróun hreinsiferla
- Reynsla á sviði almennrar próteingreiningar:
  – SDS-PAGE electrophoresis, ELISA, Bradford Assay, 2D-Gel electrophoresis
- Reynsla við að vinna sjálfstætt og með teymi
- Reynsla á AKTA tæki, UNICORN og DoE er kostur

SÉRFRÆÐINGUR Í FORMÚLERINGUM OG EFNAGREININGUM

Leitað er að sérfræðingi í vöruþróun á efnablöndum fyrir BIOEFFECT húðvörur félagsins. Starfsmaðurinn tekur þátt í hugmyndavinnu sem tengist vöruþróun húðvaranna, en megin verkefni starfsins fela í sér einangrun virkra smásameinda/smásameindahópa úr byggi fyrir vöruþróun BIOEFFECT sem og samstarf við innlenda/erlenda samstarfsaðila sem koma að greiningarvinnu fyrir fyrirtækið. Starfsmaðurinn kemur einnig að uppskölun á einstökum afurðum félagsins.

MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR:

- M.Sc. á sviði lífefnafræði/efnafræði/líffræði efnafræði/lyfjafræði eða skyldum greinum
- Menntun eða reynsla af því að vinna með plöntu-útdrætti og einangrun smásameinda úr plöntu-útdráttum eða sambærilegum efnivið.
- Reynsla af vinnu með vökvaskilju/massagreini
- Reynsla af því að nýta vísindaþekkingu í vöruþróun/iðnaði æskileg

SAMEINDALÍFFRÆÐINGUR Á SVIÐI ERFÐATÆKNI

Leitað er að sameindalíffræðingi á sviði erfðatækni. Starfið felst fyrst og fremst í vinnu á rannsóknastofu félagsins og meðal helstu verkefna er klónun, PCR, vefjaræktun, próteinskimun (ELISA, Western Blot), móttaka og skráning fræja og skýrslugerð. Einnig falla til rannsóknarstörf er tengjast sérhæfðri plönturæktun í gróðurhúsi félagsins í Grindavík.

MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun í sameindalíffræði
- Reynsla af rannsóknastofuvinnu er nauðsynleg
- Reynsla af klónunarvinnu er nauðsynleg
- Reynsla af plönturæktun er æskileg

Önnur hæfniviðmið sem eiga við um öll störfin eru að umsækjandinn búi yfir góðri enskukunnáttu, bæði í töluðu og rituðu máli, frumkvæði og metnaði, nákvæmni og ögguðum vinnubrögðum, færni í mannlegum samskiptum og góðri aðlögunarhæfni, sjálfstæði í vinnubrögðum og lausnamiðaðri hugsun. Ækilegt er að viðkomandi umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Umsókn ásamt ferilskrá og kynningarbréfi óskast send í gegnum heimasíðuna Alfreð (alfred.is) fyrir dagslok 18. janúar 2020.
Nánari upplýsingar um starfið veitir mannauðsstjóri, Harpa Magnúsdóttir, í síma 591-1590.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2019

Framúrskarandi fyrirtæki 2017 2019

ORF LÍFTÆKNI

Framkvæmdastjóri í Bandaríkjunum

Fyrirtæki á austurströnd Bandaríkjanna leitar að framkvæmdastjóra. Leitað er bæði á Íslandi og í Bandaríkjunum. Viðkomandi heyrir undir stjórn og ber ábyrgð á rekstri og afkomu félagsins. Um er að ræða rótgróið fyrirtæki sem er í innflutningi og sölu m.a. á sjávarafurðum. Hjá félaginu starfa um 150 starfsmenn og er það staðsett í einni af stórborgum austurstrandar Bandaríkjanna.

Umsóknarfrestur
12. janúar 2020

Upplýsingar og umsókn
capacent.com/s/15510

Til greina kemur að ráða til 3 - 5 ára.

Starfssvið:
- Stefnumótun í samvinnu við stjórn og innleiðing stefnu.
- Ábyrgð á rekstri og afkomu fyrirtækisins í Bandaríkjunum.
- Daglegur rekstur og stjórnun fyrirtækisins í Bandaríkjunum.
- Þátttaka í sölu á afurðum félagsins.
- Þátttaka í innkaupum og samskipti við birgja.

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af yfirgripsmiklum rekstri, reynsla af stjórnun og rekstri í sjávarútvegi kostur.
- Reynsla af breytingastjórnun.
- Leiðtogahæfileikar og afburðagóðir samskiptahæfileikar.
- Reynsla af samningagerð og sölu á erlendum markaði.
- Góð tungumálakunnátta.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

Áhugaverð og krefjandi störf í boði

Lyfjastofnun
Icelandic Medicines Agency

Deildarstjóri í markaðseftirlitsdeild á eftirlitssviði

Lyfjastofnun auglýsir laust starf deildarstjóra í markaðseftirlitsdeild á eftirlitssviði.

Upplýsingar og umsókn
capacent.com/s/15321

Helstu verkefni:
- Stjórnun markaðseftirlitsdeildar.
- Verkefnastýring.
- Eftirlit með lyfjabúðum, heilbrigðisstofnunum, lyfjasölu dýralækna og lyfjaauglýsingum.
- Eftirlit með inn- og útflutningi ávana- og fíkniefna.
- Eftirlit með lækningatækjum.
- Eftirlit með flokkun vöru.
- Meðhöndlun og eftirfylgni með málefnum lækningatækja þ.m.t. gátarboð.
- Veiting og svipting leyfa sem undir deildina heyra.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Meistarapróf í lyfjafræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnun og/eða mannaforráðum.
- Reynsla af starfssviðið lyfjabúða.
- Reynsla af eftirliti og/eða gæðamálum æskileg.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli.
- Kunnátta í norðurlandamáli er kostur.
- Góð tölvukunnátta.
- Mjög góð teymisvitund, samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Nákvæmni, sjálfstæði og skipulagni í vinnubrögðum sem og jákvæðni og sveigjanleiki í starfi.
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og faglegur metnaður.

Nánari upplýsingar um störfin má finna á heimasíðu Capacent.

Eftirlitsmaður í lyfjaöryggisdeild á eftirlitssviði

Lyfjastofnun auglýsir laust starf eftirlitsmanns í lyfjaöryggisdeild á eftirlitssviði.

Upplýsingar og umsókn
capacent.com/s/15322

Ábyrgðar- og starfssvið:
- Eftirlit með lyfjaframleiðendum og lyfjaheildsölum (GMP/GDP).
- Eftirlit með blóðhlutaframleiðslu og starfsemi vefjamiðstöðva.
- Þátttaka í eftirliti með markaðsleyfishöfum, þ.m.t. lyfjagátarkerfum (GVP).
- Þátttaka í eftirliti með klínískum lyfjarannsóknum (GCP).
- Þátttaka í erlendu samstarfi Lyfjastofnunar.
- Meðhöndlun gátar- og váboða.
- Meðhöndlun og eftirfylgni innkallana, kvartana og tilkynninga.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Meistaragráða í lyfjafræði, lífefnafræði, líffræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla á sviði lyfjaframleiðslu og/eða lyfjadreifingar.
- Reynsla af eftirliti og/eða gæðamálum.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli.
- Kunnátta í einu Norðurlandamáli er æskileg.
- Mjög góð tölvufærni.
- Mjög góð teymisvitund, samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum sem og frumkvæði og faglegur metnaður.
- Góð greiningar- og skipulagshæfni, jákvæðni og sveigjanleiki í starfi.
- Hæfni í að miðla upplýsingum með skipulögðum og skýrum hætti.

Lyfjastofnun er ríkisstofnun sem heyrir undir heilbrigðisráðherra. Helstu hlutverk hennar eru að gefa út markaðsleyfi fyrir lyf á Íslandi í samvinnu við lyfjayfirvöld á Evrópska efnahagssvæðinu, hafa eftirlit með lyfjafyrirtækjum og heilbrigðisstofnunum á Íslandi, meta gæði og öryggi lyfja og tryggja faglega upplýsingagjöf um lyf til heilbrigðisstarfsfólks og neytenda. Hjá Lyfjastofnun vinna um 60 starfsmenn.

Lyfjastofnun leggur áherslu á gott vinnuumhverfi, starfsþróun og framfylgir stefnu um samræmingu fjölskyldulífs og vinnu. Gildi Lyfjastofnunar eru gæði – traust – þjónusta.

Sjá nánari upplýsingar um Lyfjastofnun á vef stofnunarinnar www.lyfjastofnun.is

Umsóknarfrestur
12. janúar 2020

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_



Icepharma leitar að metnaðarfullum og drífandi hjúkrunarfræðingi í spennandi starf á Heilbrigðissviði

VIÐSKIPTASTJÓRI

Helstu verkefni og ábyrgð

- Markaðssetning og sala á hjúkrunarvörum og lækningatækjum
- Myndun og viðhald tengsla við viðskiptavini
- Fundir og ráðstefnur innanlands og erlendis
- Samskipti við erlenda birgja
- Útboðsgerð og verðfyrirspurnir
- Þátttaka í viðskiptaþróun og greiningu vaxtartækifæra
- Fræðsla og innleiðing auk eftirfylgni
- Aðkoma að áætlanagerð og eftirfylgni við áætlanir

Hæfnikröfur

- Menntun í hjúkrunarfræði
- Reynsla af markaðsstarfi og sölu heilbrigðisvara
- Greiningarhæfni og tölvulæsi
- Þjónustulund, fagmennska og frumkvæði
- Jákvæðni og framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum og tengslamyndun
- Gott vald á íslensku og ensku
- Kunnátta í Norðurlandamáli er kostur

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hjörtur Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðissviðs Icepharma, hjorturg@icepharma.is.
Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt kynningarbréfi. Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um störf hjá Icepharma.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og í samræmi við lög um meðferð persónuupplýsinga.

Icepharma er í fararbroddi á íslenskum heilbrigðis- og neytendamarkaði. Kjarninn í starfsemi okkar er að auka lífsgæði með öflugu framboði af heilsueflandi vörum. Hjá fyrirtækinu starfa um 100 manns við sölu og markaðssetningu, sérfræðiráðgjöf og þjónustu. Við leggjum áherslu á metnað, frumkvæði, gleði og svigrúm starfsfólks til að vaxa og þróast í starfi.

icepharma

Umsóknarfrestur er til og með 15. janúar 2020. **Sótt er um starfið á ráðningarvef Icepharma: www.icepharma.is / Um Icepharma / Atvinna**



VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?

STARFSMAÐUR Á VERKSTÆÐI EGILSSTAÐAFLUGVALLAR

Isavia óskar eftir starfsmanni á verkstæði Egilsstaðaflugvallar. Helstu verkefni eru viðgerðir og viðhald á vörubílum og vinnuvélum, björgunar- og slökkviþjónusta, snjóruðningur, hálkuvarnir og flugvernd.

Umsækjendur þurfa að standast læknisskoðun og þolpróf. Um dagvinnu er að ræða.

Nánari upplýsingar veitir Jörundur Ragnarsson, **jorundur.ragnarsson@isavia.is**

Hæfniskröfur

- Sveinspróf í vél- eða bifvélavirkjun er skilyrði
- Meirapróf og vinnuvélaréttindi er skilyrði
- Reynsla í slökkvistörfum og snjóruðningi er kostur
- Reynsla af viðgerðum vinnuvéla og vörubíla
- Góð tölvu- og ensku kunnátta

Vegna kröfu reglugerðar um flugvernd þurfa umsækjendur að fylla út og skila inn umsókn vegna bakgrunnsskoðunar lögreglu og vera með hreint sakavottorð. Nánari upplýsingar er að finna á isavia.is.

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið. Isavia ber Jafnlaunamerkið með stolti enda er það staðföst trú okkar að launaákvarðanir skuli ávallt byggja á faglegum og málefnalegum rökum.

STARFSSTÖÐ: **EGILSSTAÐIR**

UMSÓKNARFRESTUR: **12. JANÚAR**

UMSÓKNIR: **ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia

Hringbrautar verkefnið



Byggjum saman nýjan Landspítala

Nú eflum við liðsheild Hringbrautarverkefnisins

Nýr Landspítali ohf. eflir verkefnastjórn Hringbrautarverkefnisins og leitar að öflugum fagmenntuðum starfsmönnum á ýmsum sviðum.

Við leitum að starfsmönnum til að annast m.a.:

- Aðalverkefnastjórn
- Áætlunar- og kostnaðareftirlit
- Stjórnunarverkfræði á verkstað
- Fjármálagreiningar
- Samræmingarstjórnun
- Tæknivinnslu á sviði Procore
- Sérfræðiþjónustu í WBS
- Öryggis- og umhverfisstjórnun
- BIM sérfræðivinnslu
- Verkefni vegna Breeam
- Fag- og verkeftirlit
- Verkefnastjórn hönnunarstarfa
- Hönnunareftirlit og hönnunarrýni

Leitað er að starfsmönnum sem eru menntaðir í verk- eða tæknifræði, arkitektúr, viðskiptafræði, verkefnastjórn eða hafa aðra sambærilega menntun. Krafist er minnst fimm ára reynslu á sviði verkefnastjórnunar verklegra framkvæmda, eftirlits-, hönnunar- eða fjármála eða sambærilegra verkefna sem NLSH vinnur að.

Allar umsóknir eru trúnaðarmál og verða nöfn umsækjenda ekki birt opinberlega.

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf og annað sem umsækjandi telur skipta máli. Ítrekað er að farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál, í samræmi við persónuverndarstefnu NLSH, og þeim svarað formlega.

NÝR LANDSPÍTALI

Nýr Landspítali ohf. (NLSH) hefur með höndum stjórnun á Hringbrautarverkefninu sem m.a. felur í sér uppbyggingu gatnagerðar og bygginga-framkvæmda á nýjum Landspítala við Hringbraut. Félagið, sem er að fullu í eigu ríkisins, er í samstarfi við fjölmarga hagsmunaaðila m.a. stjórnvöld, Landspítalann, Framkvæmdasýslu ríkisins, Háskóla Íslands, sjúklinga-samtök, Reykjavíkurborg og Ríkiskaup. Fjöldi ráðgjafa starfar fyrir og með NLSH. Nú starfa tíu starfsmenn hjá NLSH. **Nánari upplýsingar um NLSH má finna á www.nlsh.is**

Nánari upplýsingar:
Ari Eyberg (ari@intellecta.is)
Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is)

Umsóknarfrestur: 10. janúar 2020.
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

MENNTAMÁLASTOFNUN

Lögfræðingur

Menntamálastofnun leitar að metnaðarfullum, sjálfstæðum og drífandi einstaklingi með mikla þekkingu á opinberri stjórnsýslu til að annast lögfræðistörf hjá stofnuninni.

Lögfræðingur hefur umsjón með að starfsemi stofnunarinnar sé í samræmi við lög og reglur og vandaða stjórnsýslu. Þá er einnig gert ráð fyrir að lögfræðingur komi að mannauðsmálum hjá stofnuninni.

Verkefni og ábyrgð:

- Veitir lögfræðilegt álit og ráðgjöf um afgreiðslu mála og einstök verkefni á grundvelli viðeigandi laga og reglugerða.
- Veitir ráðgjöf um mannauðsmál.
- Vaktar og veitir upplýsingar um breytingar sem gerðar eru á lögum og reglum er varða málaflokka stofnunarinnar.
- Veitir álit á og gerir tilllögur um breytingar á lögum og reglum er varða starfsemi stofnunarinnar.
- Hefur yfirumsjón með samningum á vegum stofnunarinnar.
- Vinnur að innleiðingu gæða- og verkefnastjórnunar í samvinnu við önnur svið.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði.
- Mjög góð þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu.
- Þekking og reynsla af mannauðsmálum æskileg.
- Mjög góð hæfni í íslensku og meðferð ritaðs máls.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Færni í að vinna í teymum og að fjölbreyttum verkefnum.
- Mjög góðir samskiptahæfileikar og færni í að vinna í teymum og að fjölbreyttum verkefnum.
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði og þjónustulund.

Um er að ræða 100% starf og laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum fjármálaráðuneytisins og viðkomandi stéttarfélags. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsókn um starfið skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið ásamt upplýsingum um umsagnaraðila. Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um starfið.

Umsókn sendist á **skjalasafn@mms.is** merkt: *Lögfræðingur*. Öllum umsóknum verður svarað. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar veitir Arnór Guðmundsson, forstjóri í síma 514-7500, netfang: arnor.gudmundsson@mms.is.

Umsóknafrestur er til og með 14. janúar 2020.

Sviðsstjóri miðlunarsviðs

Menntamálastofnun leitar að metnaðarfullum, sjálfstæðum og drífandi einstaklingi með góða stjórnunarhæfni og mikla þekkingu og áhuga á starfsemi grunnskóla og námsgögnum, til að leiða miðlunarsvið stofnunarinnar. Starfið heyrir beint undir forstjóra og sviðsstjóri situr í framkvæmdastjórn Menntamálastofnunar.

Miðlunarsvið Menntamálastofnunar annast útgáfu námsefnis fyrir grunnskóla á Íslandi. Sviðsstjóri stýrir starfi sviðsins og ber ábyrgð gagnvart forstjóra á starfi þess og daglegri framkvæmd verkefna. Í því felst fagleg ábyrgð á stefnumótun innan sviðsins, ábyrgð á verkefnum, ábyrgð á stjórnun mannauðs og ábyrgð á fjármálum sviðsins. Þá tekur sviðsstjóri þátt í mótun og innleiðingu stefnu fyrir stofnunina og vinnur í samræmi við gildi og framtíðarsýn hennar. Hann veitir faglega forystu á starfssviði sínu og hefur eftirlit með að verkefni uppfylli kröfur um gæði og verklag.

Verkefni og ábyrgð:

- Leiðir öflugt teymi sérfræðinga á miðlunarsviði.
- Hefur umsjón með og stýrir gerð og útgáfu námsgagna.
- Hefur umsjón með gerð útgáfuáætlana og eftirfylgni með framgangi þeirra.
- Er ábyrgur fyrir útboðum og verksamningum, innkaupum á námsefni, ritstjórn og vali og ráðningum höfunda.
- Er ábyrgur fyrir þróun og miðlun rafræns efnis, t.d. hönnun og umsjón með framleiðslu útgáfuefnis á hinum ýmsu miðlum.
- Er ábyrgur fyrir gæðamálum, þróun og nýtingu námsefnis.
- Er ábyrgur fyrir upplýsingamiðlun, ráðgjöf við stjórnvöld, kynningum og leiðbeiningum fyrir skóla og almenning.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði stjórnunar, uppeldis- og kennslufræða eða miðlunar.
- Mjög góð þekking og reynsla af skólastarfi í grunnskóla.
- Haldbær reynsla af stjórnun skilyrði svo og auðsýndur árangur í slíku starfi.
- Þekking og reynsla af bókaútgáfu og þróun og miðlun á rafrænu efni æskileg.
- Framúrskarandi hæfni í íslensku og meðferð ritaðs máls.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Mjög góð samskiptahæfni og færni í að vinna í teymum og að fjölbreyttum verkefnum.
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði og þjónustulund.


Um er að ræða 100% starf og laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum fjármálaráðuneytisins og viðkomandi stéttarfélags. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsókn um starfið skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið ásamt upplýsingum um umsagnaraðila. Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um starfið.

Umsókn sendist á **skjalasafn@mms.is** merkt: *Sviðsstjóri miðlunarsviðs*. Öllum umsóknum verður svarað. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar veitir Arnór Guðmundsson, forstjóri í síma 514-7500, netfang: arnor.gudmundsson@mms.is.

Umsóknafrestur er til og með 14. janúar 2020.



Bifvélavirki óskast



Tékkland bifreiðaskoðun óskar eftir bifvélavirkja til að annast almenna bifreiðaskoðun á höfuðborgarsvæðinu.

Hæfniskröfur:

- **Faglærður bifvélavirki**
- **Ríkur þjónustulund**
- **Finnst gaman að vera í vinnunni**

Nánari upplýsingar veitir Birgir Hákonarson í síma 665-9900

Umsókn með upplýsingum um menntun og reynslu skal skila á netfangið birgir@tekkland.is fyrir 15. jan 2020

TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun

Hátúni / Holtagörðum / Reykjavíkurvegi / Akureyri / Sími 414 9900

Gæðastjóri hjá framleiðslufyrirtæki

Fyrirtækið er rótgróið og traust framleiðslufyrirtæki í nágrenni við höfuðborgina.

Starfið felst í alhliða umsjón með gæðaeftirliti og skráningu, sannprófunum og innri úttektum á gæðakerfi, þjálfun og skráningu starfsfólks, umsjón með dýravelferð og mánaðarlegum sannprófunum á HACCP kerfi auk úttektar á meindýravörnum. Gæðastjóri annast jafnframt samskipti um innkaup á rekstrarvöru m.a. fyrir rannsóknarstofu auk þess að annast samskipti við dýralækna og móttöku í reglubundnu eftirliti auk annarra tilfallandi daglegra starfa.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi háskólamenntun á sviði matvælafræði eða sambærilega menntun og haldbæra þekkingu á sviði matvælavinnslu, auk þekkingar og/eða reynslu á innnra eftirliti byggðu á HACCP auk þekkingar á rannsóknarstofu og vinnslu sýna, en reynsla af verkefnastjórnun er kostur. Áhersla er lögð á gott vald á íslensku og ensku í tali og riti, færni í alhliða tölvunotkun, fagleg vinnubrögð, skipulagshæfni, útsjónarsemi, reglusemi og metnað til árangurs í starfi. Styrkur í mannlegum samskiptum er nauðsynlegur. Starfið hentar umsækjendum af báðum kynjum.

Um er að ræða áhugavert atvinnutækifæri fyrir t.d. þá sem búa í Mosfellsbæ eða nágrenni.

Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar nk. Gengið verður frá ráðningu fljótlega. Vinsamlega sendið umsóknir/starfsferilskrár til stra@stra.is. Þeir sem eiga umsóknir fyrirliggjandi hringi eða sendið rafpóst og tilkynnið þátttöku.

Guðný Harðardóttir hjá STRÁ ehf., veitir frekari upplýsingar í síma 588 3031, en símaviðtalstími er frá kl.13-15 alla virka daga.

Sjá nánar heimasíðu www.stra.is

STRÁ

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæm, örugg og aðgengileg fjarskipti og póstþjónustu og efla virka samkeppni á markaði. Meginþungi starfseminnar eru fjarskipti og tengd mál. Hjá PFS starfa 27 starfsmenn, aðallega sérfræðingar við úrlausn tæknilegra, viðskiptalegra og lagalegra verkefna er tengjast hlutverki stofnunarinnar. Sjá nánari upplýsingar á **www.pfs.is**

Vilt þú móta framtíð net- og upplýsingaöryggis á Íslandi?

Sérfræðingur í netöryggissveit PFS (CERT-ÍS)

Póst-og fjarskiptastofnun óskar eftir að ráða í stöðu sérfræðings í netöryggissveit PFS.

Netöryggissveitin hefur það hlutverk að fyrirbyggja, draga úr og bregðast við hættu vegna netárása eða hliðstæðra öryggisatvika í þeim tölvukerfum sem falla undir starfssvið hennar. Sveitin leitast við að greina atvik af þessu tagi, takmarka útbreiðslu þeirra og tjón af þeirra völdum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Meðhöndlun öryggisatvika og greining veikleika í tölvu- og netkerfum
- Upplýsingaskipti við þjónustuhóp og aðra ytri aðila
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi um öryggi Internetsins
- Ráðgjöf og upplýsingar varðandi öryggismál á netinu
- Aðstoð við uppbyggingu þekkingar í meðhöndlun öryggisatvika hjá innlendum netöryggishópum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verk-, tækni- eða tölvunarfræði eða á öðrum sviðum ef viðkomandi hefur haldgóða reynslu á sviði netöryggis
- Sérmenntun eða starfsreynsla á sviði hugbúnaðargerðar og/eða öryggisgreininga er æskileg
- Umsækjendur þurfa að eiga auðvelt með að starfa sjálfstætt sem og í hópi og jafnframt búa yfir þeim sveigjanleika og festu sem nauðsynleg er til að ná árangri í starfi
- Gerð er krafa um mikla greiningarhæfni, ögguð og skipulögð vinnubrögð
- Búa yfir skilningi á internettækni ásamt færni til að meta upplýsingar um áhættu og áhrif
- Geta til að miðla tæknilegum upplýsingum til annarra
- Góð íslensku og enskukunnátta, bæði töluð og rituð, er áskilin
- Umsækjendur þurfa að geta unnið undir álagi og hafa tamið sér skipulag í vinnubrögðum

PFS hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá stofnuninni.

Umsóknarfrestur er til og með 8. janúar nk.
Umsjón með starfinu hefur Þorleifur Jónasson forstöðumaður tæknideildar. Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu PFS www.pfs.is eða á Starfatorgi.
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Krafist er sakavottorðs. Umsækjandi þarf að gangast undir og standast bakgrunnsskoðun og öryggisvottun Ríkislögreglustjóra.
Póst- og fjarskiptastofnun lítur svo á að umsókn gildi í 6 mánuði frá dagsetningu hennar, nema umsækjandi ákveði umsókninni skemmri gildistíma.

Ertu að leita að sérfræðingi?

hagvangur.is



HAGVANGUR

Nýtt fólk

Sunna Ósk ráðin á Kjarnann-



Sunna Ósk Logadóttir hefur verið ráðin til starfa á ritstjórn Kjarnans. Þetta kemur fram í frétt á vef miðilsins, þar sem kemur fram að hún hafi þegar hafið störf. Sunna hefur starfað við blaðamennsku í yfir tuttugu ár, hóf störf sem blaðamaður á Morgunblaðinu árið 1999, var fréttastjóri á blaðinu árin 2008 til 2012 og svo fréttastjóri á mbl.is til ársins 2016.
Sunna er landfræðingur að mennt, hefur meðal annars einbeitt sér að skrifum um umhverfismál og þrívegis hlotið Blaðamannaverðlaun Íslands. Síðast árið 2017 fyrir umfjöllun sína Mátturinn og dýrðin þar sem hún fjallaði meðal annars um virkjunaráform á Vestfjörðum.

Pétur Thor framkvæmdastjóri Freyju



Pétur Thor Gunnarsson, sem starfað hefur sem sölu- og markaðsstjóri Freyju síðan 2015, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Ævar Guðmundsson, eigandi Freyju og fráfarandi framkvæmdastjóri, tekur að sér starf stjórnarformanns.
Pétur Thor er viðskiptafræðingur að mennt með áherslu á alþjóðamarkaðsfræði. Hann hefur starfað á íslenskum dagvörumarkaði í 24 ár og hefur víðtæka reynslu á því sviði. Pétur Thor hóf störf 18 ára hjá Ölgerðinni og starfaði þar við nánast öll störf er tengdust söludeild fyrirtækisins allt þar til hann hætti störfum þar í lok árs 2014, þá sem sölu- og rekstrarstjóri. Pétur Thor hóf störf hjá Freyju í byrjun árs 2015 sem sölu- og markaðsstjóri og gegndi því starfi í um eitt ár eða þangað til hann hóf að einbeita sér meira að ýmsum verkefnum er sneru að rekstri fyrirtækisins. Síðan þá hefur Pétur Thor komið meira og meira að flestöllum þáttum í daglegum rekstri félagsins.

Margrét ráðin rektor á Bifröst



Margrét Jónsdóttir Njarðvík hefur verið ráðin rektor Háskólans á Bifröst frá og með 1. júní næstkomandi. Hún starfaði áður hjá fyrirtækinu Mundo sem meðal annars annast ráðgjöf í alþjóðamálum og sér um þjálfunarferðir íslenskra kennara til útlanda. Margrét er með doktorspróf í spænsku og bókmenntum frá Princeton-háskóla og MBA frá Háskólanum í Reykjavík. Hún hefur starfað bæði við Háskóla Íslands sem lektor í spænsku og við Háskólann í Reykjavík sem dósent við viðskiptadeild og forstöðumaður alþjóðasviðs.

Rakel til Össurar



Rakel Óttarsdóttir hefur verið ráðin í stöðu yfirmanns upplýsingatæknisviðs og alþjóðlegrar verkefnastofu Össurar (CIO and VP of Global Program Office). Rakel hefur mikla reynslu af upplýsingatæknimálum og verkefnastjórnun. Hún starfaði áður hjá meðal annars Arion banka, síðast sem framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs. Í starfi sínu leiddi hún meðal annars mótun og framkvæmd stafrænnar stefnu bankans. Rakel er með MBA-gráðu frá Duke University og B.Sc.-gráðu í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ

Tilkynningar um nýtt fólk Atvinnublað Fréttablaðsins kemur út á laugardögum í viku hverri. Umsjónarmaður blaðsins er Hrannar Helgason. Blaðið birtir valdar greinar um ráðningu nýrra starfsmanna. Sendið tilkynningar ásamt mynd af viðkomandi á netfangið: **nyttfolk@frettabladid.is**







FORSTÖÐUMAÐUR LANDGRÆÐSLUSKÓLANS

FORSTÖÐUMAÐUR LANDGRÆÐSLUSKÓLANS BER ÁBYRGÐ Á STJÓRNUN, STEFNUMÓTUN OG REKSTRI SKÓLANS,SEM OG GÆÐUM OG SKIPULAGNINGU NÁMS SEM SKÓLINN STENDUR FYRIR.

Um er að ræða fullt starf með starfsstöð í Reykjavík. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og viðkomandi stéttarfélags. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Óskað er eftir að umsókn fylgi ferilskrá yfir menntun og fyrri störf, staðfesting á námi og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknarinnar og sýn sinni varðandi hlutverk og starfsemi skólans.

Sótt er um í gegnum vefsíðu Landbúnaðarháskóla Íslands **www.lbhi.is/storf**

Umsóknarfrestur er til og með 14. janúar 2020.

UM SKÓLANN

Landgræðsluskólinn hefur gengið undir nafninu Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Frá upphafi árs 2020 starfar skólinn undir hatti UNESCO sem hluti af Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu, sem einnig er nefnd GRÓ.

Landgræðsluskólinn er hýstur hjá Landbúnaðarháskóla Íslands og starfar í nánu samstarfi við Landgræðsluna.

Markmið skólans er að þjálfa sérfræðinga sem starfa á stofnunum á sviði landgræðslu og sjálfbærrar landnýtingar í samstarfslöndum skólans í Afríku og Mið-Asíu.

Skólinn er hluti af alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands og er kostaður af opinberum fjármunum utanríkisráðuneytisins til þróunarsamvinnu. Stærsta verkefni skólans ár hvert er 6 mánaða þjálfun á Íslandi fyrir starfandi fagfólk í samstarfslöndunum þar sem mikil áhersla er lögð á hagnýtingu þekkingar.

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is



ÚTSALA

OKKAR VINSÆLA
ÚTSALA ER HAFIN

30-50%

AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM
ÚTSÖLUVÖRUM

OPNUNARTÍMI

LAUGARDAGUR
10-18

SUNNUDAGUR
13-18

MÁN - FIM 10 - 18, FÖS 10-18:30

eva

LAUGAVEGUR 26

S: 512 1715

verslunin.eva verslunineva



Jóhanna á hugmyndina að gerð Vatnsdalsrefilsins og á mörg saumspor í honum. Þegar gerð hans lýkur sér hún hann fyrir sér á Þingeyrum þar sem Vatnsdæla var rituð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Endursegja sögurnar með útsaumi

Þráðlistin á sér öflug vígi við Árbraut á Blönduósi, í Heimilisiðnaðarsafninu og Textílmiðstöð Íslands. Í því síðarnefnda dvelur listafólk tímabundið. Sumt á sín spor í Vatnsdalsreflinum sem er þar í mótun.



Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Það eru alls konar skoðanir uppi þegar kemur að þessum saumaskap. Ein kona sagði: Ég sauma ekki mann sem hefur drepið annan mann, en það er dálítið erfitt þegar um tíma Íslendingasagna er að ræða," segir Jóhanna Erla Pálmadóttir, bóndi og handavinnukennari, brosandi þar sem hún situr við hið mikilfenglega útsaumsverk Vatnsdalsrefilinn. Við erum stödd í Textílmiðstöð Íslands á Blönduósi þar sem Jóhanna er verkefnastjóri. Heimur Vatnsdælasögu er að verða til í myndum, fyrir hennar atbeina, og hún leiðir okkur Anton ljósmyndara fúslega inn í þann heim.

„Vatnsdælasaga gerist á árunum frá 840 til 1030. Hér er skip Ingimundar gamla og Vigdísar konu hans að koma að ströndum Íslands. Fólkið er sjóveikt en okkur gekk mjög illa að fá einhvern til að sauma æluna! Á Borðeyri í Hrútafirði sér Ingimundur nýrekið viðarborð og nefnir eyrina eftir því. Síðar koma þau hjón að Vatnsdalshólunum þar sem Vigdís segir: Hér mun eg eiga dvöl nokkra því eg kenni mér sóttar. Þá segir Ingimundur eins og góðir menn gera: Verði þat að góðu – og hún fæðir Þórdísi, fyrsta innfædda Húnvetninginn."

Fyrsta veturinn kemur Ingimundur að vatni, samkvæmt sögunni. Svo skemmtilega vill til að á bökkum þess er Jóhanna fædd og uppalin og býr þar enn á bænum Akri sem stendur við Húnavatn. „Þar fann Ingimundur ísbirnu með tvo húna og af því leiðir að við erum enn Húnvetningar! Faðir minn, Pálmi Jónsson, sem ég stríddi stundum á að kynni betur Vatnsdælu en sína eigin fjölskyldusögu, vildi meina að birnan hefði trúlega verið drepin, því þær eru svo grimmar þegar þær hafa húna að verja. En Ingimundur fór með húnana heim og geymdi þá," segir hún og heldur áfram leiðsögninni: „Hér er Sauðadalurinn, lítill dalur milli Vatnsdals og Svínadals, Ingimundur týndi sauðum sínum og þeir fundust í þessum litla dal. Síðan týndust svínin líka, þessi göltur sem var gamall og lífsreyndur og hafði verið á skipinu að utan, svam yfir vatn sem nú heitir Svínavatn. Þannig að örnefnin í landinu okkar eru hér á þessum fyrstu metrum refilsins, við köllum hann líka örnefnakaflann. Svo voru bæjarheitin eftir annaðhvort búskaparháttum eða körlunum sem bjuggu þar og þau notum við enn í dag."

Ingimundur gamli og hans fólk gaf kennileitum nöfn sem enn eru í gildi, svo sem Borðeyri og Víðidalur.

Verkið næstum hálfnað

Jóhanna útskrifaðist frá Håndarbejdets Fremmes Seminarium í Kaupmannahöfn 1988. Hún hlaut fálkaorðuna 17. júní á nýliðnu ári fyrir störf í þágu safna og menningar í heimabyggð. Vatnsdalsrefillinn er hennar hugmynd og eign en teikningarnar eru gerðar af annars árs nemendum arkitekta- og hönnunardeildar Listaháskóla Íslands árið 2011, undir stjórn Kristínar Rögnu Gunnarsdóttur myndlistarkonu. Samhliða því sem nemarnir teiknuðu kveðst Jóhanna hafa verið að sauma alls konar teikningar sem þeir sendu henni til að átta sig á hversu smáar teikningarnar máttu vera fyrir refilsaumsporin sem einkenna verkið.

Nú er búið að sauma um 22 metra af reflinum af 46. Nálin stendur í mynd af Hofi í Vatnsdal þegar við erum á ferð. Jóhanna heldur áfram sögunni: „Í síðustu ferð Ingimundar til Noregs fer hann með þrjá ísbirni og gefur þá Haraldi hárfagra, vini sínum – ísbirnir þóttu konunglegar gjafir. Í staðinn fær hann tvö skip,

> HROLLEIFUR HEFUR SÉRSTÖK EINKENNI LÍKA, SVO OG MAMMA HANS MEÐ ALLAR SÍNAR VÖRTUR.

Haraldur bað hann að velja en Ingimundur var svo snjall pólitíkus að hann bað konuginn að velja fyrir sig, hann valdi skipið Stíganda og annað til og fyllti þau af viði. Stígandanafnið er enn til á gömlu trésmíðaverkstæði hér á Blönduósi. Svo dvaldi Ingimundur eitt ár í Noregi og þegar hann kom heim var hann orðinn gamall maður og kallaður Ingimundur gamli eftir það.

Næst gerist það að fyrsta skrásetta veiðideila Íslandssögunnar fer fram þegar Ingimundarsynir reyna að aftra því að hinn ódæli Hrolleifur veiði í Vatnsdalsá. Sú deila endar með því að Hrolleifur drepur Ingimund gamla. Það gerðist upp úr árinu 900 en við Húnvetningar erum ekki enn búnir að fyrirgefa Hrolleifi það óhæfuverk."

Ingimundur í rauðri skikkju

Kaflarnir í Vatnsdælu eru 47 en nemendurnir sem teiknuðu refilinn voru 22, að sögn Jóhönnu. „Kristín Ragna skipti köflunum niður í 22 þætti, setti þá í hatt og lét nemendurna draga, sumir fengu samliggjandi einn, tvo eða þrjá kafla, enginn gat ráðið hvaða kafla hann fékk en þurfti að taka tillit til þess sem á undan fór og þess sem á eftir gerðist. Auðvitað eru teikningarnar breytilegar því teiknararnir fengu að halda eigin stíl. Ingimundur er því ekki alltaf eins á reflinum, en hann þekkist alltaf á rauðu skikkjunni sinni. Hrolleifur hefur sérstök einkenni líka, svo og mamma hans með allar sínar vörtur. Nemendurnir stúderuðu mikið veiðiskap í þeim gögnum sem þeir gátu fengið. Svo eru alls konar tákn í reflinum. Hrafnarnir birtast þegar einhver er drepinn, eða slíkt er yfirvofandi.

ego dekor

Ego Dekor - Bæjarlind 12 - www.egodekor.is - S: 544 4420
Opið mán - fös: 10.00 - 18.00. Lau: 10.00 - 16.00

ÚTSALAN ER HAFIN

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR



CLEO HORNSÓFI
Stærð: 279X190cm
~~Verð: 245.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 196.000,-



CALYPSO LEÐURHORNSÓFI
Stærð: 270X210cm
~~Verð: 395.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 335.750,-



MAXWELL TUNGUSÓFI
Stærð: 290X173cm
~~Verð: 236.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 177.000,-



JERSEY HORNSÓFI
Stærð: 288X190cm
~~Verð: 249.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 211.650,-



CONNOR STÓLL
~~Verð: 27.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 22.950,-



DELTA STÓLL
~~Verð: 19.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 16.915,-



TWIST STÓLL
~~Verð: 17.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 12.530,-



OPAL STÓLL
~~Verð: 16.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 11.830,-

NOTTINGHAM STÆKKANLEGT BORÐ
Stærð: 200(300)X100cm
~~Verð: 219.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 186.150,-



SJÓNVARPSSKENKUR
Hvítt háglans
Breidd: 180cm
~~Verð: 129.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 97.425,-



MARMARA SÓFABORÐ
BLACK MARQUINA
Stærð: 89X89cm
~~Verð: 67.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 53.600,-



Ego Dekor - Bæjarlind 12 - www.egodekor.is - S: 544 4420
Opið mán - fös: 10.00 - 18.00. Lau: 10.00 - 16.00



Minne De Lange ætlar að sauma 100 korselett á dúkkur og er búinn með 65. Hann selur þau á netinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Hér eru nokkur korselettanna eftir Lange.



Lange notar prjóna númer eitt á sum dúkkufötin.

Burstir með fléttumynstri sýna kaflaskil og bjálkar tákna greinskil. Þrjár frostrósir þýða þrír vetur.“

Samfélagsverkefni

Fyrirmyndin að Vatnsdalsreflinum er hinn þýski 70 metra Bayeux-refill, að sögn Jóhönnu. „Bayeux-refillinn fjallar um árás Vilhjálms sigursæla á Írland 1066, sá refill var vígður með dómkirkjunni í Bayeux árið 1077. Þessi ellefu ár fóru í að spinna allt garnið og lita og væntanlega vefa dúkinn og sauma í hann, þannig að þar hefur verið haldið vel áfram en ég hugsa að fólkið hafi ekki haft há laun í þá daga. Sá refill er til enn og hefur lifað af margar styrjaldir, oft hefur átt að eyðileggja hann en alltaf var til gott fólk sem bjargaði honum. Einu sinni átti að klippa hann niður og nota í yfirbreiðslur yfir stríðsvagna, í annað skiptið sem segl. Hitler langaði óskaplega mikið í hann. Refillinn var þá kominn til Parísar og var falinn í Louvre-safninu, einhverjir þrír vissu af honum, þar sem hann var læstur í einhverjum kimum, þetta var í stríðslok og hann fór aldrei frá Frakklandi.“

Margir hafa hjálpast að við að sauma Vatnsdalsrefilinn, vinnustofan er opin á sumrin og opnuð fyrir hópa, samkvæmt samkomulagi á öðrum tímum. Jóhanna hefur umsjón með verkinu en kveðst eiga góðar hjálparhellur sem hlaupi undir bagga ef hún geti ekki verið á staðnum. „Hugmynd mín var að leyfa fólki að taka þátt í endursögn á sögunni um leið og það viðhéldi þessum gamla útsaumi sem oft er kallaður gamli íslenski saumurinn. Hann er úr stórri grúppu útsaumsaðferða en einangraðist hér á landi á miðöldum og var mikið notaður í kirkjuklæðum. Ég sé um að yfirfæra mynstrin, tek eina teikningu í einu sem er allt upp í sex metrar hver. En það koma fjórir nemendur núna í janúar frá dönskum textílskóla í Danmörku, þeir munu yfirfæra næstu mynd. Þetta er samfélagsverkefni og þannig sá ég það fyrir mér. Kannski er það kennarablóðið sem þar spilar inn í. Mitt sérsvið er útsaumur og ég gæti saumað refilinn ein en ég er alltof félagslynd til þess.

Það var kona í Frakklandi sem saumaði 58 metra langan refil á sextán árum og hún saumaði í þrjá klukkutíma á hverjum einasta degi í sextán ár. Ég held ég mundi ekki nenna því. Hún var algerlega einangruð, þeir sem komu að skoða verkið máttu sjá hana í fjarska. Það ætti ekki við mig! Trúlega hef ég samt saumað mest af þessum refli og svo samstarfskonur mínar en danskir nemendur eru líka drjúgir. Hann er þekktur í Danmörku þessi refill og Danir eiga örugglega fimm prósent af honum.“



Húsbúnaður Elínar Briem, gefinn af erfingjum, er í sérstakri stofu.

> ÉG HÉLT Á TÍMABILI AÐ ÁSTRALÍA HLYTI AÐ VERA BARA HÉRNA HINUM MEGIN VIÐ ÁNA!



Við einn af mörgum vefstólum hússins situr listakonan Angie To.

Bandið sem notað er til útsaumsins er íslensk lambsull sem var sérvalin í Ullarþvottastöðinni, að sögn Jóhönnu. „Mest af ullinni kemur úr Eyjafirðinum og við Kristín Helga völdum litina, þeir eru samkvæmt útsaumspakkningu frá Bayeux, því lok Vatnsdælasögu eru um 1030, nánast á sama tíma og Bayeux-refillinn er gerður. Það veit reyndar enginn í dag hvernig litirnir í honum voru upphaflega, því auðvitað hafa þeir fölnað, en þetta er það sem fólk getur sér til um. Fyrst Bayeux-refillinn hefur varðveist í aldir hlýtur Vatnsdalsrefillinn að gera það líka. Hugmynd mín er sú að þegar hann verður tilbúinn verði hann hengdur upp við Þingeyrarkirkju, trúlega verður að byggja sérstakt hús, þar mega ekki vera gluggar, heldur ákveðin lýsing og ákveðið rakastig. Á Þingeyrum var fyrsta munkaklaustur landsins reist árið 1133 og rekið til siðaskipta og árið 1270 er talið að Vatnsdælasaga hafi verið skrifuð þar. Fyrir mér væri það eins og að koma Vatnsdælu heim aftur sem þakklæti fyrir uppfóstran mína og fjölskyldu minnar í héraðinu.“

Í Minjastofu Kvennaskólans

Nú kveðjum við Vatnsdalsrefilinn og höldum upp á loft, eftir viðartröppum með sterkum vígindum. Á göngum efri hæðar hanga skólaspjöld með myndum af námsmeyjum Kvennaskólans og fleira minnir á upphaflegan tilgang hússins. Í Minjastofunni eru sýnishorn af fatnaði, útsaumi og vefnaði, myndir úr eldhúsi og munir sem tilheyrðu bók- og tónlistarnámi, allt minnir það á aðalnámsgreinar skólans. Mynd af Birni Sigfússyni (1849-1932) á Kornsá hangir uppi, hann var hugmyndasmiður að skólanum, að sögn Jóhönnu. „Björn fékk hugmyndina vegna þess að móðir hans kunni að lesa en ekki skrifa. Hann sagði: „Allar dætur mínar skulu læra að skrifa.“ Skólinn var fyrst á tveimur stöðum í Vatnsdal, Undirfelli og Lækjarmóti, áður en hann fór að Ytri-Ey, milli Skagastrandar og Blönduóss, en síðan var byggður stór skóli hér 1901. Hann brann í febrúar 1911 og í október 1912 var byrjað að kenna í þessu húsi, þannig að það hefur verið tekið á því. Þá bjuggu flestir enn í torfbæjum en það þótti mikið framfaramál að stúlkur fengju menntun og allir lögðust á árar,“ lýsir Jóhanna og heldur áfram: „Félagsskapur sem heitir Vinir kvennaskólans sér um eigur hans og á þeirra vegum er Iðunn Vignisdóttir sagnfræðingur að skrifa sögu skólans, því hann var mikil menningarstofnun.“

Í einni stofunni eru mublur Elínar Rannveigar Eggertsdóttur Briem sem var fjórum sinnum skólastjóri Kvennaskólans, síðast 1915. Til eru myndir af þessum húsgögnum frá því upp úr 1900 í stofu Elínar á Sauðárkróki, að sögn Jóhönnu. „Elín giftist ekki en ól upp systurson sinn og afkomendur hans, sem bjuggu í Þýskalandi, buðu fram mublurnar hennar, létu gera þær upp og flytja á sinn kostnað hingað heim að dyrum.“

Dúkkuföt af fínni gerðinni

Við erum komin í listamiðstöðina, þar er oft fremur fámennt í desember, að sögn Jóhönnu, og þannig er það nú, hinn hollenski leikbúningahönnuður Minne De Lange hefur dvalið í tvo mánuði og situr við að sauma og prjóna afar fínleg dúkkuföt. Hann prjónar á prjóna númer eitt og þráðurinn er fínni en tvinni. 100 korselett eru á verkefnaskránni, sum með skjörtum, 65 eru tilbúin. „Þetta er söfnunarvara, rándýr. Fólk sem á haug af peningum safnar dúkkum sem þessi föt passa á og Lange hefur ekki undan að framleiða og selja á netinu gegnum heimasíðu sína,“ segir Jóhanna. „Þetta er í þriðja skipti sem hann kemur – margir koma aftur og aftur því þeim líður vel hér. Þýsk veflistakona kemur til dæmis nú á nýju ári, hún er held ég að koma í sjötta sinn. Við erum afar heppin með fólk. Höfum til dæmis verið með marga flotta prófessora, sérstaklega frá Bandaríkjunum, Kanada og Ástralíu. Ég hélt á tímabili að Ástralía hlyti að vera bara hérna hinum megin við ána!“

Í vefstofunni situr listakonan Angie To, við einn stólinn, hún skýtur skyttunni fimlega milli skila og slær vefinn þess á milli. Nýjasti vefstóllinn sem er stafrænn er þó ekki í þessari stofu, í hann fer enginn nema að hafa fengið tilsögn hjá Ragnheiði Björk Þórsdóttur sem var að gefa út vefnaðarbók, hún er sú eina sem kann á hann til hlítar, að sögn Jóhönnu. „Þetta er eini stafræni stóllinn á landinu en við erum að reyna að fjármagna kaup á öðrum og erum komin hátt í hálfa leið. Við teljum svo mikilvægt að koma þessari stafrænu tækni inn í þekkinguna.

Einu sinni þótti málaralistin flottust en textíllistin neðst en unga fólkið sem kemur hingað lítur ekki á listina í einhverjum lögum. Fyrir því er sköpun listarinnar aðalatriðið og það notar þá aðferð sem því hentar best.“

Háls

MOLAR

NÓI SÍRÍUS

Meðal okkar allra



Njóttu þess að ferðast um íslenska náttúru og taktu inn allt það góða sem hún hefur að bjóða, á meðan ferskur andvari fyllir vitin og hreinsar hugann. Mundu bara að búa þig vel og halda hálsinum í lagi með bragðgóðum, fyrirbyggjandi hálsmolum. Nú í endurlokanlegum umbúðum — fyrir umhverfið.

Háls, meðal okkar allra.

HÚSASMIÐJAN

ÚTSALA



40% afsláttur

3.295kr

~~5.495kr~~

Verkfærataska 22"
N22APP 22", 550 mm.
5024526



40% afsláttur

16.795kr

~~27.995kr~~

Verkfæravagn T Big Red
Verkfæravagn á hjólum. 520x320x720 mm.
5024549



30% afsláttur

7.276kr

~~10.395kr~~

Jotun vegg- og loftamálning
Einstök málning sem hentar bæði á loft og veggi. Auðveld í notkun, þekur vel og gefur góða útkomu.
7119784

Gerðu frábær kaup

Seríur og jólaljós 50% • Jólavörur 50% • Verkfæratöskur 30-50%
NEO topplyklasett 30-35% • Rafmagnsverkfæri 20-40% • Mottur 30%
Strauborð og straujárn 20-40% • Sturtusett og salerni 25-40% • Baðvogir 25%
Smáraftæki 20-40% • Örbylgjuofnar 20-40% • Þvottavélar og þurrkarar 20-28%
Pottar og pönnur 20-30% • Matarstell, bollar og eldúsáhöld 30-50%
Parket 25-40% • Flísar 25% • Blöndunartæki 25-40% • Smáhlutabox 20-50%
Loftpressur (Stanley) **25% • Ryksugur 20-30% • Glös og diskar 30%**
Bökunarvörur 20% • Barnavörur og bílstólar 25% • Moppur og kústar 35%
Geymslukassar og plastbox 25% • Eldavélar 20% • Mottur 30%
Hillurekkar (Avasco) **25% • Moppur og kústar 25% • Hreinsiefni 25%**
Viftur og gufugleypar 25% • Slökkvitæki og reykskynjarar 25% • Hnífapör 30%
Vinnufatnaður 20-25% • Herðatré 30-50% • Uppþvottavélar 20%
Skálar og eldföst mót 30% • Háþrýstidælur 25% • Gasgrill (Broil King) **30%**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Gildir ekki af tilboðsvörum og „lægsta lága verði Húsasmiðjunnar."

100 blaðsíðna
RISA útsölublað
Húsasmiðjunnar er á **husa.is**



ÚTSALA



28% afsláttur

Electrolux

49.990kr

~~69.990kr~~

Þurrkari, barkalaus
Þurrkari EW2C327R1, Tekur 7 kg, orkuflokkur B, Stærð: 85x59,6x57 cm, 67dB Tromla, 104 ltr.
1835643



33% afsláttur

HiKOKI
HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS

29.995kr

~~44.995kr~~

Borvél 18V + 100 fylgihlutir
2 stk., 1.5Ah Li-ion rafhlöður, 13 mm patróna, mótorbremsa, 22 átaksstillingar, hersla 52Nm, hleðslutími 35 mín., snúningur 0-450/1250 mín, þyngd 1,7 kg.
5247080



40% afsláttur

BLACK+DECKER

14.995kr

~~24.995kr~~

Borvél 18V + 80 fylgihlutir
2 stk., 18V (1.5Ah) Li-ion batterí og hleðslutæki, LED ljós, 40Nm, 10 mm patróna.
5245561



20% afsláttur

Electrolux

47.920kr

~~59.900kr~~

Þvottavél 1200 sn., 7kg
Þvottavél EW6S427W, tekur 7kg og með A+++ orkunýtingu. BarnalæsingTime manager Fuzzy Logic LCD upplýsingaskjár. Hljóðstyrkur 58 dB en 77 dB við þeytingu.
1805436



40% afsláttur

damixa™

8.590kr

~~14.425kr~~

Handlaugartæki
Damixa Pine.
8000033



35% afsláttur

NEO TOOLS

5.845kr

~~8.995kr~~

Topplyklasett
NEO, 1/4", 46 stk., toppar 4-14 mm.
5052516



30% afsláttur

Electrolux

11.893kr

~~16.990kr~~

Ryksuga
PF1SPEEDY.
1809141



20% afsláttur

KÄRCHER

Þráðlaus

35.992kr

~~44.990kr~~

Skúringarvél
Nýjasta kynslóðin frá Kärcher, nú hlaðanleg og því án snúru. Kärcher FC3 er hin fullkomna lausn fyrir auðveld og snögg þrif á parketi og flísum.
1841195



25% afsláttur

avasco

5.245kr

265 kg HVER HILLA

~~6.995kr~~

Hillurekki Strong 265 Galva
Stærð: 180x90x45 cm, 5 hillur, hver hilla ber 265 kg.
5803674



30% afsláttur

Electrolux

4.193kr

~~5.990kr~~

Gufustraujárn
EDB1740LG.
1829273



50% afsláttur

2.828kr

~~5.655kr~~

Matarstell
12 stk.
2009000



30% afsláttur

1.955kr/m²

~~2.795kr/m²~~

Harðparket 8 mm
Pine Farco Vivid, 193x1383 mm, 4V.
147025

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

4. JANÚAR 2020 LAUGARDAGUR

†



Ástkær faðir okkar og tengdafaðir,

Tómas B. Guðmundsson

Lýsubergi 13,
Þorlákshöfn,

sem andaðist laugardaginn 28. desember, verður jarðsunginn frá Kotstrandarkirkju, Ölfusi, fimmtudaginn 9. janúar, kl. 14. Þeim sem vilja minnast hans, er bent á líknarfélagið Alfa.

Pálína I. Tómasdóttir
Sigríður Tómasdóttir
Víðir Tómasson
Guðmundur Smári Tómasson
Ragnheiður Tómasdóttir
J. Brynja Tómasdóttir
Sigurjón Bergsson
Árni I. Sigvaldason
Elísabet Guðmundsdóttir
Sigríður Ósk Zoëga Sigurðardóttir
Brynjólfur Magnússon
Helgi Helgason
og fjölskyldur.

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Magnhildur Sigurðardóttir

frá Efsta-Dal,

lést fimmtudaginn 2. janúar. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni, föstudaginn 10. janúar kl. 13.00.

Sigurður Sigurðsson
Jórunn Sigurðardóttir
Sigrún Sigurðardóttir
Jón Sigurðsson
Hilmar Steinar Sigurðsson
Sigurður K. Eggertsson
Þröstur Þorvaldsson
Ingibjörg Þóra Arnarsdóttir
Þórdís Sigurðardóttir
Jóhanna Ellý Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Hrafnhildur Ingólfsdóttir

sjúkraliði,

lést 28. desember eftir stutt veikindi. Útför fer fram 8. janúar kl. 13.30 frá Akureyrarkirkju.

Hreiðar Jónsson
Ingólfur Hreiðarsson
Svanborg Ísberg
Hadda Hreiðarsdóttir
Hildur Ýr, Hjörtur Jónas, Ævar Hrafn, Fanney Þorbjörg, Hrafnhildur Magnea, Hreiðar Nói, Una Barbara, Benjamin Mio og Benedikt Ásgeir

†



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Arnhildur Jónsdóttir

Kópavogsbraut 1a,
Kópavogi,

lést 26. desember sl. á líknardeildinni í Kópavogi. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 10. janúar kl. 15.00.

Sigurður Kjartansson
Helga Sigurðardóttir
Kjartan Örn Sigurðsson
Svanborg Matthíasdóttir
Sigurborg Sigurðardóttir
Sigurður Þorsteinsson
og ömmubörn.

†



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Þóra Alberta Guðmundsdóttir

kennari,
Glæsibæ 9, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut, laugardaginn 21. desember. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju, mánudaginn 6. janúar kl. 13.00.

Bjarni Sighvatsson
Kristján Guðni Bjarnason
Ásdís Pétursdóttir
Ingimar Guðjón Bjarnason
Sólveig Fríða Jóhannsdóttir
og barnabörn.

Skipulagði listasýningu í stað veislu á stórafmælinu

Álfheiður Erla Sigurðardóttir fagnar sjötugsafmæli sínu í dag, laugardaginn 4. janúar. Hún hefur leiðbeint eldri borgurum með handverk í þrjá áratugi og nýtt frítíma sinn í margs konar listsköpun. Ástvinir hvöttu hana til að skipuleggja sína fyrstu sýningu.

Álfheiður Erla Sigurðardóttir heldur upp á sjötugsafmæli sitt með óhefðbundnum hætti. Í stað þess að boða til veislu ætlar hún að setja upp sína fyrstu listsýningu í safnaðarheimili Grafarvogskirkju. Listsýningin mun aðeins vara þennan eina dag.

Í rúm þrjátíu ár hefur Álfheiður starfað í félagsstarfi aldraða og leiðbeint þeim með margs konar handverk. „Ég hef kynnst yndislegu fólki í þessu hlutastarfi mínu sem ég er þakklát fyrir," segir Álfheiður. Hún hefur komið að fjölbreyttum sýningum á handverki eldri borgara en aldrei sett upp sýningu á eigin verkum, þar til nú.

„Ég efast stórlega um að ég hefði látið slag standa ef ekki væri fyrir hvatningu og stuðning minna nánustu. Dóttir mín starfar sem markþjálfi og hefur leynt og ljóst verið að markþjálfa mig. Það er kannski kveikjan að þessu," segir Álfheiður og hlær. Hún segist eiga marga góða að en vinir og vandamenn hafa hjálpað henni við að setja upp sýninguna síðustu daga.

Álfheiður segist hafa haft brennandi áhuga á hvers konar listsköpun frá barnsaldri en hafi átt erfitt með að einbeita sér að tilteknu listformi. „Ég hefði örugglega verið greind ofvirk og með athyglisbrest. Ég hef áhuga á öllu og hef alltaf haft mikla þörf til þess að stússast í einhverju og að skapa," segir hún.

Afleiðingin er sú að sýningin er afar fjölbreytt. „Ég hef ekki tölu á öllum verkunum en þetta er bara hluti þeirra. Ég hef gefið mikið af verkum og selt nokkur," segir Álfheiður. Nánar er rætt við handverkskonuna á vef Fréttablaðsins. **– þþ**



Álfheiður Erla Sigurðardóttir hefur ekki tölu á þeim fjölda verka sem eftir hana liggja. Hún hefur haft áhuga á listsköpun frá barnsaldri og alltaf verið að skapa.

†



Ástkær eiginmaður minn,

Vilhjálmur Húnfjörð

lést í faðmi mínum á nýársdagsmorgun.

Elma Diego

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Hilmar Þorkelsson

Vogatungu 75, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans á gamlársdag, 31. desember 2019. Útför hans fer fram frá Lindakirkju miðvikudaginn 8. janúar kl. 13.00.

Guðlaugur Ævar Hilmarsson
Jóhannes Ævar Hilmarsson
Berglind Jóhannsdóttir
Sverrir Ævar Hilmarsson
Steinunn Sigríður Jakobsdóttir
Jakob Ævar Hilmarsson
Kristín Þorsteinsdóttir
Hilmar Ævar Hilmarsson
Anna Heiða Pálsdóttir
Kristinn Ævar Hilmarsson
Suwanna Munthong
barnabörn og barnabarnabörn.

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Elín Jónsdóttir

kennari,
til heimilis að dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,

lést annan jóladag.
Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 7. janúar kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

Aníta L. Þórarinsdóttir
Jón Helgi Þórarinsson
Erna Þórarinsdóttir
Ingibjörg Svafa Siglaugsdóttir
og fjölskyldur.

†



Okkar ástkæra og yndislega móðir,

Guðrún Soffía Jónsdóttir

Grensásvegi 60,

varð bráðkvödd á jóladagskvöld. Jarðarförin fer fram frá Guðríðarkirkju þriðjudaginn 7. janúar, klukkan 13.00.

Arna Jóna Backman, Guðjón Broddi Backman, barnabörn og barnabarnabörn.

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Guðjón Haraldsson

Bjarkargrund 42, Akranesi,

lést á Landspítalanum, fimmtudaginn 26. desember. Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 9. janúar kl. 13.00.

Herdís Magnúsdóttir
Jón Magnús Guðjónsson
Sigríður Guðjónsdóttir
Brynjólfur Sigurvinsson
og barnabörn.

†



Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir afi og langafi,

Ragnar Gunnlaugsson

Hátúni,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 30. desember. Útförin fer fram frá Glaumbæjarkirkju 10. janúar kl. 14.00.

Björg Baldursdóttir
Finna Guðrún Ragnarsdóttir
Garðar Smárason
Valgarður Ingi Ragnarsson
Jórunn Sigurðardóttir
Ragna María Ragnarsdóttir
Guðmundur Hreinsson
afa- og langafabörn.



Innilegar kveðjur og þakklæti til allra þeirra sem sýndu okkur hluttekningu og væntumþykju við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, sonar, tengdasonar og bróður,

Höskuldar Kristjáns Guðmundssonar

Víðigrund 8,
Akranesi.

Umhyggjan yljar og líknar.

Kristjana Jóna Jóhannsdóttir
Jóhann Úlfar
Lilja Dís
Hafliði Már
Hulda Sigríður
Guðmundur Þ. Friðjónsson
Sigríður Illugadóttir
Hulda Ágústsdóttir
og systkini.



Ástkær sambýlismaður minn og besti vinur, faðir okkar, tengdafaðir, stjúpfaðir, afi og langafi,

Richard Dawson Woodhead

útfararstjóri,
Kirkjuteigi 1, Keflavík,

lést á gjörgæslu Hospiten á Tenerife föstudaginn 27. desember. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, fimmtudaginn 16. janúar kl. 13.00.

Margrét Pétursdóttir
Kristín Richardsdóttir
Aðalsteinn H. Jónatansson
Agnes Ásta Woodhead
Einar Gunnar Einarsson
Frank Dawson Woodhead
Bennie May Wright
Lára Gestrún Woodhead
Ólafur Tryggvi Eggertsson
stjúpbörn, afabörn og langafabörn.



Okkar ástkæri,

Hörður Einarsson

Skipalóni 7, Hafnarfirði,

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi að morgni 24. desember. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 17. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Fríkirkjunnar í Hafnarfirði eða Heru líknarþjónustu.

Ólöf Þórólfsdóttir
Einar Þór Harðarson
Auður Kristín Árnadóttir
Signý Dóra Harðardóttir
Einar Ragnarsson
Jóna Margrét Harðardóttir
Björn Freyr Björnsson
Ragnar Þór Harðarson
Hanna María Óskarsdóttir
barnabörn og aðrir ástvinir.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Pálína Pálsdóttir

áður til heimilis að
Reynihvammi 35 í Kópavogi,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 28. desember.
Útförin fer fram frá Digraneskirkju 24. janúar kl. 11.00.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hrafnistu fyrir hlýhug og góða umönnun. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarkort Hrafnistuheimilanna.

Sólrún Bragadóttir
Sigurður Friðriksson
Árni Bragason
Anna Vilborg Einarsdóttir
Guðbjörg Bragadóttir
Kristján Guðmundsson
Þorvaldur Bragason
Narelle Jenifer Bragason
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir sýnda samúð og hlýhug við andlát elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Ólafíu Birnu Brynjólfsdóttur

sem lést þann 3. desember 2019.
Jarðarförin hefur farið fram.
Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítalans í Kópavogi og heimaþjónustu Heru fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Ragnheiður M. Júlíusdóttir
Björn Þór Reynisson
Brynjólfur Viðar Júlíusson
Svana Hansdóttir
Ásdís Hrönn Júlíusdóttir
Þórarinn M. Friðgeirsson
Bjarki Már Júlíusson
Erla Fanney Þórisdóttir
ömmu- og langömmubörnin.



Okkar yndislegi, heittelskaði sonur, bróðir, mágur og frændi,

Páll Þorsteinsson

tónlistarmaður,
(Guli drekinn)

varð bráðkvaddur að heimili sínu þann 24. desember. Útförin fer fram í Fríkirkjunni í Reykjavík, mánudaginn 6. janúar kl. 13.00.

Kristín Árnadóttir
Þorsteinn Pálsson
Eva Þorsteinsdóttir
Hulda Sif Þorsteinsdóttir
Erlendur Þór Gunnarsson
Selma Rut Þorsteinsdóttir
Árni Davíð Skúlason
Fanný Hrund Þorsteinsdóttir
Magni Kristjánsson
og systrabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

Kristinn Björnsson

flensari,

sem lést sunnudaginn 22. desember verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju í Saurbæ, Hvalfjarðarsveit, föstudaginn 10. janúar klukkan 12. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á að styrkja starfsemi SÁÁ.

Sigríður Björk Kristinsdóttir
Ægir Jóhannsson
Brynjar Atli Kristinsson
Karen Svava Guðlaugsdóttir
Sigfús Helgi Kristinsson
Hulda Ólöf Einarsdóttir
Helga Margrét Kristinsdóttir
Sveinn Karlsson
Kristín Hlíf Kristinsdóttir
og aðrir aðstandendur.



Ástkær faðir okkar,

Sverrir Ólafsson

myndhöggvari,

lést á heimili sínu þann 30. desember síðastliðinn. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 8. janúar klukkan 13.00.

Ólafur Gunnar, Hákon Sverrir, Erik Edward, Katrín Nicola, Jón Ferdínand, Henning Hrafn
Sverrisbörn



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir, afi og langafi,

Helgi Skúlason

húsasmíðameistari,
Löngumýri 31, Garðabæ,

lést á Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili Akranesi, 17. desember síðastliðinn.
Útför hans fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ þriðjudaginn 7. janúar klukkan 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Helga er bent á Alzheimersamtökin sem eru samtök heilabilaðra og aðstandenda þeirra.

Fríða Proppé
Helgi Skúli Helgason
Ölrún Marðardóttir
Halldóra Gyða Matthíasd. Proppé
Óli Svavar Hallgrímsson
Jóhannes Fr. Matthíasson
barnabörn og barnabarnabarn.



Okkar yndislega, heittelskaða eiginkona, mamma, dóttir, systir, mágkona, barnabarn, tengdadóttir, frænka og vinkona,

Berglind Rósa Jósepsdóttir

(Begga Jobba)
Grundarfirði,

lést á Landspítalanum í faðmi fjölskyldunnar 30. desember. Útför hennar fer fram frá Grundarfjarðarkirkju laugardaginn 11. janúar klukkan 13.
Innilegt þakklæti til starfsfólks krabbameinsdeildar Landspítala og Krafts, stuðningsfélags fyrir ungt fólk með krabbamein, fyrir samfylgd, hjálp og umönnun.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Beggu er bent á skíðadeild UMFG í Grundarfirði, 0321-13-110106, kt. 630189-2689.

Sigurbjörn Z. Hansson
Hans Bjarni Sigurbjörnsson
Magni Rúnar Sigurbjörnsson
Jósep Magnússon
Anna Guðrún Aðalsteinsdóttir
Aðalsteinn Jósepsson
Heiðrún Hallgrímsdóttir
Guðrún Jóna Jósepsdóttir
Tómas Freyr Kristjánsson
Magnús Jósepsson
Dagný Ósk Guðlaugsdóttir
Júlíus Arnar Jósepsson
Arndís Jenný Jósepsdóttir
og aðrir aðstandendur.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Þorkell Magnússon

útibússtjóri,
áður til heimilis að Melhaga 8,
Reykjavík,

lést á dvalarheimilinu Grund þann 12. desember síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Grundar fyrir kærleiksríka umönnun. Þeim sem vildu minnast hans er bent á dvalarheimilið Grund.

Magnús, Ásta María, Sigríður Margrét og fjölskyldur



Okkar ástkæra
Didda,

Gíslína Þórarinsdóttir

áður til heimilis að
Litlagerði 14 í Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík sunnudaginn 29. desember. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 8. janúar kl. 13.
Þeim sem vildu minnast hennar er bent á minningarsjóð Hrafnistu.

Guðbjörg Gunnarsdóttir
Ólafur Guðjónsson
Arnar Þór Gunnarsson
Ester Guðbjörnsdóttir
Harpa Gunnarsdóttir
Guðmundur Baldursson
Magnús Gunnarsson
Margrét B. Jóhannsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

Kjartan Bjarni Kristjánsson

Norðurbyggð 31,
Akureyri,

lést föstudaginn 20. desember á dvalarheimilinu Hlíð.
Útför hans verður gerð frá Akureyrarkirkju mánudaginn 6. janúar kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Gjafasjóð öldrunarheimila Akureyrar (Skógarhlíð).

Sigríður Kjartansdóttir
Kristján Þórhallur Halldórsson
Kjartan Bjarni Kristjánsson
Erla Sara Svavarsdóttir
Guðrún Kristjánsdóttir
Auður Kristjánsdóttir
Magnús Finnsson
Ingunn Jóhanna Kristjánsdóttir
Halldóra Laufey Kjartansdóttir



Eiginmaður minn,

Hreinn Hauksson

Bræðratungu 11,
Kópavogi,

lést laugardaginn 21. desember.
Að ósk hins látna hefur útförin farið fram í kyrrþey og minningargreinar afþakkaðar.

Ragnheiður Þorbjörnsdóttir
börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Elinborg Benediktsdóttir

Álftahólum 6, Reykjavík,
áður búsett á Blönduósi,

lést að Mánateig, Hrafnistu í Reykjavík þann 26. desember 2019. Útför hennar verður gerð frá Seljakirkju föstudaginn 17. janúar kl. 13.00.

Börn hinnar látnu,
Sigurbjörg, Benedikt, Sigurjón, Hörður, Kristbjörg Róselía, Guðrún, Guðríður, Páll Valdimar, Kjartan Ólafsbörn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn,

Birgir Marinósson

lést á öldrunarheimilinu Hlíð fimmtudaginn 26. desember.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Anna María Jóhannsdóttir

Konráð og félagar á ferð og flugi

385

„Jæja þá, tvær nýjar sudoku gátur,“ sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku gátur að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa þær,“ bætti hún við. „Allt í lagi,“ sagði Konráð. „Til er ég.“ Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við þær báðar og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin,“ sagði hún. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár,“ sagði Kata montin. „Við getum byrjað á þessari léttari,“ sagði Lísaloppa. „Þeirri léttari fyrst,“ sagði Kata hneyksluð. „Ekki ég, ég byrja á þeirri erfiðari fyrst,“ sagði hún og glotti. „Ég yrði fljótari en þið bæði til samans þótt þær væru báðar þungar.“ Kata var orðin ansi klár. En skyldi hún vera svona klár?


				9			8	
		2	8	1		5		7
5					4	3	2	1
					6			9
9				3	5		7	2
8	2					6	3	
7		8						
			4				6	
	5	4				7	1	

	2	3			5			
		8		1			5	9
5	1		9	6	7		3	
2			5		1			
3			6	7		8		5
		9		8		3		
	7			9			8	
1			4					
		2		5		9		1




Brandarar

Í dýrabúðinni: „Ég ætla að fá fuglafræ.“ „Hvað áttu marga fugla?“ „Enga enn, en ég ætla að sá fyrir nokkrum.“



Einu sinni voru tveir vitlausir karlar að hjálpast að við að þvo bíl. – Annar hélt á tuskunni og hinn keyrði bílinn fram og til baka.



Tvær slöngur voru eitt sinn saman úti að skríða þegar önnur þeirra spurði: „Erum við eiturslöngur?“ „Já, hvers vegna spyrðu?“ „Ég beit í tunguna á mér.“

Hvað hefur tólf fætur, sex augu, þrjú skott og sér ekki neitt? – Þrjár blindar mýs.

Listaverkið



Gunnþóra Rós Gunnarsdóttir teiknaði þessa mynd af jólasveinum á leið heim til sín að lokinni árlegri vertíð.



Benný Sif er þjóðfræðingur að mennt og hefur áhuga á þjóðsagnaverum eins og jólasveinum og álfum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Færa álfunum matargjafir

Þrettándinn er á mánudaginn, þá syngjum við um álfa. Benný Sif Ísleifsdóttir, þjóðfræðingur og rithöfundur, er sérfróð um þann þjóðflokk, hún er nýbúin að skrifa bókina Álfarannsóknin.

Benný, er langt síðan þú fékkst áhuga á álfum? Í fyrra gaf ég út bók sem heitir Jólasveinarannsóknin og íslensku jólasveinarnir tilheyra þjóðtrúnni. Svo ég vildi halda mig við það að skrifa um þjóðsagnaverur. Ég þurfti ekki lengi að hugsa mig um hverjar ég ætti að taka fyrir næst því fyrir nokkrum árum keypti vinafólk okkar gamalt hús, gerði það upp og stækkaði. En þegar þau fluttu inn í húsið, fimm manna fjölskylda og hundur, þá urðu þau vör við ýmislegt skrítið.

Eins og hvað? Það fyrsta sem þau tóku eftir var að hundurinn vildi ekki koma inn í nýbygginguna, þar var eldhús og hluti af stofunni. Svo var líka dálítið rugl á nýjum rafmagnstækjum, það var að slokkna og kvikna á viftunni, samt þurfti að ýta á takka til að kveikja á henni.

En dularfullt. Já, svo var eitthvað skrítið með tölvuskjáinn líka. Stundum kviknaði á honum þó enginn væri í tölvunni. En aðallega var það nú undarlegt háttalag hundsins sem vakti athygli.

EN ÞEGAR ÞAU FLUTTU INN Í HÚSIÐ, FIMM MANNA FJÖLSKYLDA OG HUNDUR, ÞÁ URÐU ÞAU VÖR VIÐ ÝMISLEGT SKRÍTIÐ.

Heldurðu að álfarnir hafi verið að stríða þeim? Það kom til þeirra kona sem vissi lengra en nef hennar náði og hún taldi að þau hefðu flutt inn á svæði álfa og það virðist passa miðað við örnefni í kring. Hún ráðlagði þeim að færa álfunum matargjafir. Þau gera það kring um hátíðar, eins og jól og áramót, enda höfðu þau alls ekki viljað eyðileggja neitt fyrir álfum. Nú er allt orðið með kyrrum kjörum og hundurinn þorir um allt hús. Svo eru fleiri sögur sem ég flétta inn í bókina.

Er Álfarannsókin barnabók? Ég hugsaði hana fyrir börn á aldrinum átta til tólf ára en mér hefur verið bent á að hún sé líka fyrir fullorðna og jafnvel eldri borgara.

ht.is

RISA ÚTSALA!

MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR – ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR!

TAKMARKAÐ MAGN!
SJÁÐU ALLT ÚRVALIÐ Á HT.IS

Heimilistæki

REYKJAVÍK AKUREYRI REYKJANESBÆR SELFOSS EGILSSTAÐIR HÚSAVÍK AKRANES

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI!

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
1 °C 17 ↖	-5 °C 8 ↖	0 °C 7 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-1 °C 9 ↑	0 °C 11 ↖	-5 °C 18 ↑

Gengur í suðaustan 18-25 með snjókomu og síðar slyddu eða rigningu. Snýst í suðvestan 10-18 seinnipartinn með skúrum eða slydduéljum sunnan- og vestanlands. Hlýnandi veður, hiti 2 til 7 stig undir kvöld.

	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
Reykjavík	4 °C 10 ↗	2 °C 6 ↘	2 °C 7 ←	-3 °C 8 ↗	-3 °C 5 ↑
Ísafjörður	0 °C 22 ↗	-2 °C 2 ↘	-2 °C 5 ←	-5 °C 5 ↗	-7 °C 3 ↑
Akureyri	2 °C 16 ↗	-4 °C 2 ↗	-6 °C 0 ○	-8 °C 4 ↗	-7 °C 2 ↑
Egilsstaðir	2 °C 6 ↑	2 °C 4 ↑	-1 °C 2 ↓	-5 °C 7 ↗	-7 °C 4 ↑
Kirkjubæjarklaustur	1 °C 7 ↗	2 °C 7 →	2 °C 4 ←	-3 °C 4 ↗	-5 °C 2 ↗
Hveravellir	-4 °C 15 ↑	-2 °C 10 ↘	-4 °C 2 ↘	-9 °C 9 ↑	-9 °C 7 ↑







Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

NIÐURSUÐUDÓS

D	A	G	S	K	R	Á	■	Ú	■	S	■	Ó	■	U	P	P	I	N	N
Í	■	E	■	L	■	V	O	T	L	E	N	D	I	N	■	R	■	I	■
L	Ý	Đ	R	Æ	Đ	I	■	F	■	N	■	Æ	■	G	R	Ó	S	K	A
A	■	V	■	Đ	■	N	■	A	F	D	Ö	L	U	M	■	F	■	K	■
S	K	O	T	A	R	N	I	R	■	I	■	D	■	E	I	M	B	A	Đ
K	■	N	■	F	■	I	■	A	L	B	Ú	I	N	N	■	Á	■	R	■
A	F	S	T	A	Đ	N	A	R	■	Í	■	N	■	N	Ú	L	L	A	R
R	■	K	■	L	■	G	■	M	Á	L	F	A	R	I	Đ	■	Í	■	Æ
F	L	U	G	L	E	I	Đ	A	■	■	I	■	Á	N	A	F	N	I	Đ
■	É	■	A	■	■	N	■	R	I	S	T	U	Đ	■	K	■	U	■	U
U	T	A	N	Þ	I	N	G	S	■	■	A	■	A	■	Ú	T	L	Á	N
■	T	■	G	■	N	■	E	■	E	I	N	H	L	Í	T	■	E	■	N
S	M	Á	L	E	N	D	I	N	G	■	D	■	A	■	A	R	G	R	I
■	Á	■	I	■	L	■	M	■	G	E	I	R	U	M	■	É	■	Ö	■
K	L	Á	M	H	Ö	G	G	■	J	■	■	Ó	S	A	M	T	A	K	A
■	M	■	I	■	G	■	A	M	A	S	A	M	A	R	■	T	■	F	■
H	A	F	R	Æ	N	A	N	■	K	■	■	A	■	I	L	L	L	Æ	S
■	N	■	N	■	I	■	G	R	Ö	F	U	N	U	M	■	A	■	R	■
A	N	G	I	N	N	■	A	■	K	■	■	S	■	B	A	U	K	U	M
■	A	■	R	■	A	■	N	A	U	Đ	R	A	K	A	■	S	■	M	■

LAUSNARORÐ: Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem allir upplifa vonandi sem mest af á nýju ári. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 10. janúar næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „4. janúar“.





FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Hnífur** eftir **Jo Nesbø** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Gunnar Einarsson, Hafnarfirði.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Vilja ekkert frekar en aukablað nema helst stífan strák (7)
7 Var að vefa grjónastamp fyrir tvær á steypinum (8)
11 Úlfur mun bæta í blessað sólskinið (7)
12 Hve mikið af hertri kvoðu þarf í svona stuð? (7)
13 Ef þið bara haldið áfram að elska getur margt orðið betra (6)
14 Laxdælakappi eða strumpahatari? (7)
15 Hef keyrt maka minn um miðnætti og allt fór í rugl (9)
16 Of margar og magrar, segja þessi ómenni (6)
17 Loðna minnar lukku hefur átta fætur (7)
19 Fel bjúgu fyrir fjölda fólks að beiðni ættföðurins (9)
20 Hádegisverður er efst á dagskrá (7)
21 Sæt rola ruglar lesblinda í ríminu (7)
23 Þeim mun líka það illa ef þau kekkja sósuna (9)
28 Hitti Pálma pínulitla, hann færði mér pinna (7)
32 Morgunrölt fyrir alla aldursflokka (7)
34 Vendislanga veit á betri tíð: Hér verður hamingja (8)
35 Góð fiðla, Rolls Royce og elskhugar – þarf kona meira? (7)
36 Frábið mér hnjóðsyrði um hempuna góðu sem aldrei slitnar (7)
37 Flytja klúbb í Úlfarsárdal já, en hver á svo að borga? (8)
39 Sá gæfuríki fann krít í hafi (7)
40 Óttalegur skítaskratti, þessi bjalla (9)
44 Búnar, já, dánar eftir verulegar hrakfarir (9)
46 Leita enn lausnar á gátunni um tvílráðu börnin (6)
49 Glöggva mig á blómi kompáss (7)
50 Barnið sem fæstir vissu deili á var mest í því að láta illa (9)
51 Verða við bón um að hvíla hjá karli (6)
52 Ef ég let hin ljótu orð, þá mun vel spilast úr þessu (7)
53 Setur botn á bomsur og lóð við Sólbraut (9)
54 Borgar TR ugga, í þessari röð, ef fágæt skán birtist? (6)
55 Hér er pláss fyrir makráða og morgundaufa (7)

LÓÐRÉTT

1 Borgum Óðinsbur með peningum og horfnum risum (9)
2 Meginland hins mikla herra, Gil-Galads (9)
3 Séð hef ég drýsla stilla upp stólum til lengri tíma (7)
4 Grípa Knopfler og merkja: MK (9)
5 Hristingur varpar ljósi á þær sem hallast mest (10)
6 Hryggur og hryggur, hér eru nú Bifröst og Breiðablik (8)
7 Snæddu þessa snúru fyrir þær sem ganga með (6)
8 Þær eru í alvöru fínar þá mikið liggur við (9)
9 Formælingar stráks kalla á mikla fórn (9)
10 Kári stefnir vestur þótt sumum þyki það hljóma öfugt (9)
18 Setja út á sauðdrukkin og syndug hjú (9)
22 Sá gamli og galni til margra ára (7)
24 Þekkirðu krimma fyrir utan þennan molaræningja? (12)
25 Kostagripur þessi kanna sem rædd er í fjárlaganefnd (7)
26 Hef alið af mér kríli sem skakklappast um allt (7)
27 Hörð skel einkennir gjarnan menn í fjötrum (7)
29 Naga mig að kjarna vel nagaðrar hnetu (7)
30 Andstyggilegt eðli skýrir ódæði mitt (7)
31 Kemst ekki fram úr textanum um lífið í mónum (7)
33 Nudda Brahma eins og Gussa gerir (5)
38 Í jólagjöf fékk ég röndótt klæði og köku (8)
41 Það sem togar mest í mig er þetta slef (7)
42 Eru þau nógu lipur til að standa í lappirnar ef mikið gengur á? (7)
43 Klæði lúsablesana í gauðslitin fötin (7)
45 Er hægt að setja álegg á bragð? (6)
46 Sá er umvafinn ótta við sundurþykka menn (6)
47 Skal þá haukur vera kollóttur (6)
48 Þetta er næstum eins og gröf (6)

LÉTT

5		7	9	8			2	6
6		9	5				4	
8		2	7	6		5		
					9		3	8
2	6				1		7	4
3		4			6			
	8				5	7	6	
	5		2			3	1	

MIÐLUNGS

5	2		9		4			
3			2		6	8		4
		9					5	
8	9	3		6				
	4				5			
			4	2			6	
					1			6
1	5		3					
	3			8	9	5	7	

ÞUNG

				7	8		2	
1							6	
			1					7
7			4	6			9	3
8								
	6			9				2
	1	8	3					
4		6					5	
		3			1			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

3	1	7	2	5	8	4	6	9
8	2	4	9	1	6	7	3	5
6	9	5	7	3	4	2	1	8
5	7	9	3	8	1	6	2	4
4	6	1	5	2	9	3	8	7
2	8	3	4	6	7	9	5	1
7	5	6	1	9	2	8	4	3
9	3	8	6	4	5	1	7	2
1	4	2	8	7	3	5	9	6

4	2	9	5	7	1	6	8	3
5	1	3	8	9	6	7	2	4
8	6	7	2	3	4	9	1	5
